# FRÉTTABLAÐIÐ

69. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 22. MARS 2019




**Alþjóðlega Downs-deginum var fagnað með margvíslegum hætti. Það var sannarlega glatt á hjalla í veislusal Þróttara í Laugardalnum þar sem boðið var upp á afrískan dans undir dynjandi trommuslætti. Heiðursgestirnir voru auðvitað þeir sem dagurinn er helgaður og eins og sjá má á þessari mynd var gleði og hamingja við völd.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Verkfall Eflingar og VR hafið

**Sólarhringsverkfall félagsmanna Eflingar og VR á hótelum og hjá hópbílafyrirtækjum hófst á miðnætti. Deiluaðilar funduðu í um sjö klukkustundir í gær en trúnaður ríkir um allt sem viðkemur viðræðunum. Formaður Eflingar býst við svakalegum degi. Framkvæmdastjóri SA segir daginn hins vegar sorgardag.**

**KJARAMÁL** „Ég vona svo sannarlega að það komi ekki til átaka. En eins og ég met ástandið þá er stemningin því miður þannig að einhverjir aðilar virðast ætla að láta á það reyna að fremja það sem við skilgreinum sem verkfallsbrot,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, en sólarhringsverkfall félagsins og VR hófst á miðnætti.

Verkalýðsfélögin og Samtök atvinnulífsins (SA) hittust á fundi hjá ríkissáttasemjara klukkan tíu í gærmorgun og var áformað að fundað yrði í klukkustund. Eitthvað kom fram á fundinum sem breytti þeim áformum því ákveðið var að framlengja fundinn. Þurftu fjölmiðlamenn að víkja og máttu deiluaðilar ekkert tjá sig um viðræðurnar.



**Sólveig Anna Jónsdóttir**

> **Ég reikna með því að okkur muni berast ýmsar fregnir af alls konar rugli og vitleysu.**

Fundi lauk upp úr klukkan sjö í gærkvöld án þess að verkfalli væri frestað. Ekki hefur verið boðað til næsta fundar.

„Þetta fjölmiðlabann er þannig að það nær yfir allt sem viðkemur þessum viðræðum sem eru í gangi,“ segir Sólveig Anna.

Hún segir að Efling og VR verði að einhverju leyti með sameiginlega verkfallsvörslu í dag.

„Við munum fara á milli hótela og sinna eftirliti með rútum líka. Þegar kemur að hótelunum munum við náttúrulega sérstaklega fara á þau hótel sem gerðust sek að okkar mati um einhvers konar verkfallsbrot 8. mars.“

Eins og í verkfallinu fyrir tveimur vikum mun Efling standa fyrir dagskrá og aðgerðum í dag. Þannig verður samstöðufundur rútubílstjóra í Vinabæ og hótelstarfsfólk mun fara á milli hótela þar sem verða kröfustöður.

„Ég myndi ekki segja að ég væri sannfærð um það að dagurinn muni ganga eitthvað snurðulaust fyrir sig. Það er alls ekki tilfinningin sem ég er með. Ég reikna með því að okkur muni berast ýmsar fregnir af alls konar rugli og vitleysu.“

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir daginn sorgardag fyrir allt samfélagið í heild. „Það er sorglegt að VR af öllum stéttarfélögum landsins sé að grípa til verkfalla með Eflingu. Það er ljóst að ekki er einhugur innan VR um þessa aðferðafræði, enda var verkfallið samþykkt með minnsta mögulega mun.“

**– sar / sjá síðu 6**

## WOW air og Icelandair hefja viðræður á ný

**VIÐSKIPTI** Indigo Partners sleit í gær viðræðum við WOW air og hóf flugfélagið viðræður við Icelandair Group í staðinn. Þetta sagði í tilkynningu sem WOW air sendi frá sér í gærkvöld. Flugfélögin tvö miða við að viðræðum verði lokið á mánudaginn.

Stjórnarráðið sendi frá sér tilkynningu í kjölfarið þar sem sagði að stjórnvöld hefðu síðasta árið fylgst með erfiðleikum í alþjóðlegum flugrekstri og stöðu íslenskra flugfélaga í því ljósi. **– þea / sjá síðu 2**




**Skúli Mogensen**




## Veður




Suðvestan og sunnan 8-15 m/s og él. Víða léttskýjað á norðausturhorninu. Gengur í norðaustan 18-23 með slyddu eða snjókomu SA-til, en síðar einnig norðanlands með snjókomu og stórhríð á köflum. SJÁ SÍÐU 22



Facebook enn eina ferðina í klandri.

# Vistuðu ótal læsileg lykilorð

**TÆKNI** Facebook vistaði lykilorð hundraða milljóna notenda án nokkurrar dulkóðunar á eigin tölvukerfi. Þannig gat hver sá sem hafði aðgang að tölvukerfi fyrirtækisins og skrám innan þess fengið auðveldan aðgang að þessum lykilorðum.

Venjulega eru vistuð lykilorð dulkóðuð en vegna mistaka gátu um 20.000 starfsmenn fyrirtækisins einfaldlega lesið lykilorðin. Samkvæmt netöryggisrannsakandanum Krebs on Security er talið að lykilorð um 200 til 600 milljóna Facebook-notenda hafi verið vistuð á þennan hátt.

Facebook staðfesti fregnirnar í bloggfærslu í gær þar sem sagði að gallinn hefði uppgötvast í janúar en hefði nú verið lagfærður. Verið væri að vinna í því að láta viðkomandi notendur vita. „Til þess að það sé á hreinu þá voru lykilorðin aldrei sýnileg neinum utan Facebook og við höfum ekkert fundið sem bendir til þess að nokkur starfsmaður hafi misnotað aðstöðu sína og nýtt sér gallann,“ sagði í færslunni.

Heimildarmaður Krebs on Security sagði að skrár sýndu að um 2.000 starfsmenn hefðu sent um níu milljónir leitarbeiðna í gagnagrunninum sem inniheldur lykilorðin. Ekki liggur fyrir hvers vegna.

Þetta er ekki fyrsta öryggishneykslið hjá Facebook. Í október náði hakkari að stela persónulegum gögnum um 29 milljóna notenda og þá var greint frá því í nóvember að stolin, persónuleg skilaboð um 81.000 notenda væru til sölu á veraldarvefnum. **– þea**

## Vetur konungur minnir á sig



Því fer fjarri að vetur konungur hafi lagst í dvala. Undanfarna daga hafa vestlægar átti leikið um landið og þá er viðbúið að gangi á með éljum. Í dag mun síðan kröpp lægð ganga norður með austurströnd landsins og búast má við stormi víða um landið austanvert. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Biðla til bæja um pláss

**FÉLAGSMÁL** Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, biðlar nú til sveitarfélaga um að gera þjónustusamninga vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd sem bíða afgreiðslu umsókna.



**Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar.**

„Þjónustan snýr meðal annars að því að veita umsækjendum húsaskjól, fæði og félagslegan stuðning,“ segir í bréfi forstjórans sem kveður núverandi samninga við Reykjavík, Hafnarfjörð og Reykjanesbæ ekki duga „vegna fjölgunar umsækjenda síðustu mánuði“.

Verið sé að tala um 40 til 50 manns en semja megi um að tekið verði við færri. **– gar**






Stefnt er að því að ljúka viðræðum WOW air og Icelandair Group á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# WOW og Icelandair hefja viðræður

Indigo Partners sleit viðræðum við WOW air. Flugfélagið hóf viðræður við Icelandair Group í staðinn og er miðað við að þeim verði lokið á mánudag. Stjórnvöld fylgjast grannt með gangi mála. Fjárhagsstaða WOW afar þröng.

**VIÐSKIPTI** Indigo Partners sleit í gær viðræðum við WOW air og hóf flugfélagið viðræður við Icelandair Group í staðinn. Þetta sagði í tilkynningu sem WOW air sendi frá sér í gærkvöld. Flugfélögin tvö miða við að viðræðum verði lokið á mánudaginn.

Stjórnarráðið sendi frá sér tilkynningu í kjölfarið þar sem sagði að stjórnvöld hefðu síðasta árið fylgst með erfiðleikum í alþjóðlegum flugrekstri og stöðu íslenskra flugfélaga í því ljósi.

„Stjórnvöld hafa síðasta árið fylgst með erfiðleikum í alþjóðlegum flugrekstri og samkeppnisstöðu íslenskra flugfélaga í því ljósi. Eigendur Wow air hafa um nokkurra mánaða skeið leitað leiða til að tryggja rekstur félagsins og hafa átt viðræður við fjárfesta, flugrekendur og aðra haghafa. Hingað til hafa þær viðræður ekki skilað þeim árangri sem eigandi félagsins stefndi að,“ sagði í tilkynningu Stjórnarráðsins.

Ríkisstjórnin muni áfram fylgjast með framvindunni og bindi vonir við að viðræður félaganna skili farsælli niðurstöðu sagði þar aukinheldur.

Fréttablaðið greindi frá því á miðvikudaginn að forsvarsmenn WOW air hefðu viðrað hugmyndir um að stjórnvöld veiti flugfélaginu ríkisábyrgð á lánafyrirgreiðslu frá Arion banka til þess að tryggja rekstur félagsins til skemmri tíma. Heimildarmenn töldu ósennilegt að stjórnvöld léðu máls á þeim hugmyndum. Í fréttinni sagði einnig að horfurnar í viðræðunum við Indigo væru orðnar tvísýnni og óformlegar þreifingar hefðu verið á milli fulltrúa WOW og Icelandair.

Ljóst er að fjárhagsstaða WOW air er afar þröng um þessar mundir. Samkvæmt þeim upplýsingum sem stjórnvöld hafa fengið um stöðu félagsins er það þó sagt vera með nægt lausafé til þess að standa við skuldbindingar sínar og halda rekstrinum gangandi fram yfir næstu mánaðamót.

> **Stjórnvöld hafa síðasta árið fylgst með erfiðleikum í alþjóðlegum flugrekstri.**
>
> Úr tilkynningu frá Stjórnarráðinu

Skuldabréfaeigendur WOW air, sem fjárfestu fyrir samtals 60 milljónir evra, jafnvirði 7,9 milljarða króna, í útboði flugfélagsins síðasta haust, þurfa sem kunnugt er að fallast á nýja skilmála, sem felast meðal annars í helmingsafskrift af höfuðstól skuldabréfanna, fyrir 25. mars.

Samþykki þeir breytingarnar hefur WOW air frest til 29. apríl til að ná samkomulagi við Indigo Partners. Bandaríska félagið hefur lýst sig reiðubúið til þess að leggja WOW air til allt að 90 milljónir dala, jafnvirði um 10,5 milljarða króna.

thorgnyr@frettabladid.is




## Stórsýning á morgun, kl. 12-16 hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

Við blásum til stórsýningar á nýrri Corollu í þremur nýjum útfærslum. Þrjár gerðir sem taka sig best út með þig undir stýri, nú í öflugum Hybrid útfærslum. Komdu og sjáðu hvað gerir Corollu að mest seldu bifreið heims.

Þú getur valið á milli hlaðbaksins, Corolla Hatchback; stallbaksins, Corolla Sedan og langbaksins, Corolla Touring Sports. Hver er þín týpa?

**2 ára þjónustupakki fylgir með nýrri Corollu, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.**

**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

7 3+4 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

HYBRID

Bíllarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Segir ekkert til sem heiti krúttleg valdbeiting

**STJÓRNMÁL** Þingmanni sem varð vitni að mótmælum hælisleitenda á Austurvelli í síðustu viku blöskraði aðgerðir lögreglu. Lögregla segir að gætt hafi verið meðalhófs.

Ásgeir Þór Ásgeirsson yfirlögregluþjónn og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, mættu á fund allsherjar- og menntamálanefndar í gær að beiðni Þórhildar Sunnu

**❯❯ Piparúða var beitt eftir að aðsúgur var gerður að lögreglu.**

Ævarsdóttur, þingmanns Pírata.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingmaður VG, varð vitni að atvikinu. Hún fór út og tók myndir. „Mér blöskraði aðferðir lögreglunnar,“ sagði Rósa Björk.

Ásgeir útskýrði að ljóst hefði verið að hópurinn ætlaði að kveikja í bálkesti á Austurvelli. Í kjölfar fyrirmæla um að fjarlægja vörubretti hefði mótmælandi verið handtekinn fyrir að sparka í lögreglumann. Síðan hefði liðsmaður No Borders verið handtekinn fyrir að reyna að hindra handtökuna.

Piparúðanum hafi síðan verið beitt eftir að tugir manna gerðu aðsúg að lögreglunni. „Skipanir höfðu ekki virkað, tíu lögreglumenn geta ekki beitt lögreglutökum á þrjátíu til fjörutíu í einu, það gefur augaleið og það næsta í valdbeitingarstiga lögreglu er piparúði,“ sagði Ásgeir Þór. „Það er ekki búið að finna krúttlega valdbeitingu, þannig að hún lítur alltaf illa út.“

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gerði athugasemd við að lögreglan skyldi boðuð á fundinn. Til sé nefnd sem hafi eftirlit með störfum lögreglu en sumir þingmenn haldi að það sé þeirra hlutverk að hafa eftirlit með öllu sem gerist í samfélaginu. Sigríður Björk sagði að aðgerðirnar væru komnar til þeirrar nefndar. **arib@frettabladid.is**

## Ingimundur hættir einnig í stjórn Isavia

**STJÓRNSÝSLA** Ingimundur Sigurpálsson hefur látið af formennsku í stjórn Isavia eftir fimm ára starf. Þetta tilkynnti hann í lok ávarps á aðalfundi Isavia í gær.

„Það er góður tími fyrir slíkt verkefni þegar uppbyggingarhraði er mikill og margt umleikis,“ sagði hann.

Ingimundur upplýsti á aðalfundi Íslandspósts á dögunum að hann hygðist segja starfi sínu lausu sem forstjóri fyrirtækisins eftir rúmlega fjórtán ára starf. Ekki liggur fyrir hvenær Ingimundur mun formlega hætta eða nýr maður taka við.

Ingimundur sagði á aðalfundi Íslandspósts að miklar breytingar væru óhjákvæmilega fram undan á fyrirkomulagi póstþjónustunnar með gildistöku nýrra laga um póstþjónustu, sem áformað er að taki gildi í ársbyrjun næsta árs. Mikilvægt væri að nýr forstjóri fengi svigrúm til þess að koma að mótun og undirbúningi nauðsynlegra breytinga. **– hvj**



**Ingimundur Sigurpálsson.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Ver tu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Hluta námslána breytt í styrk

**Mennta- og menningarmálaráðherra boðar grundvallarbreytingar á námslánakerfinu. Þeir sem ljúka námi á tilsettum tíma fengju 30 prósent höfuðstóls lána felldan niður verði tillögurnar að veruleika.**

**MENNTAMÁL** „Ég er byrjuð að kynna þessa framtíðarsýn og stóru atriðin í þessu. Svo kemur frumvarp inn í samráðsgáttina í síðasta lagi í júní þegar við erum búin að kynna þetta og fá viðbrögð. Frumvarpið verður svo lagt fram á haustþingi og ný lög myndu taka gildi 2020,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, um hugmyndir að nýju námslánakerfi.

Lilja bendir á að gildandi lög um LÍN séu í grunninn frá 1992 og núverandi stuðningskerfi við námsmenn í rauninni barn síns tíma. Því hafi verið ákveðið að ráðast í grundvallarbreytingar í stað þess að setja plástur á núverandi kerfi.

Meðal helstu efnisatriða nýja kerfisins er að þeir námsmenn sem klára nám sitt á tilsettum tíma fá 30 prósent höfuðstóls felldan niður við námslok.

Meðal annarra breytinga sem lagðar verða til er að frítekjumark hækkar sem þýðir að námsmenn geta aflað sér meiri tekna án þess að námslán skerðist. Þá verður komið á laggirnar beinum stuðningi við námsmenn sem eiga börn í stað þess að boðið sé upp á aukalán.

Verði umræddar breytingar að lögum myndu þær þýða að höfuðstóll námsláns hjá 27 ára einstæðu foreldri á leigumarkaði sem lýkur kennaranámi lækkaði um rúm 40 prósent miðað við núverandi kerfi. Yrði höfuðstóllinn 3,5 milljónir í stað 5,9 milljóna.

Hjá pari með tvö börn sem útskrifast 31 og 34 ára úr læknisfræðinámi í Svíþjóð myndu breytingarnar leiða til helmingslækkunar á höfuðstól námslána við námslok. Hjá parinu yrði höfuðstóllinn við námslok 7,6 milljónir í stað 15,3 milljóna.

Lilja bendir á að íslenskir námsmenn vinni meira og séu lengur að klára háskólanám heldur en gerist í nágrannalöndum okkar. Þá eigi þeir frekar börn en námsmenn annars staðar.

„Við erum að koma með nýtt kerfi til að takast á við framtíðaráskoranir. Þetta kerfi er að norrænni fyrirmynd en engu að síður erum við að taka tillit til aðstæðna hérlendis. Þeir sem hafa verið með börn þegar þeir voru námsmenn fara mun skuldsettari út í lífið og við erum að koma til móts við það,“ segir Lilja.

Talið er að fjárhagslegur ábati samfélagsins af því að þessir námsmenn verði fyrr þátttakendur í atvinnulífinu nemi um tíu milljörðum króna á tíu ára tímabili.

Lilja segist mjög ánægð með þá vinnu sem fram hafi farið enda hafi helstu lánasérfræðingar þjóðarinnar komið að málum. „Annað sem við erum líka að fást við er brotthvarf úr námi. Við erum auðvitað líka að búa til hvata til þess að það eigi sér ekki stað.

Þetta er kerfi sem er að fullu fjármagnað vegna þess að fjárhagsstaða LÍN er mjög góð. Við nýtum þá fjármuni sem eru þar til þess að fjármagna hluta breytinganna,“ segir Lilja. **sighvatur@frettabladid.is**




**Ráðherra gerir ráð fyrir að frumvarpið rati í samráðsgáttina í síðasta lagi í júní.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Þetta er kerfi sem er að fullu fjármagnað vegna þess að fjárhagsstaða LÍN er mjög góð.**
>
> Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra




# Ónæmi að finna í íslenskum lömbum

**HEILBRIGÐISMÁL** Sýklalyfjaónæmi í íslensku sauðfé er álíka mikið og í alifuglum og svínum samkvæmt úttekt Matvælastofnunar. Í þörmum fjögurra prósenta íslenskra lamba, sem könnuð voru í fyrra, voru bakteríur sem voru ónæmar fyrir sýklalyfjum. Þessar niðurstöður komu Landssambandi sauðfjárbænda í opna skjöldu.

„Þetta rennir stoðum undir þann málflutning, sem við höfum lengi haft uppi í þessari umræðu; að það sé fullkomlega ómálefnalegt að halda því fram að það velti á því að innflutningur á fersku kjöti verði áfram bannaður hvort verja megi íslenskan almenning fyrir þeirri vá, sem vaxandi sýklalyfjaónæmi er,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

Félagið hefur barist fyrir því, sem nú hefur verið ákveðið, að heimilt verði að flytja inn ófrosið kjöt frá Evrópu. Ólafur segir að stórar fullyrðingar um hreinleika innlendra afurða annars vegar og hættuna sem stafi af innflutningi hins vegar, hafi verið byggðar á ófullnægjandi upplýsingum. Eftirlit með sýklalyfjaónæmum bakteríum hafi verið lakara hér en í öðrum ríkjum EES. „Ísland var seinna til en önnur EES-ríki að taka upp Evrópureglur um slíkt eftirlit og hrinda því í framkvæmd.“

Ólafur segir að fyrstu mælingar sýni að íslenskar afurðir séu alls ekki lausar við sýklalyfjaónæmar bakteríur. Þær sé að finna í alifuglum, sauðfé og svínum. „Staðan er svipuð og í hinum norrænu ríkjunum, sem búa við frjáls milliríkjaviðskipti með ferskar búfjárafurðir.“ **– bg**



**Sýklalyfjaónæmi greindist í íslenskum lömbum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


ILVA
MJÚKIR DAGAR
21. MARS - 1. APRÍL
ALLTAF OPIN - VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS -
20-30%
AF ÖLLUM
PÚÐUM OG ÁBREIÐUM
©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta auglýsar villur.
20%
AF ÖLLUM
RÚMFÖTUM
20%
AF ÖLLUM
HANDKLÆÐUM
20-50%
AF ÖLLUM
MOTTUM
MARS TILBOÐ
FLEIRI TILBOÐ Í VERSLUN OG Á WWW.ILVA.IS
3JA SÆTA
NÚ 79.900
SPARAÐU
20.000
LARINA 3ja sæta sófi með ljósgráu áklæði. L183 cm. 99.900 kr. Nú 79.900 kr.
LEGUBEKKUR +
2JA SÆTA
50%
NÚ 89.900
SPARAÐU
90.000
RENE Legubekkur + 2ja sæta. Ljósgrátt áklæði og eikarfætur. L212 x D138 cm.
179.900 kr. Nú 89.900 kr.
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30
netgíró
VALITOR
FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



Frá fundi í húsakynnum ríkissáttasemjara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Verkfall Eflingar og VR hófst eftir langan fund

**KJARAMÁL** Samtök atvinnulífsins, Efling, VR, verkalýðsfélögin á Húsavík, Grindavík og Akranesi funduðu langt fram eftir kvöldi í Karphúsinu í gær. Fundurinn hófst klukkan 10 fyrir hádegi og lauk um tíu tímum seinna, klukkan átta.

Fjölmiðlabann var sett á fundinn og var það enn í gildi þegar Fréttablaðið náði tali af Vilhjálmi Birgissyni, formanni Verkalýðsfélags Akraness, í gærkvöld. Hann sagðist ekki mega ræða um innihald fundarins.

Verkfall Eflingar og VR hjá hótelstarfsfólki og hópbifreiðastjórum hófst á miðnætti og stendur það yfir í sólarhring. Efling hafði hafnað öllum undanþágubeiðnum varðandi verkföllin, samkvæmt Ríkisútvarpinu.

„Það eru verkföll á morgun þannig að það verða margir fastir í því,“ sagði Vilhjálmur í gærkvöldi.

Bjarnheiður Halldórsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, sagði í gær að fjárhagslegt tjón þeirra fyrirtækja sem eru skotmörk verkfalla Eflingar og VR á morgun gæti numið rúmlega 250 milljónum króna á dag.

Skólaakstur fellur niður í Reykjavík í dag vegna verkfalls hópbifreiðastjóra, sagði í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, segir í samtali við Fréttablaðið að honum þyki miður að tilkynning um að skólaakstur falli niður sé send svo seint en að þau hafi verið að bíða eftir svörum frá Eflingu.

Bæði hafi borgin beðið um undanþágu og svo vantaði þau frekari útskýringar vegna ólíkrar túlkunar Eflingar og Samtaka atvinnulífsins á vinnulöggjöfinni og hvaða bílstjórar eigi að taka þátt í verkfallinu í dag. – þea

## Um verkföllin

- Hópbifreiðastjórar og hótelstarfsfólk VR og Eflingar fór í verkfall á miðnætti.
- Skólaakstur fellur niður í Reykjavík og því fellur sundkennsla víða niður sömuleiðis.
- Akstursþjónusta fatlaðra nemenda er með óbreyttu sniði.
- Frístundaakstur er á vegum hvers og eins íþróttafélags og eru aðstandendur barna beðnir um að vera í sambandi við viðkomandi félag.




TF-EIR við skýli Landhelgisgæslu Íslands á Reykjavíkurflugvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ódýrari þjónusta við nýju Gæsluþyrlurnar

**Önnur þyrlan sem Landhelgisgæslan leigir frá Noregi er um það bil að fara í sitt fyrsta æfingaflug hérlendis. Þyrlurnar leysa af tvær eldri þyrlur. Greidd er sama leiga og fyrir eldri þyrlur og náðst hafa hagstæðari viðhaldssamningar að auki.**

**LÖGGÆSLA** TF-EIR, sú fyrri af tveimur nýjum leiguþyrlum Landhelgisgæslunnar, er komin til landsins og fer í sitt fyrsta æfingaflug í dag eða næstu daga. Hin þyrlan, TF-GRO, er væntanleg í apríl.

„Þjálfun tekur við næstu vikur en vonast er til að þyrlurnar verði formlega teknar í notkun í maí,“ segir Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar.

Þyrlurnar, sem eru af árgerð 2010, eiga að leysa af hólmi eldri og ófullkomnari þyrlur frá sama leigusala, hina 27 ára gömlu TF-SYN og TF-GNÁ sem framleidd var 2001. Bauð leigusalinn nýrri þyrlurnar á sama verði út samningstímann sem gildir fyrir eldri þyrlurnar eða til áranna 2022/23. Til að liðka fyrir samningum bauðst Airbus, sem framleiðir þyrlurnar, til að kosta þjálfun flugmanna.

Dómsmálaráðuneytið samþykkti skiptin fyrir sitt leyti í maí í fyrra með því skilyrði að kostnaðarauki yrði innan fjárheimilda Landhelgisgæslunnar. Nú hafa verið gerðir tveir samningar vegna viðhalds og þjónustu þyrlanna og fela þeir í sér samtals lægra verð á hverja flognа klukkustund en verið hefur.

„Landhelgisgæslan greiðir 2.148 evrur í tímagjald samkvæmt gamla samningnum en samtals er gjaldið nú eftir samningana tvo 2.076 evrur, það er bæði fyrir vél og hreyfla,“ segir Ásgeir Erlendsson. Varðandi eldri samninginn sé mikilvægt að hafa í huga að verðmiðinn sé tvískiptur og taki árlegum hækkunum. „Þar af leiðandi eru verðmiðarnir við undirritun samningsins árið 2016 lægri en þeir voru í raun árið 2018.“

Þjónustu- og viðhaldssamningur var áður við Heli One í Noregi sem annaðist bæði þyrlurnar sjálfar og hreyflana. Við taka tveir aðskildir samningar. Annar þeirra er við Safran Helicopters Engines um viðhald á hreyflum sem fyrirtækið einmitt framleiðir.

„Varðandi viðhald vélanna, þá var gerður varahlutasamningur við Airbus en þessir tveir samningar eru hagstæðari en fyrri samningur, sem var við norska fyrirtækið Heli One, en hann tók bæði til varahluta í hreyflum og vélum,“ útskýrir Ásgeir.

Um er að ræða þyrlur frá Airbus af gerðinni Super Puma H225. Þær hafa verið umdeildar eftir tvö mannskæð slys, í Skotlandi 2009 og í Noregi 2016. Í báðum þyrlunum losnuðu spaðarnir af vélunum. Airbus gerði lagfæringar á gírkassa vélanna og þær fengu grænt ljós flugmálayfirvalda á að fljúga að nýju eftir um árs kyrrsetningu. Rannsóknarnefnd flugslysa í Noregi telur hins vegar lagfæringarnar ekki nægjanlegar og að nauðsynlegt væri að hanna gírbúnaðinn frá grunni til að tryggja öryggi hans.

Eftir að hafa farið yfir niðurstöður norsku rannsóknarnefndarinnar, fylgst með eftirmálum banaslyss í Suður-Kóreu í fyrrasumar þar sem spaðar losnuðu af herþyrlu með gírkassa frá Airbus og farið yfir áhyggjur flugmanna hjá Landhelgisgæslunni ákvað stofnunin að halda nýja leigusamningnum til streitu. Talið var að gírkassinn frá Airbus hefði ekki valdið slysinu í Suður-Kóreu.

„Fyrir okkar leyti þá berum við alveg fullt traust til tæknistjóra og flugrekstrarstjóra Gæslunnar um að taka ákvarðanir í þessa veru,“ sagði Ingvar Tryggvason, formaður öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna, við Fréttablaðið 12. september síðastliðinn.

gar@frettabladid.is


STEYPUMÓT TIL SÖLU

Nýleg **Faresin** steypumót til sölu ásamt öllum fylgihlutum. Lítið notuð. 40 mtr. í tvöföldun.

Upplýsingar í síma 660 6470 baldur@verkefni.is

Einnig til sölu 20 feta gámaeining / vinnuskúr og Potain IGO 21 (2017") sjálfreisandi byggingarkrani.




# Telja að þungmálmar drepi mosa

**UMHVERFISMÁL** Skemmdir á mosa við álverin þrjú hér á landi eru nokkuð miklar. Á nokkrum svæðum í kringum álverin hefur mosi skemmst mikið og horfið á stórum svæðum. Telja vísindamenn Náttúrufræðistofnunar að ástæður þess megi að miklu leyti rekja til eitrunaráhrifa þungmálma.

Vöktun með mælingum á efnum í mosa hófst hér á landi árið 1990 og hefur farið fram á fimm ára fresti frá þeim tíma, síðast árið 2015. Verkefnið, sem er hluti af samevrópsku rannsóknarverkefni, hefur það markmið að kortleggja uppsprettur mengandi þungmálma í andrúmslofti og fylgjast með breytingum sem verða með tíma.

Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits svæðisins, segir skýrsluna gallaða. „Þegar við skoðum loftgæðamælana okkar á svæðinu sjáum við að loftgæðin eru góð og segja allt aðra sögu en þessi skýrsla. Þess vegna viljum við vara við því að menn dragi of miklar ályktanir af henni,“ segir Hörður.

Skýrsla um sýnatökur í mosa hér á landi kom út hjá Náttúrufræðistofnun í fyrra. Þar kemur fram að við iðnaðarsvæðið á völlunum í Hafnarfirði er nokkuð mikil mengun en þar hefur mælst hár styrkur króms, kopars, járns, blýs og sinks sem má rekja til iðnaðar á svæðinu en einnig berast á svæðið þungmálmar frá álverinu í Straumsvík, svo sem arsen, nikkel, brennisteinn og antímon. Að mati Náttúrufræðistofnunar er mengun á þessu svæði áhyggjuefni þar sem áhrif álversins og þess iðnaðar sem rekinn er í Hellnahrauni nái að hluta til inn í íbúðabyggð á Völlunum austan við iðnaðarhverfið og álverið.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis tók málið fyrir á síðasta fundi sínum og finnur niðurstöðunum allt til foráttu. „Heilbrigðisnefnd varar við oftúlkun á niðurstöðum skýrslunnar. Aðferðin sem lögð er til grundvallar við túlkun á niðurstöðum mælinga er sniðin að því að meta dreifingu snefilefna á stórum landsvæðum en rannsóknir nefndarinnar hafa sýnt fram á að túlkunin hentar ekki eins vel við mælingar á staðbundnum svæðum inni á iðnaðarsvæðum,“ segir í bókun nefndarinnar.




Náttúrufræðistofnun telur þungmálma hafa þau áhrif að mosi skemmist eða drepist á svæðum sem liggja nálægt álverum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sveinn@frettabladid.is




BLÓMABÚNT (ÓUNNINN) FRÁ 1.400KR
TILBÚNIR BLÓMVENDIR FRÁ 1.900KR

HORTENSÍUR 2.550KR
POTTARÓSIR 1.290KR

KRYDDJURTIR Í POTTI 1.450KR
VORERIKUR 590KR







FULL BÚÐ AF FERSKUM
PLÖNTUM:
SÍGRÆNAR PLÖNTUR
POTTAPLÖNTUR
KRYDDJURTIR
VORERIKUR OFL

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Klaufavilla í frumvarpi sem gerir erlenda netverslun dýrari

**ALÞINGI** Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur lagt fram frumvarp á Alþingi sem heimilar Íslandspósti ohf. (ÍSP) að velta kostnaði af erlendum sendingum yfir á neytendur. Klaufalega villu er að finna í frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu munu ákvæði landslaga ganga framar alþjóðapóstsamningi UPU en samkvæmt honum er kveðið á um svonefnd endastöðvagjöld. Brot rekstrarvanda ÍSP hefur mátt rekja til þeirra vegna fjölda sendinga frá Asíu. Þó er vert að taka fram að svo virðist sem tap hafi verið á öllum erlendum sendingum sem er vísbending um að erlend póstþjónustufyrirtæki viðurkenni ekki kostnaðargrunn dreifikerfis ÍSP.

**Verði frumvarpið að lögum fyrir maí er gert ráð fyrir að ÍSP geti fengið inn 400 milljónir króna strax árið 2019.**

Undanfarin ár hefur ÍSP tekið á sig kostnað vegna erlendra sendinga en að mati fyrirtækisins hefur það niðurgreitt sendingar frá útlöndum um hátt í þrjá milljarða undanfarin ár. Frumvarpinu er ætlað að „taka af öll tvímæli um að íslensk lög gildi framar alþjóðasamningum á þessu sviði“. Fyrirspurn blaðsins um það hvort ÍSP hafi verið heimilt í tíð núgildandi laga að velta þessum kostnaði yfir á neytendur hefur ekki verið svarað.

Verði frumvarpið að lögum fyrir maí er gert ráð fyrir að ÍSP geti fengið inn 400 milljónir króna strax á árinu 2019 frá neytendum. Lagt er til að lögin taki gildi um leið og þau hafa verið birt að undanskilinni fimmtu grein þeirra en hún tæki gildi fjórum vikum síðar svo unnt sé að kynna viðskiptavinum breytta skilmála.

Sú grein varðar að vísu umsókn í jöfnunarsjóð alþjónustu og má telja víst að þar hafi átt að vísa til fjórðu greinar er lýtur að breyttri verðskrá. **– jóe**

## Ardern sýni hugrekki með byssubanni

**NÝJA-SJÁLAND** Ríkisstjórn Jacindu Ardern á Nýja-Sjálandi tilkynnti í gær um bann við hálfsjálfvirkum, „hernaðarlegum“ skotvopnum og stórum skothylkjum. Þetta er gert í kjölfar hryðjuverkaárásar á tvær moskur í borginni Christchurch þar sem fimmtíu voru myrt.

„Hvert einasta hálfsjálfvirka vopn sem var notað í hryðjuverkaárás föstudagsins verður bannað,“ sagði Ardern en bann við sölu tók samstundis gildi þótt það eigi eftir að koma málinu í gegnum þingið. Þetta sagði Ardern gert til að koma í veg fyrir að fólk myndi birgja sig upp af vopnum og skothylkjum áður en frumvarpið yrði að lögum.



**Jacinda Ardern, forsætisráðherra Nýja-Sjálands.**

Bannið nær ekki til smærri riffla og hálfsjálfvirkra skotvopna sem bændur og veiðimenn nota einna helst. Afar líklegt þykir að frumvarpið verði samþykkt á þingi. Flokkur Ardern er í meirihluta og ekkert ákvæði er í nýsjálensku stjórnarskránni um rétt til vopnaburðar, ólíkt því sem er í Bandaríkjunum þar sem tilraunir til hertrar skotvopnalöggjafar hafa iðulega mistekist í kjölfar skotárása.

Ardern sagði að fólk gæti afhent yfirvöldum þær byssur sem verða ólöglegar og fengið greidslu í staðinn. Þá sagði hún bæði her og lögreglu verða undanskilin lögunum.

„Ardern sýnir mikið hugrekki. Þetta er einungis hægt að gera í ríkjum þar sem borgarar hafa ekki sjálfgefinn rétt til vopnaburðar. Vopn eru forréttindi. Ef við hefðum lagalegan rétt eins og í Bandaríkjunum væri þetta mun erfiðara,“ hafði AP eftir Andrew Gillespie, prófessor í alþjóðalögfræði við Waikato-háskóla. **– þea**

# Allir ósáttir við makrílútspil

**Viðbrögð sjávarútvegsráðherra við makríldómum Hæstaréttar virðast síst hafa orðið til að lægja öldurnar. Lagt er til að makríll verði kvótasettur fyrir komandi vertíð og fá menn ýmist of lítið eða of mikið.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Allar umsagnir um frumvarpsdrög sjávarútvegs- og landsbúnaðarráðherra varðandi kvótasetningu á makríl voru neikvæðar. Með frumvarpinu er ætlað að feta milliveg ólíkra sjónarmiða eftir makríldóma Hæstaréttar.

Þegar makríll hóf að synda á íslensk mið hófst hálfgert villtavestursástand þar sem útgerðir reyndu að landa sem mestu af fisknum enda bar að miða við veiðireynslu skipa þegar til hlutdeildarsetningar tegundarinnar kæmi. Stærstur hluti aflans var sendur í bræðslu. Með reglugerð árið 2011 ákvað þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hins vegar að skerða hlut aflareynsluskipanna og auka hlut annarra skipa á móti. Markmið þess var meðal annars að aukinn hluti aflans yrði verkaður til manneldis.

Niðurstaða Hæstaréttar í tveimur málum frá í desember var að þetta fyrirkomulag hefði brotið gegn úthafsveiðilögunum. Skaðabótaskylda íslenska ríkisins til tveggja útgerða vegna áranna 2011-14 var því viðurkennd. Tvö sambærileg mál bíðu meðferðar fyrir héraðsdómi og eftir að dómar Hæstaréttar voru kveðnir upp hafa fleiri útgerðir boðað bótamál vegna áranna 2015-18. Gera má sér í hugarlund að möguleg bótafjárhæð verði nokkrir milljarðar hið minnsta.

Frumvarpi sjávarútvegsráðherra nú er ætlað að bæta úr þessu ástandi. Aflamarki verði úthlutað á grundvelli tíu bestu veiðiára skipa árin 2008-2018 að báðum árum meðtöldum. Þýðir þetta að hlutur aflareynsluskipanna hækkar en verður þó ekki jafn mikill og ef úthafsveiðilögunum hefði verið fylgt strax árið 2011. Á móti lækkar hlutur vinnslu- og ísfiskskipa svo og línu- og handfærabáta. Margar útgerðir í þeim hópi hafa lagt í fjárfestingar á grundvelli hinnar ólögmætu reglugerðar.



**Allar umsagnir um frumvarpsdrög varðandi kvótasetningu makríl voru neikvæðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

**Það er með öllu óskiljanlegt að flokkar vinnslu- og ísfiskisipta eigi aðþ bæta fyrir mistök stjórnvalda**

Úr umsögn Þorbjarnar, Ramma og Nesfisks

„Að mati Ísfélags Vestmannaeyja og Hugins væri á hinn bóginn eðlilegt og málefnalegt, að þegar þessum málum er markaður farvegur til framtíðar með lögum frá Alþingi, sé leitast við að búa svo um hnúta eftir því sem framast er kostur, að úthlutun einstakra aðila svari til þess sem þeim hefði að réttu lagi borið að lögum, hefði þeim verið fylgt á sínum tíma,“ segir í umsögn útgerðanna tveggja sem lögðu ríkið fyrir jól.

Í svipaðan streng er tekið í umsögn Eskju. Með frumvarpinu sé ótækt að svo freklega sé gengið á rétt frumkvöðla veiða á tegundinni sem raun ber vitni. Frumvarpið leiði til ósanngirni í garð þeirra útgerða sem hófu veiðarnar.

Í umsögn Vinnslustöðvarinnar segir að árið 2014 hafi legið fyrir með áliti umboðsmanns Alþingis að fyrirkomulagið frá 2011 stóðst ekki lög. Ekki geti talist sanngjarnt eða málefnalegt að þeir sem náðu „viðbótaraflareynslu“ eftir það tímamark fái að njóta hennar með setningu laganna. „Lagt hefur verið í umtalsverðar fjárfestingar til að útbúa skip fyrirtækjanna til makrílveiða, ef að þetta frumvarp verður að lögum nýtast [þær] illa. [...] Það er með öllu óskiljanlegt að flokkar vinnslu- og ísfiskiskipa eigi einn [sic!] að bæta fyrir meint mistök stjórnvalda við upphaflega úthlutun á heimildum í makríl gagnvart „aflareynsluskipum“,“ segir aftur á móti í umsögn Þorbjarnar, Ramma og Nesfisks. Lagt er til að miðað verði við sex bestu veiðiárin í stað tíu bestu.

**joli@frettabladid.is**

# Vita ekki hvort sérkennsla ber árangur

**MENNTAMÁL** Ekki er vitað hvort sérkennsla eða annars konar stuðningur beri einhvern árangur í grunnskólum á Íslandi. Til þess þurfi markvissar rannsóknir eða úttektir á skólastarfi sem liggja ekki fyrir. Þetta kemur fram í svari skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Í dag er tæplega einn af hverjum þremur grunnskólanemendum í sérkennslu. Hlutfallið hefur hækkað jafnt og þétt síðustu ár. Árið 2005 var hlutfallið 21 prósent í Reykjavík, það var komið upp í 26 prósent árið 2011. Skólaárið 2017 til 2018 voru 29,7 prósent nemenda á landinu öllu í sérkennslu eða öðrum stuðningsúrræðum.

Tölurnar segja ekkert um hvernig sérkennslu er um að ræða, getur það verið allt frá sérstakri kennslu fyrir nemendur sem eru komnir lengra til kennslu fyrir mikið fatlaða nemendur. Hluti nemenda er



**Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins.**

í sérkennslu alla sína skólagöngu á meðan aðrir eru aðeins hluta úr skólaári. Einnig getur verið um að ræða nemendahópa sem fá viðvarandi sérkennslu utan bekkjar í ákveðnum námsgreinum.

Grunnskólar í Reykjavík fengu úthlutaða tæplega 2,3 milljarða króna vegna sérkennslu í fyrra. Þar af fara 950 milljónir í almenna úthlutun og 1,3 milljarðar í sértæka úthlutun vegna mikið fatlaðra nemenda og nemenda með alvarlegar raskanir. Skólarnir sjálfir ákveða hvernig þeir nýta fjármagnið. Nú er í gangi skoðun hjá skóla- og frístundasviði um hvernig draga megi úr tengslum milli úthlutunar fjármagns og greininga.

Grunnskólar fara í ytra mat á nokkurra ára fresti. Þar er skoðað hvernig námi og kennslu er háttað í skólanum ásamt því að skoðaðir eru þættir á borð við sérkennslu. Ekki er þó metið hvort sérkennslan beri árangur.

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, lagði fram tillögu til skóla- og frístundaráðs um að borgin móti sér heildstæða stefnu í málefnum sérkennslu. „Það er margt í lausu lofti þegar kemur að sérkennslumálum í borginni. Skortur á heildrænni stefnu, yfirsýn og skýrum mælanlegum markmiðum kemur fyrst og fremst niður á börnunum sem þarfnast þessarar þjónustu,“ segir Kolbrún.



**Nemendum í sérkennslu hefur fjölgað á síðustu árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vill hún að árangurinn verði mælanlegur á einstaklingsgrunni og að fjármagnið dreifist til þeirra sem þurfa á því að halda. „Það skiptir ekki síður máli að mæla samræmt og þá fyrst er hægt að svara þeirri spurningu hvort sérkennsla sú sem verið er að veita börnunum sé að skila tilætluðum árangri.“

**arib@frettabladid.is**


IGNIS
MÍKRÓ JEPPI
SUZUKI
Way of Life!
LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG
SUZUKI IGNIS 4X4!
SUZUKI ER ÁREIÐANLEGASTI BÍLLINN SAMKVÆMT NIÐURSTÖÐUM ÁRLEGRAR KÖNNUNAR BRESKA BÍLARITSINS „WHAT CAR?“
VERÐ FRÁ KR.
2.790.000
IGNIS
ALLGRIP AUTO
Allgrip auto fjórhjóladrifskerfi
18 cm undir lægsta punkt
Sparneytin og öflug 1,2L Dualjet vél
4,7 m beygjuradíus
Einnig fáanlegur með Mild Hybrid tvinnaflrásarvél
Það er alltaf Suzuki veður!
Suzuki Ignis er valkostur fyrir þá sem vilja sparneytinn smábíl með öryggi og notagildi jepplings. Ignis hefur fengið frábæra dóma fyrir aksturseiginleika og einstaklega skemmtilega hönnun, jafnt að utan sem innan.
FLUTT MEÐ EIMSKIP
SUZUKI
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100



Juan Guaidó. NORDICPHOTOS/AFP

## Maduro ögrar Bandaríkjunum

**VENESÚELA** Juan Guaidó, leiðtogi venesúelsku stjórnarandstöðunnar, sagði í gær frá því að leyniþjónustumenn hefðu handtekið Roberto Marrero, starfsmannastjóra sinn. Guaidó er samkvæmt þinginu starfandi forseti þar sem þingið álítur forsetakosningar síðasta árs ólöglegar. Nicolás Maduro forseti er ósammála þessu og heldur enn völdum.

Þessar deilur um forsetaembættið hafa vakið heimsathygli og ríki á borð við Bandaríkin og Ísland hafa sagst álíta Guaidó réttmætan forseta landsins. Bandaríkin hafa ítrekað varað Maduro við því að skerða hár á höfði Guaidó eða nánustu samstarfsmanna hans, ellegar muni enn frekari þvinganir verða settar á ríkið. Venesúela má alls ekki við frekari þvingunum en ríkið glímir við efnahagslegar hamfarir og gríðarlega verðbólgu.

„Þar sem þau geta ekki handtekið hinn starfandi forseta leitast þau nú við að fanga þá sem eru nánastir honum,“ sagði Guaidó í ræðu í gær. **– þea**



F-35 þota. NORDICPHOTOS/AFP

## Íhuga að hætta við þotusölu

**BANDARÍKIN** Stjórnvöld í Bandaríkjunum íhuga nú að hætta undirbúningi þess að F-35 herþotur verði seldar til Tyrklands. Reuters greindi frá málinu í gær.

Ósætti hefur verið á milli ríkisstjórnanna tveggja vegna áforma Receps Tayyips Erdogan, forseta Tyrklands, um að fjárfesta í S-400 loftvarnakerfi frá Rússlandi.

„S-400 er tölva. F-35 er tölva. Þú tengir tölvu þína ekki við tölvu andstæðingsins og það er einmitt það sem við værum að gera með þessum viðskiptum,“ sagði Katie Wheelbarger, starfandi aðstoðarmaður dómsmálaráðherra í málefnum alþjóðlegra öryggismála, við miðilinn.

Joseph Dunford, æðsti hershöfðingi bandaríska hersins, sagðist vongóður um að Bandaríkin og Tyrkland gætu leyst deiluna um S-400 kerfið. Þetta væri hins vegar flókið mál.

„Jafnt framkvæmdavald okkar sem löggjafarvaldið eiga erfitt með að réttlæta samspil S-400 og þróuðustu herþota sem við eigum, F-35. Við erum vongóð um að það sé hægt að útkljá þetta mál en það verður afar flókið,“ sagði Dunford á fundi í höfuðborginni Washington. **– þea**

## Hörmungar



Karlmaður heldur á ungri stúlku í Buzi-hverfi mósambísku hafnarborgarinnar Beira eftir að henni var bjargað úr flóðvatni sem hitabeltislægðin Idai skildi eftir sig. Á fjórða hundrað liggja í valnum í Mósambík, Simbabve og Malaví vegna Idai en Beira kom einna verst út úr storminum. Talið er líklegt að tala látinna hækki enn frekar. Hundruð þúsunda eru enn talin í hættu en víða eru heilu bæirnir og hverfin á floti. NORDICPHOTOS/AFP

# Segir Gólanhæðir ísraelskar

Forseti Bandaríkjanna sagði tíma til kominn að viðurkenna yfirráð Ísraela yfir Gólanhæðum. Það hefur alþjóðasamfélagið aldrei gert. Ísraelar innlimuðu Gólanhæðir 1981. Ákvörðunin er þýðingarmikil.

**ÍSRAEL** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, sagði í gær tíma til kominn að Bandaríkin viðurkenndu yfirráð Ísraelsríkis yfir Gólanhæðum. „Sem hafa mikið mikilvægi í hernaðar- og öryggismálum fyrir Ísrael og stöðugleika á svæðinu,“ sagði forsetinn í tísti.

Þetta er í annað skipti sem hann gengur gegn alþjóðlegum samþykktum um Ísrael. Bandaríkin viðurkenndu Jerúsalem sem höfuðborg Ísraels, líkt og Ísraelar vilja sjálfir meina að sé raunin.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hafnaði þeirri viðurkenningu en flest ríki heims líta á Tel Avív sem höfuðborg Ísraels þar sem Palestínumenn og Ísraelar ákváðu árið 1993 að Jerúsalem yrði viðfangsefni framtíðarviðræðna. Þær viðræður hafa ekki enn farið fram en báðar þjóðir líta á borgina sem höfuðborg.

Gólanhæðir eru í sams konar stöðu. Ísraelar tóku hæðirnar af Sýrlendingum fyrst árið 1967 og hafa síðan haldið þeim samfellt frá árinu 1981 þegar Gólanhæðir voru innlimaðar. Alþjóðasamfélagið hefur aldrei samþykkt þessa innlimun.

Þrír bandarískir öldungadeildarþingmenn lögðu fram frumvarp í síðasta mánuði um að Bandaríkin viðurkenndu yfirráð Ísraels yfir Gólanhæðum. Það hefur enn ekki verið tekið til atkvæðagreiðslu.

Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, var staddur í Jerúsalem þegar Trump ýtti á „Send“ á Twitter. Hann neitaði að svara spurningum um yfirlýsinguna á blaðamannafundi.

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, er ánægður með yfirlýsingu Trumps. „Á meðan Íran reynir að beita Sýrlandi til þess að gjöreyða Ísrael viðurkennir hugrakkur Trump forseti yfirráð Ísraels yfir Gólanhæðum. Þakka þér, Trump forseti!“ tísti Ísraelinn.



Ísraelskur hermaður í hinum umdeildu Gólanhæðum. NORDICPHOTOS/AFP

**» Forsætisráðherra Ísraels fagnar yfirlýsingu bandaríska forsetans.**

Leiða má líkur að því að ákvörðun Trumps sé kærkomin fyrir Netanjahú sem gengur nú í gegnum afar erfiða kosningabaráttu. Hann á von á ákæru fyrir spillingarmál og flokkur hans mælist með minna fylgi en helsti keppinauturinn.

Samkvæmt stjórnmálaskýranda bandaríska miðilsins Axios er ákvörðun Trumps afar þýðingarmikil og gæti verið fyrirboði um stefnubreytingu hjá Bandaríkjunum er varðar fleiri hernumin svæði, til að mynda Krímskaga sem Rússar hafa hertekið en alþjóðasamfélagið álítur hluta af Úkraínu.

Breyting á afstöðu Bandaríkjanna til Krímskaga gæti glatt Vladímír Pútín Rússlandsforseta, en gagnrýnendur Trumps halda ítrekað fram að hann sé of náinn Pútín. Það mun hins vegar ekki gleðja Pútín að Trump viðurkenni yfirráð Ísraela yfir Gólanhæðum enda eru Rússar helstu bandamenn ríkisstjórnar Bashars al-Assad í Sýrlandi.

**thorgnyr@frettabladid.is**

## Mikilvægi Gólanhæða

Gólanhæðir eru um 400 ferkílómetrar og rísa um sextíu kílómetra suðvestur af sýrlensku höfuðborginni Damaskus. Eftir átök ríkjanna á síðustu öld hernámu Ísraelar svæðið en aldrei var samið um formlegan frið á milli ríkjanna. Þau eru því tæknilega séð enn í stríði.

Hægt er að sjá beint niður til Ísraels sem og Damaskus og annarra byggða í suðurhluta Sýrlands ofan af Gólanhæðum.

Með því að halda Gólanhæðum geta Ísraelar því fylgst með aðgerðum sýrlenska hersins á svæðinu úr lofti. Þá eru hæðirnar einnig landfræðilegt skjól fyrir árásum eða jafnvel til þess að gera stórskotaárásir, líkt og Sýrlendingar gerðu frá 1948 til 1967 eins og kom fram í umfjöllun BBC.

En Gólanhæðir eru ekki einvörðungu mikilvægar í hernaðarlegum skilningi. Landið hentar vel til landbúnaðar, sér Ísraelum fyrir vatni og þar er meira að segja eina skíðasvæði Ísraels.

Sýrlendingar hafa ítrekað farið fram á að Ísraelar láti Gólanhæðir af hendi ef samið verður um frið á milli ríkjanna.

Þeir hafa reyndar krafist þess að landamærin verði eins og þau voru fyrir árið 1967. Á það geta Ísraelar ekki fallist, þótt Ehud Barak forsætisráðherra hafi sagst tilbúinn að láta stærstan hluta Gólanhæða af hendi árið 1999, enda myndu Ísraelar þá tapa Galíleuvatni. Vatnið sér Ísraelsmönnum fyrir miklum hluta drykkjarvatns ríkisins.




# Í öruggan faðm | 7 ára leiga

Alma boðar nýja og bjartari tíma á leigumarkaði. Við gefum viðskiptavinum okkar kost á leigu til allt að sjö ára, með föstu leiguverði* og bestu þjónustu sem völ er á. Þannig tryggjum við meira húsnæðisöryggi en áður hefur þekkst á almennum leigumarkaði á Íslandi. Alma er í eigu Almenna leigufélagsins.

Nánari upplýsingar á www.al.is

*Leiguverð er bundið vísitölu neysluverðs.

ALMA

Suðurlandsbraut 30 | 108 Reykjavík | 519 6450 | www.al.is | al@al.is

# Tvísýn staða



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Allt ber að sama brunni. Eftir fordæmalausan vöxt í ferðaþjónustu, þar sem ferðamönnunum fjölgaði árlega um tugi prósenta og til varð atvinnugrein sem skapar meira en 40 prósent af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins, er núna harkaleg niðursveifla handan við hornið. Í stað væntinga um hóflegan vöxt er útlit fyrir samdrátt í komu ferðamanna til landsins. Fyrir mörg fyrirtæki í greininni eiga afleiðingarnar eftir að verða þungbærar og birtast okkur í gjaldþrotum og uppsögnum. Sú þróun er aðeins rétt hafin. Ný skoðanakönnun á væntingum stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins, sem gefur til kynna minnkandi umsvif í atvinnulífinu á næstunni, sýnir þannig að svartsýnin er hvað mest á meðal stjórnenda í flutningum og ferðaþjónustu en þeir sjá fram á verulegan samdrátt í fjárfestingum.

Fá ríki eiga jafn mikið undir ferðaþjónustu og Ísland. Alvarlegt bakslag í þeirri atvinnugrein mun því hafa mikil og kerfislæg áhrif. Ákvarðanir um fjárfestingar í atvinnulífinu, meðal annars á byggingarmarkaði, síðustu ár hafa tekið mið af spám um áframhaldandi fjölgun ferðamanna. Nú þegar fyrir liggur að þær muni ekki ganga eftir er hætt við því að afleiðingarnar verði sársaukafullar. Sökum sterkra stoða þjóðarbúsins, sem birtist okkur meðal annars í því að Íslendingar eru lánveitendur við útlönd, er engu að síður lítil hætta á kerfishruni. Seðlabankinn býr þannig yfir stórum gjaldeyrisforða, sem nemur um 750 milljörðum, sem bankinn kann að beita til að vinna á móti lækkandi gengi krónunnar og þá um leið hemja verðbólguna sem er hans lögbundna markmið. Fórnarkostnaðurinn gæti hins vegar orðið sá að atvinnuleysi verði meira en Íslendingar hafa áður vanist þegar kreppir að í efnahagslífinu.

Afdrif annars af íslensku flugfélögunum ræður miklu um framhaldið. Alvarleg fjárhagsstaða WOW air er flestum kunn en félagið, sem ásamt Icelandair stendur undir um 80 prósentum af öllu flugi til og frá landinu, hefur á síðustu mánuðum átt í viðræðum við Indigo Partners. Nái kaup bandaríska félagsins ekki fram að ganga, sem verður að teljast æ líklegra eftir því sem tíminn líður en Indigo hefur sagst vera reiðubúið að leggja WOW air til allt að 10,5 milljarða, þarf ekki að spyrja að leikslokum. Greiðsluþrot WOW air yrði án efa gríðarlegt högg fyrir íslenskt efnahagslíf. Sá möguleiki að Icelandair, sem glímir sjálft við miklar áskoranir enda þótt bráðavandinn sé ekki sá sami, taki yfir rekstur WOW air hlýtur þá að koma til greina til að forða þjóðarbúinu frá slíku áfalli. Ef þörf er á aðkomu stjórnvalda til að liðka fyrir sameiningu félaganna, með einum eða öðrum hætti, ættu þau ekki að útiloka það fyrirfram.

Staðan er því afar tvísýn. Fari allt á versta veg hjá WOW air, samhliða því að flugfloti Icelandair verði hugsanlega talsvert minni en sumaráætlanir flugfélagsins gerðu ráð fyrir vegna kyrrsetningar á MAX 8-þotum, er ljóst að niðurstaðan yrði tugprósenta samdráttur í komum ferðamanna til landsins. Óþarfi er að fjölyrða um afleiðingarnar fyrir hagkerfið. Að ætla að efna til átaka á vinnumarkaði þegar þess konar vá er fyrir dyrum, vegna óraunhæfra krafna um launahækkanir sem engin innistæða er fyrir, er eins og verstu öfugmæli. Þjóðarbúið hefur ekki efni á slíku hættuspili.

**Afdrif annars af stóru íslensku flugfélögunum mun ráða miklu um framhaldið.**





## Halldór





## Frá degi til dags

**Eintal sálar …**

**Össur Skarphéðinsson á það til að bregða brandi á Facebook. Þessi gamli Þjóðviljaritstjóri skoraði stöngin inn hjá gömlum markverði Morgunblaðsliðsins á Facebook í gær þegar hann tók vítaspyrnu á Styrmi Gunnarsson. Þegar Össur var ungur og rannsakaði kynlíf urriða var Mogginn kjölfesta Sjálfstæðisflokksins en Össur bendir á að nú sé Styrmir orðinn eins og „ó1jós útgáfa af Ögmundi Jónassyni“ þegar hann hótar því að kljúfa sinn gamla flokk fari hann ekki að minnihlutasjónarmiðum hans varðandi þriðja orkupakkann svokallaða.**

**… við Össur**

**Össur staldrar ekki síst við að með klofningsboðskap sínum fari Styrmir gegn Birni Bjarnasyni, sem hefur talað ákaft og sannfærður fyrir þessum dularfulla pakka. „Þetta er ekki trúverðugt í mínum augum. Margboðað uppgjör Styrmis við sinn gamla flokk er varla út af orkupakka númer þrjú. Uppgjör Styrmis er fyrst og fremst löngu tímabært uppgjör hans við sjálfan sig og hlutverkið sem hann lék á stóra sviðinu í íslenskum stjórnmálum.“ Það myndi þá væntanlega vera þegar Styrmir var áhrifamaður í þeirri valdaklíku sem honum finnst á efri árum hafa skapað samfélag sem er „ógeðslegt“.**

thorarinn@frettabladid.is

# Norðurlöndin



Sigurður Ingi Jóhannsson
samgönguráðherra

Sem samstarfsráðherra Norðurlanda á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni átta ég mig enn betur á hve norrænt samstarf skiptir Íslendinga gríðarlega miklu máli. Rúmlega 30 þúsund Íslendingar búa á hinum Norðurlöndunum, sem eru samanlagt stærsta einstaka viðskiptaland Íslands. Við flytjum meira inn og út frá Norðurlöndunum heldur en til Bandaríkjanna eða Bretlands. Þátttaka í norrænu vísinda- og menntasamstarfi, nýsköpun, menningu og skapandi greinum, er lífæð fyrir okkar fólk og fyrirtæki. Samvinna Norðurlandanna á alþjóðavettvangi gefur Íslandi pólitíska fótfestu, sem er ómetanlegt á óróatímum.

Á morgun er Dagur Norðurlandanna og því ágætt að rifja þetta upp. Ég vil líka í tilefni dagsins ganga svolítið lengra og spyrja: Getur verið að við göngum að norrænu samstarfi sem gefnu, sem sjálfsögðum hlut? Hvað finnst unga fólkinu okkar um norrænt samstarf? Er danskan á útleið og þá kannski líka áhugi ungs fólks á að læra, starfa og stofna fyrirtæki á hinum Norðurlöndunum sem eru sannarlega sem annar heimamarkaður fyrir Ísland? Þykir hallærislegt að vinna í Gautaborg þegar allir eru á leið til Singapúr? Munu Íslendingar framtíðarinnar mennta sig í Kína og Kóreu og engan tíma hafa fyrir Kaupmannahöfn eða Stokkhólm? Hvernig verður staðan 2050?

Framtíðin ein veit svörin. Eina sem við vitum er að sannarlega munu tímarnir breytast – og mennirnir með. Og þó Ísland eigi vissulega að vera áfram með öflug tengsl um allan heim, þá megum við heldur ekki gleyma hvar við erum, hvaðan við komum og hvaða fjölskyldu við tilheyrum. Norðurlöndin eru nefnilega ein stór fjölskylda. Við erum ekki sammála um allt en við stöndum saman þegar á reynir. Saman eru Norðurlöndin heimavöllur fyrir menntun, vísindi, viðskipti, menningu og allt hitt sem gerir okkur að góðum samfélögum. Norrænt samstarf er drifkraftur breytinga sem er lífsnauðsynlegt í heimi á fullri ferð. Okkar styrkur er sameiginleg grundvallargildi um mannréttindi og lýðræði, sanngirni, velferð og velsæld – fyrir alla íbúa.

Ég hef bullandi trú á norrænu samstarfi. Í formennsku Íslands munum við halda áfram að þróa það og efla, ekki síst í samstarfi við ungt fólk. Norðurlöndin, já takk!

**Norðurlöndin eru nefnilega ein stór fjölskylda. Við erum ekki sammála um allt en við stöndum saman þegar á reynir.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Lokum skólum en leyfum sjúkrahús



**Ebba Margrét Magnúsdóttir**
formaður læknaráðs Landspítalans




Eflaust er það að bera í bakkafullan lækinn að skrifa grein um myglu á Landspítalanum. En í ljósi atburða undanfarinna vikna þar sem heilu grunnskólunum er lokað eða þeir jafnvel jafnaðir við jörðu eins og í Kópavogi, vegna myglu, og veikinda nemenda og kennara í kjölfar þess, get ég ekki orða bundist.

Á Landspítalanum hefur mygla sannarlega greinst mjög víða, m.a. á barna- og unglingageðdeildinni, skrifstofum lækna á Hringbraut, á kvennadeildinni og geðdeildinni svo eitthvað sé talið. Margir starfsmenn, læknar sem og aðrir, hafa fundið fyrir einkennum og veikindum sem hafa lagast þegar fólk fer í frí í nokkurn tíma. Töluvert er einnig um fjarvistir vegna mygluveikinda hjá starfsfólki spítalans en ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um þann hóp sem er fjarverandi vegna myglu en ekki annarra veikinda. Því er erfitt að átta sig á umfangi vandans. Nokkrir starfsmenn hafa þurft að hætta vegna veikindanna og finna sér aðra vinnu í heilsusamlegra umhverfi. Hversu margir þeir eru vitum við samt ekki.

Einnig er hreinlega ómögulegt að vita hvaða sjúklingar sem hafa þurft að leita til Landspítalans eftir þjónustu hafa fundið fyrir óþægindum eða veikst. Mjög erfitt er að verða sér úti um þá tölfræði.

Það sem er þó öllu alvarlegra er að í mörgum af þeim byggingum sem eiga að standa áfram, þó nýi meðferðarkjarninn sé að rísa, og nýtast í starfi sjúkrahússins í framtíðinni, hefur greinst mygla og starfsfólk verið frá vegna veikinda. Þar er mín deild á meðal og finnst mér því nauðsynlegt að uppfræða fólk um að þar sem þungaðar konur mæta í sónarskoðun og mæðravernd hefur greinst mygla. Starfsfólk kvennadeildar hefur verið frá í lengri tíma og jafnvel þurft að skipta um starfsvettvang vegna þessa sem er nú ekki auðvelt á okkar litla landi þar sem fáir valkostir eru fyrir hendi.

Viljum við Íslendingar taka á móti nýjum þjóðfélagsþegnum í mygluhúsnæði? Ættum við ekki heldur að vilja að börnin okkar fæðist í sem heilbrigðasta og besta húsnæði sem í boði er? Hvernig stendur á því að þetta nýja vandamál 21. aldarinnar er eitthvað sem ekki má ræða og margir vilja helst sópa undir teppi?

Ég vil hvetja stjórnvöld til að opna þessa umræðu, greina vandann og bregðast strax við. Það kostar auðvitað fjármagn en það kostar líka fjármagn að hafa hámenntað fólk heima sem gæti annars unnið sína vinnu. Það er í raun ábyrgðarleysi gagnvart mannauði okkar þjóðar að bjóða fæðandi konum og öðrum skjólstæðingum Landspítalans upp á heilsuspillandi mygluhúsnæði.

Ef skólum er lokað og þeim rutt um koll hvað á þá að gera við heilbrigðisstofnun eins og Landspítalann, landsins stærsta vinnustað sem allir landsmenn þurfa að geta reitt sig á þegar eitthvað bjátar á?

# Það eru ekki allir sveppir hollir



**Kári Stefánsson**
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Samfélagið stendur í ljósum logum og framlag forsætisráðherra til þess að slökkva elda er að googla hamingjuna?

ÁFRAM ÍSLENSKA!

**Staða og framtíð íslenskukennslu í skólum landsins**
Verið velkomin á ráðstefnu í Silfurbergi í Hörpu, 1. apríl kl. 15.30.





**Ávarp**
**Lilja Alfreðsdóttir**,
mennta- og menningarmálaráðherra.

**Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum**
**Kristján Jóhann Jónsson**,
dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

**„Hann varð snemma illa læs“**
**Hilmar Hilmarsson**, stjórnarmaður í Íslenskri málnefnd og fyrrverandi grunnskólastjóri.
**Sigrún Birna Björnsdóttir**, formaður Samtaka móðurmálskennara og sérfræðingur hjá Kennarasambandi Íslands.





**Skilningur og þekking á tungumálum og málfræði**
**Finnur Friðriksson**, dósent við Háskólann á Akureyri.
**Sigurður Konráðsson**, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

**Hverju barni og unglingi hæfir einhver frásögn**
**Dagný Kristjánsdóttir**, prófessor við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.
**Jón Yngvi Jóhannsson**, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

**„Það drap alveg minn yndislestur að vera í skóla“**
**Brynhildur Þórarinsdóttir**, dósent við Háskólann á Akureyri.





**„Leiðindamál. Sem við þurfum að ræða aðeins betur“**
**Bragi Valdimar Skúlason**, íslenskufræðingur, lætur ýmislegt í ljós.

**Mælingar á málþroska leikskólabarna**
**Jóhanna Thelma Einarsdóttir**, dósent við Heilbrigðis- og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

**Bragi Valdimar Skúlason** stýrir pallborðsumræðum að erindum loknum.

**Fundarstjórn: Karl Ágúst Úlfsson**, formaður Rithöfundasambands Íslands.




Ráðstefnunni lýkur með móttöku. Aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig á **mrn.is/aframislenska**

**Komum saman og styðjum sókn og vörn íslenskrar tungu!**

Ráðstefnan er haldin í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Tilboð gilda út 24. mars




## Tostitos snakk og ídýfur til að gera fullkomið nachos

verð frá **579** kr/stk




**Amerískar beyglur**
Sesamfræ, fínar, kanill & rúsínur og bláberja

**559** kr/pk




**Delight Coffee Creamer**
Caramel Macchiato, French Vanilla, Hazelnut og Hershey´s Chocolate Caramel

**899** kr/pk




**Krispy Kreme kaffi**
Hin fullkomna kaffiblanda
100% Arabica
Framleitt af Te & Kaffi

**998** kr/pk




**Finaflex Keto fæðubótaefni**
Fyrir fólk á ferðinni

verð frá **599** kr/pk




NÝTT Í HAGKAUP

**Vitamin Well Zero**
Ekkert koffín, bara vítamín

**279** kr/stk




**Páskanammi í úrvali**

verð frá **199** kr/pk

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

# Meira svona alla daga



100% HREIN AFURÐ

**Ferskar tortillur**



Maria and Ricardo´s ferskar tortillur

verð frá **299** kr/pk

15% afsláttur

Holta

Kjúklingalundir

**2.039** kr/kg

Verð áður 2.399 kr/kg




California style ferskt Guacamole

**799** kr/pk




35% afsláttur

Kjúklingaleggir

**649** kr/kg

Verð áður 999 kr/kg




30% afsláttur

Nauta piparsteik

**3.149** kr/kg

Verð áður 4.499 kr/kg




30% afsláttur

Hagkaup veislulæri

**1.959** kr/kg

Verð áður 2.799 kr/kg

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Vonandi var hann ekki sannkristinn

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Þann 13. nóvember árið 2015 var framið í París hryðjuverk þar sem hópar vopnaðra manna gerðu árásir á saklaust fólk víða um borgina. 130 féllu, þar af voru 90 ungmenni á tónleikum. Heimurinn sýndi mikla samstöðu með sorg og reiði frönsku þjóðarinnar.

Árásin vakti skiljanlega mikinn óhug því hún var bersýnilega vel skipulögð og morðingjarnir voru flestir ríkisborgarar í Frakklandi og Belgíu auk tveggja Íraka. Forsprakkarnir höfðu ferðast til Sýrlands og urðu meðlimir í þéttu neti svipað þenkjandi einstaklinga sem ýmist hafa hug á eða samúð með voðaverkum á Vesturlöndum þar sem skotmörkin eru almennir borgarar.

Um einu og hálfu ári eftir árásirnar mannskæðu í París bárust fréttir af svipuðu hryðjuverki. Fórnarlömbin voru sárasaklaus ungmenni að njóta lífsins, skemmta sér, daðra og dansa, vera ung og leika sér. Þá þurfti bara einn mann til að breyta græskulausu æskufjöri í blóðugan hrylling. Byssukúlur þutu í gegnum loftið og það var miðað til að drepa. Ungt fólk á harðahlaupum fyrir lífi sínu vissi ekki hvar var skjól og í kringum þá sem sluppu hrundu niður líflausir líkamar sem örfáum mínútum áður höfðu verið uppfullir af gleði, lífskrafti og kærulausum fögnuði. 58 féllu og á níunda hundrað særðust, ýmist af skotsárum eða í troðningnum.

Þegar fréttir byrjuðu að berast af hryðjuverkinu í Las Vegas 1. október 2017 er öruggt að milljónir múslima um heim allan hafi gripið andann á lofti, fengið kökk í hálsinn og fundið hjá sér heita og nístandi ósk—og skammast sín fyrir hugsunina en ekki getað varist henni: „Ég vona að þetta hafi ekki verið múslimi...“

Og það var heldur ekki múslimi heldur amerískur bókhaldari sem hafði efnast á fjárhættuspilum en tapað miklum upphæðum skömmu áður en hann gerði árásina. Hann hafði skipulagt árásina vandlega mánuðina á undan og virst undarlegri en venjulega í háttum; heltekinn af ótta við sýkla og bakteríur og þjakaður af þunglyndi og kvíða. Það voru hins vegar engin teikn á lofti um að hann hefði í huga annað eins illvirki. Líklega datt ekki mörgum íbúum á Vesturlöndum í hug að spyrja sérstaklega um trúrækni hans.

Sama hefur eflaust verið upp á teningnum þegar fréttir fóru að berast í síðustu viku af hryðjuverkum í Christchurch á Nýja-Sjálandi. Árásirnar voru, ef eitthvað er, jafnvel ennþá kaldrifjaðri heldur en mörg þeirra hryðjuverka sem framin hafa verið undanfarin ár á Vesturlöndum. Menn, konur og börn í Christchurch krupu saman í bæn til sama almættis og flestir trúræknir Vesturlandabúar tilbiðja. Það er siður múslima á föstudögum. Bænirnar eru svipaðar og við þekkjum, þær snúast um þakklæti og beiðni um leiðsögn til þess að verða betri manneskjur. Þessi kyrrðarstund var brotin upp í Al-Noor moskunni þegar þungvopnaður maður ruddist inn í helgidóminn.

Safnaðarmeðlimur mætti honum og heilsaði með orðunum „sæll, bróðir“ og upphófst þá miskunnarlaus skothríð á söfnuðinn þar sem 42 féllu. Fimmtán mínútum síðar var gerð sambærileg árás á annan bænastað múslima. Þar létust sjö en einn dó á sjúkrahúsi af sárum sínum. Um fimmtíu særðust.

**Það eru blikur á lofti á Vesturlöndum og allir þeir sem njóta virðingar og tekið er mark á í opinberri umræðu þurfa að gera sér vel grein fyrir því að í hinum ýmsu skúmaskotum vanlíðunar og tilgangsleysis leggja menn við hlustir; tilbúnir til þess að túlka jafnvel minnstu vísbendingar sem réttlætingu fyrir meira hatri og ofbeldi.**

Yngsta fórnarlambið, skotmark miskunnarlausrar heiftar hryðjuverkamannsins, var þriggja ára barn sem hann miðaði á og skaut.

Eins hryllileg og þessi árás var þá hafa eflaust mjög fáir íbúar á Vesturlöndum dokað við, með kökkinn í hálsinum og leyft sér að hugsa: „Ég vona að þetta hafi ekki verið sannkristinn maður.“ Við þurfum ekki að velta því fyrir okkur, því við vitum það öll með algjörri bjargfastri vissu að maður sem fremur annað eins ódæði getur ekki verið kristinn maður; hann er andstæðan við kristilegt hugarfar—hann er óvinurinn sjálfur.

En það virðist vera álitið réttlætanlegt að velta sambærilegum spurningum fyrir sér þegar hópar hryðjuverkamanna fara fram í nafni íslam. Flestum á Vesturlöndum er tamt að líta á hryðjuverk hvítra öfgamanna sem sjálfstæða og einangraða glæpi sturlaðra manna—en voðaverk manna frá múslimaheiminum sem hluta af þaulskipulögðu og stórhættulegu samsæri.

Hér er vert að staldra við. Hryðjuverkamennirnir í Christchurch virðast hafa verið innblásnir af öðrum hryðjuverkamanni, Anders Breivik, sem drap 77 manns árið 2011, þar af 69 frjálslynd ungmenni á eyjunni Útey. Víðtækar ályktanir, og afdrifaríkar ákvarðanir um stríðsrekstur, hafa verið dregnar út frá veikari vísbendingum um samsæri.

Sífellt glannalegri umræða stjórnmálamanna og fjölmiðlafólks á Vesturlöndum er smám saman að hafa þær afleiðingar að úti á ystu jöðrum samfélagsins fjölgar í hópum ungra hvítra manna sem lifa og hrærast í heimi samsæriskenninga, ofsóknaræðis og ofbeldisóra. Þeir fara í gegnum algjörlega sambærilegan heilaþvott og árásarmennirnir í París og aðrir þeir sem gengist hafa hinu svokallaða íslamska ríki á hönd.

Í báðum tilvikum sogast villuráfandi ungir menn, margir í viðjum fíknar eða glæpa, ofan í hugmyndafræðilegt svarthol hatursins og verða hluti af samfélagi sem er bundið saman af botnlausri fyrirlitningu á þeim sem eru utan hópsins og skilyrðislausri hollustu við þá sem gengist hafa öfgunum á hönd.

Það eru blikur á lofti á Vesturlöndum og allir þeir sem njóta virðingar og tekið er mark á í opinberri umræðu þurfa að gera sér vel grein fyrir því að í hinum ýmsu skúmaskotum vanlíðunar og tilgangsleysis leggja menn við hlustir; tilbúnir til þess að túlka jafnvel minnstu vísbendingar sem réttlætingu fyrir meira hatri og ofbeldi.

# Vor í Reykjavík



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
oddviti Viðreisnar í borginni

**Við erum stöðugt að bæta störf okkar með það markmið að borgarbúar fái betri þjónustu.**

Reykjavík er leiðandi afl sem stærsta sveitarfélag landsins. Reykjavíkurborg er stór vinnustaður sem þjónustar alla sem hér búa og fyrirtækin sem hér starfa. Í stórum rekstri getur ýmislegt komið upp á, það má alltaf breyta og bæta. Þess vegna getur samtal og rýni verið til góðs. Það er því gagnlegt að líta yfir stóru verkefnin fram undan.

### Húsnæðismálin

Meirihlutinn vissi frá upphafi kjörtímabils að húsnæðismál og framkvæmdir yrðu stóru verkefnin. Eftir hrun þurfti að taka margar erfiðar ákvarðanir og margt sat á hakanum. Við sem samfélag tókum ákvörðun um að láta fólk og menntun ganga fyrir til að bjarga atvinnustigi og fyrirbyggja ýmsa félagslega erfiðleika sem geta verið fylgikvillar kreppuástands.

Það fór aldrei á milli mála að aftur yrði að setja framkvæmdir og uppbyggingu í forgang. Nú þegar rekstur borgarinnar er í jafnvægi gerum við það, húsnæðismál og framkvæmdir eru efst á verkefnalistanum. Á þessu ári setjum við 20 milljarða í framkvæmdir auk þess sem við stóreflum framkvæmdaráð og umsýslu til að tryggja að allt fari vel fram.

### Þétting byggðar

Meirihlutinn hefur lagt áherslu á hagkvæmar og nútímalegar lausnir í húsnæðisuppbyggingu. Við viljum lausnir fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur, meðal annars með Borgarlínu. Lykilsvæði í húsnæðisuppbyggingunni eru fjölbreyttir þéttingarreitir, meðal annars meðfram þróunarásum aðalskipulags ásamt nýrri, blandaðri byggð í Gufunesi, Bryggjuhverfi, Úlfarsárdal, Elliðaárvogi, Höfðum, Skeifu og Skerjafirði.

### Borgarbúar og borgin okkar allra

Það sem við tryggjum í þessu meirihlutasamstarfi er að þjónusta við borgarbúa sé í forgrunni. Við ætlum að einfalda kerfið og stytta boðleiðir svo að borgarbúar geti með einfaldari hætti nálgast þjónustu borgarinnar. Við höfum lagt áherslu á snjallar lausnir og rafræna þjónustu. Við lækkuðum fasteignaskatta á árinu 2018 og skattur á atvinnuhúsnæði verður lækkaður. Umfram allt viljum við að þjónusta borgarinnar taki mið af þörfum hins fjölbreytta hóps notenda.

Sem fyrr segir þá getur ýmislegt komið upp á stórum vinnustað. Þá þarf að ganga hreint til verks og leysa málin en þar skorumst við ekki undan. Við erum stöðugt að bæta störf okkar með það markmið að borgarbúar fái betri þjónustu. Verkefnin eru mörg og við höldum ótrauð áfram að vinna borgarbúum í hag.

# Aðför að tjáningarfrelsi



Hanna Katrín Friðriksson og Ragnhildur Sverrisdóttir
Höfundar eru hjón

**Allt það fólk, sem tilheyrir þeim hópum sem ákvæðinu er ætlað að vernda, getur upplýst ríkisstjórnina um að hatursorðræða er í sjálfu sér ofbeldi. Orð meiða. Löggjafanum hefur sem betur fer lengi þótt ástæða til að koma í veg fyrir að einhverjir geti, í nafni tjáningarfrelsis, rógborið, hætt, smánað eða ógnað þeim hópum, sem eiga undir högg að sækja.**

Ríkisstjórn, sem lofar í stjórnarsáttmála sínum að koma Íslandi í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks, ætlar nú að breyta almennum hegningarlögum á þann veg að þrengja ákvæði um hatursorðræðu. Breytingin þýðir, að mun erfiðara verður að fá nokkurn mann dæmdan fyrir hatursorðræðu í garð annarra vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar. Tilefni breytinganna virðist vera tveir dómar Hæstaréttar þar sem menn voru sakfelldir fyrir ummæli um hinsegin fólks. Við slíkt má ekki búa, að mati ríkisstjórnarinnar, sem lætur eins og tilgangur breytingarinnar sé að auka tjáningarfrelsi.

Allt það fólk, sem tilheyrir þeim hópum sem ákvæðinu er ætlað að vernda, getur upplýst ríkisstjórnina um að hatursorðræða er í sjálfu sér ofbeldi. Orð meiða. Löggjafanum hefur sem betur fer lengi þótt ástæða til að koma í veg fyrir að einhverjir geti, í nafni tjáningarfrelsis, rógborið, hætt, smánað eða ógnað þeim hópum, sem eiga undir högg að sækja. Upphaflega var ákvæði um það sem almennt er kallað hatursorðræða bætt inn í almenn hegningarlög hér á landi árið 1973. Því hefur tvívegis verið breytt, í báðum tilvikum til að vernd þess nái örugglega til fleiri hópa. Árið 1996 var kynhneigð bætt við og kynvitund 2014, auk annarra breytinga sem lutu að því að skýra ákvæðið betur.

Núna þegar lögin virka í raun eins og til er ætlast virðist ríkisstjórnin, sem ætlar að koma okkur í fremstu röð, vakna upp við vondan draum. Og viðbrögðin eru að þrengja ákvæðið með því að bæta við að háttsemin verði að teljast til þess fallin að hvetja til eða kynda undir hatri, ofbeldi eða mismunun. Í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega vísað til tveggja dóma Hæstaréttar frá 2017, þar sem menn voru dæmdir fyrir ummæli um hinsegin fólk. Í öðrum þeirra vísaði Hæstiréttur til þess að hinum ákærða væri tryggt tjáningarfrelsi samkvæmt stjórnarskrá en gagnstætt þeim réttindum hans stæðu réttindi samkynhneigðra til að njóta eins og aðrir friðhelgi einkalífs síns, „svo og jafnræðis og mannréttinda á við aðra án tillits til kynhneigðar þeirra“. Hvernig ríkisstjórnin getur lesið úr þessu einhverja hvatningu til að þrengja ákvæði um hatursorðræðu er gjörsamlega óskiljanlegt.

Tólf umsagnir hafa nú borist allsherjar- og menntamálanefnd, sem fjallar um frumvarpið til þrengingar á ákvæði um hatursorðræðu. Í ellefu þessara umsagna, frá ýmsum samtökum hinsegin fólks, samtökum fatlaðra, mannréttindaskrifstofum, Kvenréttindasambandinu og Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, er sama krafa til Alþingis Íslendinga: Ekki samþykkja þessa breytingu, hún er vond, hún vegur að öryggi þeirra hópa sem ákvæði laganna á að vernda. Ekki „auka tjáningarfrelsi“ einhliða á kostnað jaðarhópa samfélagsins.

Ljót og hatursfull orðræða sem er til þess fallin að vekja ótta og óöryggi gengur gegn tjáningarfrelsi í samfélaginu. Orðræðan getur leitt til þess að þeir sem fyrir henni verða geti ekki nýtt tjáningarfrelsi sitt óhindrað, því óttinn er sterkt afl. Boðaðar breytingar á lögum eru aðför að tjáningarfrelsi. Svo einfalt er það. Er þöggun jaðarhópa í íslensku samfélagi sjálfstætt markmið sitjandi ríkisstjórnar?


NISSAN
Innovation that excites
NISSAN NAVARA
EINN BEST ÚTBÚNI PALLBÍLLINN
Nissan Navara er með 190 hestafla vél, 7 gíra sjálfskiptingu, 3.500 kg dráttargetu, gormafjöðrun að aftan og 100% driflæsingu sem staðalbúnað.
Aukabúnaður bíls á mynd er AT32 breytingapakki, grillgrind, húddhlíf og gluggavindhlífar.
VIÐ BJÓÐUM NOKKRA NAVARA TEKNA
MEÐ 500.000 KR. AFSLÆTTI
Um er að ræða takmarkaðan fjölda Navara TEKNA, sem eru hlaðnir lúxusbúnaði, á verði ACENTA.
ENNEMM / SÍA / NM92942
5 ÁRA ÁBYRGÐ 160 000 KM
NISSAN NAVARA TEKNA
VERÐ ÁÐUR: 7.490.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 6.990.000 KR.
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Vorboðinn ljúfi



Úrslitakeppnin í Domino's-deild karla hófst í gær þegar Stjarnan stóðst áhlaup Grindvíkinga í seinni hálfleik í níu stiga sigri á sama tíma og Njarðvík náði fram hefndum gegn ÍR eftir sigur Breiðhyltinga í Njarðvík á dögunum. Stjarnan leiddi með tuttugu stigum í upphafi annars leikhluta í gær og virtist ætla að sigla öruggum sigri heim en Grindvíkingar gáfust ekki upp og voru inni í leiknum til lokaflautsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eru sýnd veiði en ekki gefin

**Ísland mætir Andorra ytra í fyrsta leik undankeppni EM 2020 í kvöld. Freyr Alexandersson segir það ekki fara Íslandi að tala andstæðinga niður.**

**FÓTBOLTI** Vegferðin á Evrópumótið 2020 á næsta ári hefst í dvergríkinu Andorra í kvöld þegar Strákarnir okkar mæta Andorra í fyrstu umferð undankeppninnar. Þetta er í sjötta viðureign Íslands og Andorra og hefur Ísland til þessa unnið alla leikina án þess að fá á sig mark. Það eru sjö ár liðin síðan liðin mættust síðast þar sem Jóhann Berg Guðmundsson og Rúnar Már Sigurjónsson sáu um mörkin.

Leikurinn fer fram á Estadi Nacional-vellinum, þjóðarleikvangi Andorra sem tekur rétt rúmlega þrjú þúsund manns og hefur reynst Andorra vel á undanförnum árum. Undirlag vallarins er gervigras sem er eitthvað sem fæstir leikmenn íslenska landsliðsins hafa notast við undanfarin ár og gæti reynst Andorra hliðhollt.

Á heimavelli hefur Andorra ekki tapað mörgum leikjum síðasta ár þar sem þeim hefur tekist að hægja á leikjum og pirra andstæðingana. Í síðustu sex keppnisleikjum á heimavelli hefur aðeins Portúgal unnið Andorra.



„Ég efast ekki um það að leikmennirnir leysi þetta ekki fagmannlega. Við upplýsum leikmennina út í hvað þeir eru að fara því Andorramenn vilja komast inn í hausinn á andstæðingum sínum og ég er viss um að þeir nálgast leikinn af mikilli fagmennsku," sagði Freyr Alexandersson, aðstoðarþjálfari landsliðsins.

Aðspurður sagðist Freyr ekki hafa áhyggjur af meiðslahættunni sem fylgdi gervigrasinu í Andorra.

„Við erum meðvitaðir um þær hættur sem fylgja undirlaginu og við erum búnir að undirbúa það með sjúkrateyminu. Það er langt síðan flestir leikmennirnir spiluðu á gervigrasi en ég hef ekki áhyggjur af því. Það er bara undir okkur komið að fara þangað og vinna."

Freyr segir Andorra vera erfiðara heim að sækja en fólk búist við.

„Það er auðvelt að vanmeta Andorra en það fer Íslandi ekki vel að tala illa um andstæðinga. Þetta verður erfiður leikur sem við þurfum að nálgast af fagmennsku. Þeir eru annað lið á heimavelli. Það er ekki rétt að halda að við séum að fara að valta yfir þá þó að við gerum kröfu um að vinna leikinn."

kristinnpall@frettabladid.is

HAMPIÐJAN

Aðalfundur

Aðalfundur Hampiðjunnar hf. verður haldinn að Skarfagörðum 4, Reykjavík, föstudaginn 5. apríl 2019 og hefst kl. 16:00.

Á dagskrá fundarins verða:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur ásamt ársreikningi félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund.

Hluthafar sem ekki geta sótt fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega eða með rafrænum hætti og þannig að dagsetning komi fram.

Stjórn Hampiðjunnar hf.

HAMPIÐJAN

## Nýjast

### Domino's-deild karla
*Átta liða úrslit*

**Stjarnan - Grindavík 89-80**

**Stjarnan:** Brandon Rozzell 21, Antti Kanervo 19, Hlynur Elías Bæringsson 12, Ægir Þór Steinarsson 11, Tómas Þórður Hilmarsson 9, Collin Anthony Pryor 8, Arnþór Freyr Guðmundsson 5, Filip Kramer 4.
**Grindavík:** Lewis Clinch Jr. 31, Jordy Kuiper 19, Sigtryggur Arnar Björnsson 14, Ólafur Ólafsson 13, Ingvi Þór Guðmundsson 3.

*Stjarnan leiðir einvígi liðanna 1-0. Vinna þarf þrjá leiki til að komast áfram.*

**Njarðvík - ÍR 76-71**

**Njarðvík:** Elvar Már Friðriksson 16, Logi Gunnarsson 15, Maciek Stanislav Baginski 13, Jeb Ivey 12, Eric Katenda 10, Mario Matasovic 9, Jón Arnór Sverrisson 1.
**ÍR:** Sigurður Gunnar Þorsteinsson 20/10 fráköst, Kevin Capers 15, Gerald Robinson 14, Matthías Orri Sigurðarson 8, Hákon Örn Hjálmarsson 8, Sigurkarl Róbert Jóhannsson 6.

*Njarðvík leiðir einvígi liðanna 1-0. Vinna þarf þrjá leiki til að komast áfram.*

### Undankeppni EM 2020

**C-riðill**

**Holland - H. Rússland 4-0**
1-0 Memphis Depay (1.), 2-0 Gini Wijnaldum (21.), 3-0 Depay, víti (55.), 4-0 Virgil van Dijk (85.).

**Norður-Írland - Eistland 2-0**
1-0 Niall McGinn (56.), 2-0 Steven Davis, víti (75.)

**Staðan:** Holland 3, Norður-Írland 3, Þýskaland 0, Eistland 0, Hvíta-Rússland 0.

**E-riðill**

**Króatía - Aserbaídsjan 2-1**
0-1 Ramil Sheydaev (19.), 1-1 Borna Barisic (44.), 2-1 Andrej Kramaric (79.).

**Slóvakía - Ungverjaland 2-0**
1-0 Ondrej Duda (42.), 2-0 Albert Rusnak (85.).

**Staðan:** Slóvakía 3, Króatía 3, Wales 0, Aserbaídsjan 0, Ungverjaland 0.

**G-riðill**

**Austurríki - Pólland 0-1**
0-1 Krzysztof Piatek (69.)

**Makedónía - Lettland 3-1**
1-0 Egzijan Alioski (11.), 2-0 Elif Elmas (29.), 2-1 Vlaceslavs Isajevs (87.), 3-1 Elmas (90+3.).
**Rautt spjald:** Andrejs Ciganiks (90+2.).

**Ísrael - Slóvenía 1-1**
0-1 Andraz Sporar (48.), 1-1 Eran Zahavi (55.)

**Staðan:** Makedónía 3, Pólland 3, Slóvenía 1, Ísrael 1, Lettland 0, Austurríki 0.

**I-riðill**

**Kasakstan - Skotland 3-0**
1-0 Yuri Pertsukh (6.), 2-0 Yan Vorogovskiy (10.), 3-0 Baktiyor Zainutdinov (51.).

**Belgía - Rússland 3-1**
1-0 Youri Tielemans (15.), 1-1 Denis Cheryshev (16.), 2-1 Eden Hazard, víti (44.), 3-1 Hazard (88.).
Rautt spjald: Aleksandr Golovin (90+1.).

**Kýpur - San Marínó 5-0**
1-0 Pieros Sotiriou, víti (19.), 2-0 Sotiriou, víti (23.), 3-0 Ioannis Kousoulos (26.), 4-0 Georgios Efrem (31.), 5-0 Konstantinos Laifis (56.).

**Staðan:** Kýpur 3, Kasakstan 3, Belgía 3, Rússland 0, Skotland 0, San Marínó 0.

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 22. MARS 2019



Valdís alsæl með tvíburana sem nú eru tveggja og hálfs árs. Miklir gleðigjafar og gjörbreyttu lífi foreldranna. MYND/STEFÁN

# Glasafrjóvgun í Prag skilaði tvíburum

Valdís Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur og eiginmaður hennar, Hjörtur Már Gestsson, höfðu reynt í rúmt ár að eignast barn án árangurs. Þau ákváðu að bíða ekki heldur héldu til Prag í glasafrjóvgun. Í dag eru þau hamingjusamir foreldrar tvíbura. →2









Valdís og Hjörtur Már fyrir framan kirkjuna í Kutna Hora sem er bær rétt fyrir utan Prag. Þau ferðuðust og nutu lífsins í Tékklandi.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

**Framhald af forsíðu ➺**

Valdís segir að líf hennar hafi gjörbreyst eftir að hún eignaðist börnin tvö. Nokkrar konur hafa stigið fram undanfarna daga og sagt frá reynslu sinni í glímunni við endómetríósu. Ófrjósemi er ein afleiðing sjúkdómsins en hún er þema að þessu sinni í alþjóðlegum mánuði endómetríósu. Talið er að sjúkdómurinn hrjái 5-10% kvenna og af þeim glíma um 40% við ófrjósemi. Hjá mörgum er ófrjósemi mikið feimnismál en Samtök um endómetríósu vilja opna þá umræðu. Um helmingur þeirra kvenna sem leita sér aðstoðar tæknifrjóvgana hefur verið greindur með sjúkdóminn.

## Aldrei heyrt um sjúkdóminn

Valdís segir að þau hjónin hafi leitað til Art Medica árið 2015 eftir að hafa reynt að eignast barn í meira en ár. „Þaðan var ég send í kviðarholsspeglun þar sem kom í ljós að ég var með endómetríósu. Þegar ég greindist árið 2015 heyrði ég í fyrsta skipti um endómetríósu. Þá fór ég að skilja af hverju ég þjáðist af ótrúlegum verkjum á blæðingum. Mér var alltaf sagt að svona væru bara túrverkir. Konur fengju mismunandi vonda verki. Ég hafði aldrei hugleitt að ég gæti verið með þennan sjúkdóm. Eftir meðferð hjá lækni var mér bent á að best væri að eignast barn fljótlega því blöðrurnar myndast aftur eftir einhvern tíma. Við reyndum sjálf að eignast barn í nokkra mánuði á eftir en þegar ekkert gekk ákváðum við að prófa glasafrjóvgun. Því fylgir erfið hormónameðferð og svolitill tilfinningarússíbani. Í dag eigum við tvíbura, stelpu og strák sem eru tveggja og hálfs og alveg yndisleg. Ég var mjög heppin því allt gekk eins og í sögu í fyrsta skipti en það er alls ekki alltaf,“ segir Valdís. „Ég veit um nokkrar konur sem hafa farið í margar glasafrjóvganir og sumar allt upp í tíu án þess að það hafi gengið.“

## Frábær aðstaða í Prag

Valdís og Hjörtur ákváðu strax að leita sér glasafrjóvgunar utan lands. „Við völdum klíník sem nefnist Gynem og er í Prag. Gynem varð eiginlega fyrir valinu fyrir slysni. Ég setti innlegg á lokaða síðu á Facebook og dásamlegt par setti sig í samband við okkur. Við hittum þau og ræddum þessi mál. Þau höfðu farið bæði hér heima og til Gynem og töluðu rosalega vel um stofuna úti en höfðu ekki sömu sögu að segja um stofuna hér heima,“ segir Valdís. „Ég sendi tölvupóst á Gynem klukkan 18 á laugardagskvöldi og kl. 22 var ég komin með tengilið sem sá síðan um öll mín mál. Það liðu um þrjár vikur frá því að ég hafði samband og þangað til ég var komin út til þeirra og byrjuð í meðferðinni. Þetta tekur mun lengri tíma hér heima. Glasafrjóvgunin sjálf er ódýrari í Prag en hér á landi. Sjúkratryggingar styðja pör nánast ekki neitt fjárhagslega í svona málum. Það skipti okkur þess vegna ekki máli hvert við færum. Ferlið í heild kom svipað út en þá tel ég með dásamlegt frí sem við áttum í Prag með góðu hóteli og



Valdís er hjúkrunarfræðingur á vökudeild Landspítalans. Hún er mikil barnakona og gat ekki hugsað sér lífið án barna. MYND/STEFÁN

bílaleigubíl í tvær vikur. Auk þess var tæknin og mannlegi þátturinn þúsund sinnum betri en ég hafði kynnst hér heima. Fyrir okkur væri það engin spurning að fara þarna aftur.

Mér fannst umhverfið þarna mjög notalegt. Svo dæmi sé tekið þá settu þeir upp fósturvísa hér á landi þegar þeir voru þriggja daga gamlir á þessum tíma en úti bíða þeir þar til þeir verða fimm daga gamlir. Held að það hafi breyst hér á landi. Fósturvísarnir festa sig á sex dögum og í mínu tilfelli voru fimm fósturvísar í upphafi en á fimmta degi voru tveir þeirra hættir að skipta sér svo að ef þeir hefðu verið settir upp hér heima hefði engin þungun orðið á þeim fósturvísum,“ útskýrir Valdís. „Í tilfellum endó-kvenna er ekki um neina sérhæfða meðferð hér heima að ræða en í Prag vildu þeir skoða fleiri og aðra þætti. Til dæmis eru önnur lyf notuð fyrir konur sem greindar eru með endómetríósu,“ segir Valdís.

## Gleðin bankar á dyrnar

Þega hún er spurð hvernig henni hafi orðið við þegar útkoman var jákvæð og tvíburar á leiðinni, svarar hún: „Ótrúlega ánægð. Ég get ekki lýst því hversu mikill léttir það var og gleðinni sem fylgdi. Við vorum heppin. Það var mjög gott hjá okkur að fara svona fljótt út, maður veit aldrei hvernig líkamsklukkan tifar,“ segir Valdís sem er 26 ára. Hún segir ekki á planinu að fara aftur en veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér.

Valdís segist hafa verið mjög áhyggjufull alla meðgönguna um að eitthvað kæmi upp á. „Eftir tuttugu vikur varð ég aðeins rólegri en samt var alltaf einhver hræðsla undirliggjandi. Ég myndi ráðleggja konum að bíða ekki í mörg ár heldur fara í glasafrjóvgun fljótt. Samtök sem nefnast Tilvera hafa auk Samtaka endómetríósu verið fólki innan handar með upplýsingar og öllum velkomið að leita til þeirra. Þetta er viðkvæmt mál fyrir marga en sem betur fer er umræðan um ófrjósemi aðeins að opnast. Það hefur alltaf þótt sjálfsagt mál hér á landi að allir gætu eignast börn en mikið tilfinningastríð er samfara ófrjósemi.“

Valdís segir að kvensjúkdómalæknar mættu vera opnari fyrir því að rannsaka hvort um endómetríósu sé að ræða þegar konur leita til þeirra vegna verkja, ófrjósemi eða annarra fylgikvilla sjúkdómsins. „Við viljum vitundarvakningu um þessi mál meðal almennings en ekki síður innan heilbrigðiskerfisins. Ungar konur hafa verið lagðar inn á sjúkrahús vegna mikilla verkja en koma út með þá sjúkdómsgreiningu að um óútskýrða kviðverki sé að ræða.“

## Síþreyta og orkuleysi

Líf Valdísar og Hjartar breyttist heilmikið þegar tvíburarnir komu í heiminn. „Lífið umturnaðist á gleðilegan máta,“ segir hún. „Mín saga er ótrúlega jákvæð en því miður hafa ekki allar konur með endómetríósu sömu sögu að segja. Þótt maður eignist barn hverfur ekki sjúkdómurinn, því miður,“ segir hún. „Endómetríósan hefur áhrif á mig daglega. Ég er meðal annars með stöðuga síþreytu. Hef fundið fyrir henni allt frá unglingsárunum en þá leitaði ég stöðugt til lækna vegna stanslausrar þreytu og orkuleysis. Það fannst aldrei nein skýring. Ég hætti að leita til lækna þegar ég var sautján ára en þá var mér sagt að byrja að drekka kaffi og fara út í göngutúra. Í dag sofna ég oft með börnunum en ef ég fer seinna að sofa en 22 á kvöldin er ég ómöguleg daginn eftir. Ég á erfitt með að sitja á löngum fræðslufundum og er nánast alltaf orkulaus. Þetta hefur áhrif á lífsgæði mín, ég hef lítinn tíma fyrir sjálfa mig eða manninn minn,“ segir Valdís en hún tekur pilluna án hvíldar til að losna við verki samfara blæðingum. „Það eru mörg og mismunandi einkenni sem fylgja þessum sjúkdómi en þess vegna er hann mjög falinn. Verkir geta auk þess lagst á fleiri vefi líkamans en í leginu,“ segir Valdís sem starfar á vökudeild Landspítalans. „Mér finnst dásamlegt að vera innan um litlu börnin og er sannarlega á réttum stað í lífinu.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Töfraefnið sem bjargaði lífi mínu síðastliðið sumar

## NUTRILENK GOLD hefur hjálpað þúsundum Íslendinga sem þjáðst hafa af liðverkjum, stirðleika eða braki í liðum. Oddrún Helga Símonardóttir er ber því vel söguna og losnaði við þráláta verki á nokkrum vikum.

NUTRILENK GOLD er unnið úr sérvöldum fiskibeinum (aðallega úr hákörlum) sem eru rík af virku, nýtanlegu og uppbyggilegu kondrótíni, kollageni og kalki. Til þess að gera þessi innihaldsefni virk er það meðhöndlað með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólekúlin og gerir það frásogunarhæft og virkt sem frábært byggingarefni fyrir brjóskvef. Nutrilenk hentar fólki á öllum aldri.

Oddrún Helga Símonardóttir, betur þekkt sem Heilsumamman, fór að nota Nutrilenk í sumar með svona líka góðum árangri.



Oddrún segir árangurinn hafa verið eins og í lygasögu.




### Verkir í liðum og brak í hnjám

„Í byrjun síðastliðins sumars fór vinstri olnboginn eitthvað illa út úr vorverkunum í sveitinni. Ég hélt að þetta væru bara strengir og að þetta myndi lagast eftir nokkra daga. Í lok sumarsins var ég orðin mjög slæm, mér var líka orðið illt í hægri öxlinni. Þar voru það gömul meiðsli að taka sig upp vegna aukins álags á hendinni en ég hafði hlíft vinstri (olnboganum) allt sumarið. Til að bæta gráu ofan á svart fór mér að verða illt í hnjánum í fyrsta skipti, því ég var farin að finna fyrir smellum þegar ég skokkaði.

Ég hélt alltaf að ég væri alveg að lagast og ekki búin að panta mér tíma hjá lækni þannig að ég vissi varla orðið hvað ég ætti að segja við lækninn, á hverju ætti að byrja, því mér leið eins og ég væri að verða háöldruð. Ég hef sennilega oft flett framhjá auglýsingu um Nutrilenk og aldrei fundist þetta efni eiga við mig en núna var lag, ég hafði engu að tapa og yrði ekki jafn ónýt þegar ég kæmi mér loksins til læknis.“

### Verkurinn hvarf nánast um leið

Árangurinn var eins og lygasaga, eftir 2 vikur fann ég nánast ekkert til og eftir 3 vikur var ég farin að geta gert armbeygjur og planka. Nokkrum vikum síðar gerði ég hlé á inntöku og eftir aðeins nokkra daga fór ég aftur að finna til. Þá byrjaði ég aftur að taka inn Nutrilenk og verkurinn hvarf nánast um leið.

**Allt að 3 mánaða skammtur**

Núna eru liðnir 3 mánuðir og ég finn ekki fyrir neinu, hvorki í olnboganum, öxlinni né hnjánum og er að springa úr hamingju yfir að hafa endurheimt heilsuna. Það má því segja að Nutrilenk hafi bjargað lífi mínu í sumar – eða a.m.k. olnboganum. Ég tek einungis 2 töflur á dag sem er viðhaldsskammturinn og endist glasið því í 3 mánuði.“

Oddrún, eða Heilsumamman, er þekkt fyrir frábært uppskriftablogg þar sem hún kennir fólki að njóta matarins og ýmiss góðgætis án þess að draga úr hollustunni. Hún er heilsumarkþjálfi og þekkir mátt matarins vel en við getum jú gert kraftaverk fyrir heilsuna með réttu mataræði. Kíkið á heilsumamman.is.

Sölustaðir: Apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana og stórmarkaða

ERTU MEÐ **STERK BEIN**?

BEINVERND ER MIKILVÆG ALLA ÆVI



**OSTEO** ADVANCE er fullkomin blanda fyrir beinin

- **Kalk og magnesíum** í réttum hlutföllum
- **D vítamín** tryggir upptöku kalksins
- **K2 vítamín** sér um að kalkið skili sér í beinin

Vegan




Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

# Skemmtilegt hlaðborð söfnunar

## Stórglæsileg 50 ára afmælissýning Myntsafnarafélags Íslands fer fram um helgina í sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni í Reykjavík. Þar verða sýndir margir fágætir og ómetanlegir hlutir.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Myntsafnarafélag Íslands fagnar um þessar mundir hálfrar aldar afmæli og heldur af því tilefni veglega hátíðarsýningu í sal Ferðafélags Íslands um helgina. Á sýningunni verður m.a. að finna einstakt úrval af íslenskum og færeyskum seðlum og mynt, brauð- og vörupeninga, tunnumerki frá síldarárunum, herstöðvargjaldmiðla, gömul íslensk hlutabréf og ótal margt fleira af sama toga, segir Gísli Geir Harðarson, formaður sýningarnefndar. „Á sýningunni má finna mikið af fágætum og ómetanlegum hlutum og má áætla að verðmæti þeirra sé á bilinu 150-200 milljónir króna. Dýrasti íslenski seðillinn er t.d. metinn á um 3-4 milljónir króna, en um er að ræða 50 króna seðil frá árinu 1886, þann eina sem vitað er um í einkaeigu í heiminum.“

### Glæsileg sýning

Um ár er síðan undirbúningur sýningarinnar hófst þótt formleg vinna hafi ekki hafist fyrr en seint seinasta haust. „Það er í ótal mörg horn að líta við sýningu sem þessa og það gleður mig ósegjanlega að

**„Á sýningunni má finna mikið af fágætum og ómetanlegum hlutum og má áætla að verðmæti þeirra sé á bilinu 150-200 milljónir króna.**

sjá hana verða til í allri sinni fjölbreytni. Ég leyfi mér að segja að þetta sé glæsilegasta sýning sem Myntsafnarafélagið hefur haldið, það er öllu tjaldað til og allir eiga að finna eitthvað við sitt hæfi, allt frá börnum til öldunga. Það verður enginn svikinn af því að kynna sér þetta skemmtilega hlaðborð söfnunar, sem spannar aldir og hefur svo ótal marga snertifleti.“

### Mikið úrval

Meðal annarra hluta sem má skoða um helgina eru fálkaorður og heiðursmerki, þar á meðal keðju ásamt stórkrossstjörnu, en um er að ræða æðsta stig fálkaorðunnar og bera einungis þjóðhöfðingjar slíka keðju, að sögn Gísla. „Sýningargestir geta líka skoðað flugmerki, tímatöflur og farseðlar



„Ég leyfi mér að segja að þetta sé glæsilegasta sýning sem Myntsafnarafélagið hefur haldið, það er öllu tjaldað til,“ segir Gísli Geir Harðarson, formaður sýningarnefndar Myntsafnarafélags Íslands. MYND/ERNIR

íslenskra flugfélaga verða einnig sýndir. Þá verða sýndir einstakir munir sem tengjast íslenskum nasistum á árunum fyrir stríð, minnispeningar og gripir úr seinni heimsstyrjöld og orður og viðurkenningar úr þýska hernum á stríðsárunum. Einnig má vekja sérstaka athygli á orðum Vestur-Íslendinga sem börðust í fyrri heimsstyrjöld, barmmerkjum leigu- og hópferðabílstjóra, gjaldmerkjum stjórnmálaflokka, gullmyntum og medalíum. Að lokum má nefna gamlar íslenskar vöruumbúðir sem bera íslenskri hönnun frá fyrstu tíð skemmtilegt vitni.“

### Með augun opin

Myntsafnarafélag Íslands var stofnað árið 1969 og hefur starfað samfellt síðan. Félagið er vettvangur þeirra sem safna og vilja fræðast um íslenska og erlenda gjaldmiðla, minnispeninga og aðra sambærilega sögulega hluti. „Sumir sanka að sér hlutum, aðrir safna þeim, og þeir sem eru innan vébanda félagsins falla í seinni flokkinn. Það sem þeir eiga sammerkt er yfirleitt sögulegur áhugi og um leið áhugi á að bjarga sjaldgæfum, fallegum og óvenjulegum gripum frá glötun og gleymsku, skrá og rekja uppruna þeirra og setja þá í samhengi við t.d. mikilvæga atburði eða tímabil. Það má heldur ekki gleyma veiðieðlinu sem margir safnarar búa yfir, nautninni samfara því að hafa uppi á merkilegum gripum. Menn eru alltaf með augun opin og þekkingin er gríðarleg hjá mörgum.“

Sýningin er opin milli kl. 14 og 18 í dag og milli kl. 11 og 17 á á laugardag og sunnudag.



SMART FÖT, FYRIR SMART KONUR
NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS

My Style tískuhús
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464



FLOTT FÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR
NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

# Brúðkaup

FÖSTUDAGUR 22. MARS 2019

**Kynningar:** Pippa



## Þarf að virða maka sinn og hjónabandið

Ásta Arnbjörg Pétursdóttir er fjölskyldufræðingur hjá Fjölskylduráðgjöf Norðurlands – Skrefi. Hún skrifaði lokaritgerð sína til MA-gráðu í fjölskyldufræði um farsæld í hjónabandi. →2

NORDICPHOTOS/GETTY



# Fólk velur að eiga gott hjónaband

**Brúðkaup hafa orðið íburðarmeiri á undanförnum árum en þau voru á síðustu öld. Pörin leggja mikla áherslu á glæsileika, fagurlega skreyttan brúðarbíl að ógleymdri dýrindis veislu. Er flott brúðkaup lykillinn að farsælu hjónabandi?**



Er hægt að finna hina einu sönnu hamingju í hjónabandi? Mögulega en það kostar samvinnu. NORDICPHOTOS/GETTY

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Ásta Arnbjörg Pétursdóttir er fjölskyldufræðingur hjá Fjölskylduráðgjöf Norðurlands – Skrefi. Hún skrifaði lokaritgerð sína til MA-gráðu í fjölskyldufræði um farsæld í hjónabandi. Við fengum Ástu til að svara nokkrum spurningum um hjónabandið sem hún féllst góðfúslega á að gera. Fyrsta spurningin var hvort til væri svar við því hver sé lykillinn að farsælu hjónabandi.

„Þetta er stór spurning sem vissulega hefur verið leitast við að svara í rannsóknum en helstu niðurstöður þeirra eru að til þess að geta átt langlíft og farsælt hjónaband er mjög mikilvægt að vera með raunhæfar væntingar til maka síns og einnig til hjónabandsins. Fólk þarf að búa yfir þrautseigju. Djúpstæð vinátta og nánd þarf að vera sá grunnur sem hjónabandið byggir á. Fólk þarf að virða maka sinn og hjónabandið og vera tilbúið að leggja á sig til að hlúa að sambandinu. Það er eins með hjónabandið og annað að ef því er sinnt af nærgætni og alúð þá dafnar það en báðir aðilar verða að leggja sig fram svo að jafnvægi ríki,“ svarar Ásta.

## Verjið tíma saman

Þegar Ásta er spurð hvort hjónabandið sé skuldbinding tveggja einstaklinga, svarar hún: „Á Íslandi er hjónaband ekki löglegt nema það sé skuldbinding tveggja einstaklinga svo það er það form sem við þekkjum. Ég sem ráðgjafi get ekki annað en ráðlagt fólki að halda sig við hjónabandsskuldbindingu sína því ég hef of oft hitt fólk sem upplifir gríðarlega vanlíðan eftir að hafa gert eitthvað sem átti að vera spennandi tilbreyting og lífga upp á lífið en endar með tilfinningalegu niðurbroti. Við erum tilfinningaverur og verðum að lifa samkvæmt því, ég hvet því fólk til að hugsa vel út í hvað það er að fara og hverju þetta á að skila inn í hamingjubankann áður en það leggur af stað út í slíkt ferðalag. Það skiptir miklu máli að hjón verji tíma saman og eigi eitthvað sameiginlegt til að hlúa að og þá er vissulega mjög gott að eiga sameiginlegt áhugamál,“ segir hún. „Hjón verja oft mjög litlum tíma saman vegna annríkis í daglegu lífi og því er það styrkur að geta átt sameiginlegt áhugamál.“

Ásta segir að vitað sé hvað þarf til að hjónaband endist og einnig helstu ástæður fyrir skilnuðum. „Samskiptaörðugleikar eru einn sá þáttur sem oft er nefndur sem ástæða skilnaðar, fólk þarf að kunna að tjá sig og ræða málin sín á milli af virðingu og kærleika til að geta leitt mál til lykta. Þá getur ástæða skilnaðar verið sú að annar aðilinn eða báðir í hjónabandinu eru ekki færir um að gefa af sér eða hlúa að hjónabandi vegna t.d. fíknivanda, veikinda eða eitthvað á lífsleiðinni hefur orðið þess valdandi að einstaklingur á erfitt með að skuldbinda sig annarri manneskju. Miklu máli getur skipt við hvernig aðstæður fólk hefur alist upp og hvaða veganesti það fær út í lífið þegar kemur að því að skuldbinda sig. Ef fólk er ekki tilbúið til að takast á við sjálft sig og leita eftir aðstoð ef á þarf að halda er auðvelt að falla í þá gryfju að kenna makanum um allt sem miður fer og þá er skilnaður oft svarið. En auðvitað geta aðstæður verið þannig í sumum tilfellum að skilnaður er nauðsynlegur. Það að þekkja tilfinningar sína og geta tjáð sig skiptir miklu fyrir farsæld fólks og samskiptahæfni þess svo það hefur vissulega áhrif á gæði hjónabandsins,“ útskýrir Ásta.



**Ásta Arnbjörg Pétursdóttir fjölskyldufræðingur hefur rannsakað hver sé lykillinn að farsæld í hjónabandinu.**

## Fyrstu árin erfiðust

*Stundum er talað um að fyrstu sjö árin í hjónabandi séu erfiðust, er eitthvað til í því?*

„Flóknustu ár hjónabandsins eru þegar mest álag er og vill það oft vera í kringum barneignir og þegar fólk er að koma undir sig fótunum. Sá álagstími er oftar en ekki á fyrstu árum hjónabandsins. Þá er það svo að skilnaðartíðni er mest fyrstu árin og svo dregur úr henni eftir því sem fólk hefur verið gift lengur,“ svarar hún og bendir á að skilnuðum hafi farið að fjölga á áttunda áratugnum. „Það hafa ekki orðið miklar breytingar á skilnaðartíðni síðustu áratugi en tæplega 40% hjónabanda enda með skilnaði. Það er vissulega hærra en var á fyrri hluta síðustu aldar.“

Ásta vill ekki endilega meina að streita í nútímaumhverfi hafi neikvæð áhrif á hjónabandið. „Margir gera miklar kröfur til sín á ýmsum sviðum en ef það gerir líka kröfur til sín varðandi hjónabandið er ekkert að óttast. Það er ekki fyrr en hjónabandið er látið sitja á hakanum sem fólk þarf að hugsa sinn gang.“

## Flókið nútímalíf

*Er líf nútímafólks of flókið fyrir gott hjónaband?*

„Vissulega er líf nútímafólks oft ansi flókið og miklar kröfur eru gerðar en oft á tíðum eru þetta í raun heimatilbúnar kröfur. Ef fólk ígrundar líf sitt vel og ákveður meðvitað í hvað það eyðir tíma sínum í stað þess að fljóta með straumnum bara eitthvert, má breyta miklu. Fólk þarf að velja það að eiga gott hjónaband, það kemur ekki af sjálfu sér. Auðvitað býr fólk við mismunandi aðstæður og lífið getur verið erfitt og flókið en það kemur samt ekki í veg fyrir það að við getum á öllum tímum ákveðið að hlúa að hjónabandinu með einhverjum hætti.“

*Skiptir gott kynlíf alltaf máli í hjónabandi?*

„Nei, það gerir það ekki, í mörgum hjónaböndum er gott kynlíf hluti af góðu hjónabandi og fyrir marga skiptir það miklu máli. En upp geta komið veikindi eða aðstæður sem gera það að verkum að kynlíf er ekki inni í myndinni en þrátt fyrir það heldur gott hjónaband. Fólk finnur sínar leiðir til að viðhalda nándinni því að það er nándin, snertingin og umhyggjan sem skiptir svo miklu,“ segir Ásta og segir að ef hjón séu í góðu hjónabandi þegar á efri ár er komið líði þeim vel andlega og séu hamingjusöm. Það skipti máli. „Gott hjónaband getur vissulega gert efri árin hamingjuríkari. Við erum félagsverur og í góðu hjónabandi áttu góðan vin sem þú getur leitað til með nánast hvað sem er, vin til að deila með bæði gleði og sorg. Að eiga örugga höfn í maka sínum skiptir miklu máli og það er ekki síður mikilvægt á efri árum en þegar við erum yngri.“









Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is


GEYSIR
HEIMA
GEYSIR HEIMA: Skólavörðustígur 12. S. 519 6033. Instagram: geysir_heima

Gull & Silfur
Laugavegi 52 / 101 Reykjavík / Sími 552 0620 / www.gullogsilfur.is



ÞÚ ÞARFT BARA AÐ SEGJA JÁ!
VIÐ SJÁUM UM TÆKNIBÚNAÐINN
Við leigjum tjöld, borð og stóla, uppblásna sófa, hljóðkerfi, ljósakerfi, skjávarpa, sýningartjöld, hoppukastala og fleira **fyrir þinn viðburð.**
EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd
S: 575 4600 exton@exton.is

Dagurinn ykkar á að vera nákvæmlega eins og þið viljið hafa hann.
Athafnir Siðmenntar eru fyrir fólk sem vill veraldlegan valkost.



Siðmennt
Ljósmynd: Kristín María Stefánsdóttir



Harry og Meghan nýorðin hjónakorn. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á nokkra þúsundkalla og stóðst að mestu.

# Tölurnar á bak við brúðkaup aldarinnar

Harry Bretaprins og Meghan Markle gengu í það heilaga á síðasta ári. Hér koma nokkrar skemmtilegar staðreyndir en nýlega var greint frá hvað öll herlegheitin kostuðu.

**50** þúsund pund kostaði brúðartertan.



**110** þúsund pund kostuðu blómin.

**286** þúsund pund kostaði veitingaþjónustan.

**32** milljónir punda var kostnaðaráætlun brúðkaupsins.

**2,6** milljónir punda kostaði að hreinsa til fyrir brúðkaupið.



**18** milljónir fylgdust með brúðkaupinu í beinni í Bretlandi. 29 milljónir í Bandaríkjunum.



**1,1** milljón punda fór í að tryggja öryggi fólks sem kom til að fylgjast með við Windsor-kastala, halda svæðinu hreinu og í risaskjáina.

**4** þúsund pund fóru í ferðakostnað starfsfólks.

**14** þúsund pund fóru í flögg og annað.

**3** þúsund pund fóru í að búa til fjölmiðlapassana.

**390** þúsund pund kostaði brúðarkjóllinn.



**7** góðgerðarfélög fengu að njóta góðvildar Harrys og Meghan sem vildu ekki brúðargjafir.

**3,4** milljónir manna tístu meðan á athöfninni stóð.

**500** egg fóru í brúðartertuna. Það tók sex bakara fimm daga að búa hana til.





**25** kokkar sáu um brúðkaupsveisluna.

**12** milljónum hefur líkað við þær 16 myndir sem konungsfjölskyldan hefur gefið út á Instagram.

**250** hermenn tóku þátt í hátíðahöldunum.



hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Skál fyrir brúðhjónunum

**Þegar skálað er í brúðkaupum er það oftar en ekki gert í kampavíni. Þessi klassíski drykkur stendur alltaf fyrir sínu en það er líka gaman að hressa upp á hann og búa til kampavínskokteila sem til eru í ýmsum útgáfum. Hér eru fimm þeirra.**


French 75.


Mímósa.


Mango Bellini.


Kampavíns-mojito.

## French 75

Undirbúningur: 5 mín.
Fyrir: 1

Setjið 1 msk. af sítrónusafa, 1 tsk. af sykursírópi og 50 ml af gini í kokteilhristara og fyllið hann með ísmolum. Hristið vel og hellið svo vökvanum, án klakanna, í kampavínsglas. Fyllið glasið upp með kampavíni, hrærið létt með kokteilhrærara og skreytið glasið með ræmu af sítrónuberki.

## Mímósa

Undirbúningur: 10 mín.
Fyrir: 1

Hellið 25 ml af ferskum klementínu- eða mandarínusafa og 50 ml af ferskum appelsínusafa í kampavínsglas. Bætið við um 100 ml af kampavíni og berið fram.

## Mango Bellini

Undirbúningur: 10 mín.
Fyrir: 2

Flysjið og saxið hálft mangó sem er vel þroskað. Setjið í blandara ásamt 100 ml af kampavíni þar til blandan er orðin mjúk og slétt. Skiptið vökvanum í tvö kampavínsglös. Bætið nú rólega við kældu kampavíni og berið fram.

## Kampavíns-mojito

Undirbúningur: 5 mín.
Fyrir: 1

Setjið nokkra ísmola í vínglas. Setjið fimm mintulauf í lófa og klappið hinni hendinni ofan á, þetta mer laufin án þess að bragðið verði biturt. Setjið laufin ofan í glasið og bætið við 25 ml af rommi, safa úr hálfri límónu, 1 tsk. af sykursírópi og dassi af Angostura bitter. Hrærið rólega í blöndunni og bætið svo kampavíni ofan á.

## Raspberry fizz

Undirbúningur: 5 mín.
Fyrir: 1

Setjið fjögur hindber í mortél og merjið. Setjið maukið í kampavínsglas og bætið við 25 ml af hindberjalíkjör. Fyllið upp með köldu kampavíni.


Raspberry fizz.








SÓL RÓS

Einstakir kjólar og skór fyrir einstök augnablik

www.solros.is | solros@solros.is | Fjörður Verslunarmiðstöð | @solrosboutique


# Veislureiknir ríkisins

Það getur verið erfitt að átta sig á því hversu mikið af víni og bjór þarf í veisluna. Á heimasíðu ÁTVR er sérstakur veislureiknir þar sem hægt er að setja alls konar breytur inn í dæmið. Hve margir gestir koma, hvað er gert ráð fyrir að þeir muni drekka hlutfallslega af rauðvíni, hvítvíni, freyðivíni og bjór.

Samkvæmt veislureikninum kom í ljós að ef brúðhjón bjóða 100 manns í veislu sem tekur fjóra klukkutíma og þeir drekka 45 prósent rauðvín, 41 prósent bjór, 12 prósent hvítvín og skála örlítið í freyðivíni þarf að gera ráð fyrir eftirfarandi:

Þá mun þurfa 45 rauðvínsflöskur, 259 litla bjóra, 13 hvítvínsflöskur og þrjár freyðivínsflöskur fyrir gestina. Hvort þessi veislureiknir er svo réttur á eftir að koma í ljós en 2,6 bjórar á mann og 2,7 rauðvínsglös á fjórum klukkutímum þar sem gleðin er við völd er kannski pen drykkja. Yfirleitt drekka gestirnir örlítið meira – sérstaklega ef er gaman.

Hægt er að skoða veislureikninn og setja inn sínar breytur á vinbudin.is




**Samkvæmt ÁTVR er drukkið mest af bjór og rauðvíni þegar kemur að brúðkaupsveislum. Veislureiknir ríkisins gerir ráð fyrir ýmsum breytum sem hægt er að slá inn.**




# vönduð matarstell í brúðargjöf

**15% kaupauki** til brúðhjóna sem stofna brúðargjafalista

ROSENDAHL COPENHAGEN · GEORG JENSEN · ROYAL COPENHAGEN · Villeroy & Boch 1748

# KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is

# Ljóslifandi brúðkaupsstytta

**Anna Margrét Aðalsteinsdóttir vildi ekki hefðbundna styttu á brúðartertuna sína. Hún fór því á stúfana og fann fyrirtæki sem sérhannar styttur eftir myndum af brúðhjónunum sjálfum.**



Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is

Anna Margrét og maður hennar, Ellert Geir Ingvason, giftu sig 25. ágúst í fyrra en þá höfðu þau verið saman í fjórtán ár. „Við kynntumst í gegnum vinkonu mína árið 2004 og höfum verið saman síðan,“ segir Anna Margrét en samtals eiga þau þrjú börn á aldrinum 12 til 21 árs.

Bónorðið bar Ellert upp á rómantískan hátt á aðfangadag 2017. „Hann gaf mér minnislykil í jólagjöf. Á lyklinum var myndband af okkur og börnunum með laginu Perfect eftir Ed Sheeran í bakgrunni. Í lokin birtist texti þar sem hann bað mig um að giftast sér. Ég held að börnin hafi aldrei séð mig gráta eins mikið, og fannst það reyndar fyndið,“ segir Anna Margrét og hlær að minningunni.

Hún fór strax að skoða og skipuleggja fyrir stóra daginn, ákveða sal og skreytingar en veislan var haldin í félagsheimilinu Hvolnum á Hvolsvelli. „Við eigum góða vini sem voru með okkur í undirbúningnum en við ákváðum strax að stíla inn á einfaldleika og sveitastíl enda búum við hér í hálfgerðri sveit á Hvolsvelli.“ Boðið var upp á humarsúpu með hvítsúkkulaðirjóma í forrétt, í aðalrétt var klassískt íslenskt lambalæri og brúðarterta í eftirrétt.

Anna Margrét hafði velt því dálítinn tíma fyrir sér hvers konar styttu hún vildi hafa á brúðartertunni. „Mér fannst þessar hefðbundnu styttur af hinum fullkomnu brúðhjónum ekki fallegar og fór því á netið að leita. Á eBay rakst ég á fyrirtæki sem selur styttur sem eru búnar til eftir myndum af fólki og verða þannig nokkuð nákvæmar eftirmyndir. Ég ákvað að slá til og sendi til þeirra myndir af okkur Ellerti, mynd af hárgreiðslunni sem mig langaði að hafa á brúðkaupsdaginn og mynd af kjólnum sem ég ætlaði að klæðast. Síðan var ég í stöðugu sambandi við fyrirtækið sem sendi mér reglulega myndir af ferlinu og ég gat gert athugasemdir um liti og annað.“

Síðan var styttan send af stað til Íslands en það runnu tvær grímur á Önnu Margréti þegar hún rak augun í að styttan yrði 15 cm há og gæti verið allt að 1.200 grömm að þyngd. „Ég hugsaði með mér að ég gæti varla skellt henni á kökuna sjálfa, hún myndi bara sökkva. Það fór því þannig að styttuna settum við á skreytt box á borðinu með fordrykkjunum og það kom bara vel út. Tertan var skreytt með sykurblómum og það var bara meira en nóg.“

Anna Margrét segir styttuna hafa vel lukkaða. „Hún er mjög lík okkur og hægt að sjá í þeim ýmis persónueinkenni. Hún kostaði um 18 þúsund krónur með tolli og við sjáum ekki eftir krónu enda stendur hún á góðum stað á heimilinu og minnir okkur á þennan skemmtilega dag.“



**„Mér fannst þessar hefðbundnu styttur af hinum fullkomnu brújóhjónum ekki fallegar og fór því á netið að leita.**



Ellert Geir og Anna Margrét giftu sig í ágúst í fyrra.




Verð frá kr. 99.900,-

Kælitækni

Rauðagerði 25 108 Rvk Sími 440-1800 www.kaelitaekni.is

# Brautryðjendur í blöðruskreytingum

Þegar gott partí gjöra skal má alls ekki gleyma skreytingum. Pippa hefur skapað fallegar veislur síðan fyrirtækið var stofnað árið 2016 þegar það innleiddi blöðruskúlptúra hér á landi – fyrst fyrirtækja.

Pippa starfrækir vefverslun þar sem áhersla er lögð á vandaðar, skemmtilegar og smart vörur. Hægt er að skoða allar vörur og panta á heimasíðunni www.pippa.is. Vörur eru sendar heim með pósti og jafnan er hægt að tryggja afhendingu innan þriggja daga. Boðið er upp á heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu og getur varan þá verið komin samdægurs. Jafnframt er hægt að panta í gegnum Facebooksíðu Pippu.

Meginþátturinn í starfsemi Pippu er skreytingaþjónusta fyrir alla mögulega viðburði í lífi fólks eins og afmæli og fermingar, en ekki síst brúðkaup. Þeir eru margir sem munu ganga upp að altarinu í ár og hafa flestir þeirra nú þegar hafist handa við að undirbúa brúðkaup ársins.

Blöðruskúlptúrar Pippu hafa fangað gleði og athygli fjölmargra gesta síðan þessi nýjung leit fyrst dagsins ljós hér á landi. Skreytingasérfræðingar Pippu hafa verið brautryðjendur í blöðruskreytingum hér á landi og hafa blöðruskúlptúrarnir heldur betur slegið í gegn.

Blöðruskúlptúrar Pippu koma í þremur stærðum og henta við öll tækifæri og í alla veislusali.

Skreytingasérfræðingar Pippu hafa verið duglegir að afla sér þekkingar við gerð slíkra skreytinga og hafa mikla reynslu. „Við höfum byggt upp öflugt tengslanet síðan við byrjuðum í bransanum og erum mjög duglegar að fylgjast með hvað er í gangi í veislubransanum í heiminum. Við öflum okkur einnig þekkingar með því að sækja námskeið og fyrirlestra á vegum birgja okkar erlendis,“ segir Erna Hreinsdóttir, einn af eigendum Pippu.

Einungis umhverfisvænar gæðablöðrur eru notaðar í verkefnin. Blöðrurnar koma frá traustum birgjum Pippu erlendis, eru í fallegum og fjölbreyttum litum, eru þéttar og með góðan endingartíma. Það sem er þó allra besta við blöðrurnar frá Pippu er að þær eru lífbrjótanlegar, þ.e. þær brotna mun fyrr niður í náttúrunni en aðrar hefðbundnar blöðrur og endurvinnslugildi þeirra því mjög hátt.

„Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi að vera eins umhverfisvæn og við mögulega getum í öllu sem við gerum. Þegar við förum að læra meira um blöðrur, eins og gerist í þessum bransa, þá lærðum við það að blöðrur eru ekki bara blöðrur. Það er mikill munur á gæðum blaðra og við veljum gæði miklu frekar en ódýrasta kostinn,“ segir Erna.

Pippa hefur einnig lagt áherslu á að bjóða upp á nýjungar í blöðruheiminum og eru skreytingasérfræðingar í miklum samskiptum við birgja og eru duglegir að afla sér þekkingar og kynna sér það heitasta sem í boði er hverju sinni. Fyrir brúðkaupsveislur ársins býður Pippa nú upp á þá nýjung að skreyta blöðruhjarta og blöðruboga, allt eftir óskum brúðhjóna.

Sérfræðingar Pippu leggja sig fram um að veita persónulega þjónustu. Þeir koma á staðinn og leiðbeina brúðhjónum auk þess að gefa innblástur og hugmyndir. Nú þegar hafa fjölmörg brúðkaup og aðrir viðburðir verið bókaðir hjá Pippu sumarið 2019 en segja má að blöðruskreytingar og ekki síst blöðruskúlptúrar, séu heitasta „trendið“ í ár.

„Rósagullið er að trompa allt í skrautinu um þessar mundir. Íslendingar eru frekar seinir að hoppa á svona trend og vilja síðan staldra við frekar lengi þegar það kemur að trendum. Því rósagullið hefur verið ríkjandi erlendis í um tvö ár en það virðist vera að kikka vel inn hérlendis núna. Líkt og myndabásarnir, þeir hafa náð þvílíkum vinsældum og munu vera áfram um nokkra stund. Annað trend sem við sjáum vera að koma sterkt inn í veisluheiminum er trópíkal-þema, það mun verða mikið af laufblöðum og kaktusum á næstunni.“



Nýjungin hjá Pippu er hjartalaga vöndur úr blöðrum. Setur punktinn yfir i-ið.



Blöðruskúlptúrarnir frá Pippu fást í þremur stærðum og henta við öll tækifæri og í nánast alla veislusali.



Pippa starfrækir vefverslun þar sem áhersla er lögð á vandaðar, skemmtilegar og smart vörur. Hægt er að skoða allar vörur og panta á heimasíðunni pippa.is.



„Það er mikill munur á gæðum blaðra og við veljum gæði miklu frekar en ódýrasta kostinn,“ segir Erna Hreinsdóttir meðal annars í viðtalinu.



**Blöðruskúlptúrar Pippu hafa fangað gleði og athygli fjölmargra gesta síðan þessi nýjung leit fyrst dagsins ljós hér á landi.**

**Sérfræðingar Pippu leggja sig fram um að veita persónulega þjónustu. Þeir koma á staðinn og leiðbeina brúðhjónum auk þess að gefa innblástur og hugmyndir.**



# Frískandi eftirréttir í veislunni

## Eggert Jónsson, bakari og konditor, gefur lesendum hér tvær góðar uppskriftir að slíkum réttum.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Það er tilvalið að bjóða upp á frískandi og létta eftirrétti í giftingarveislunni, hvort sem það er sitjandi borðhald eða standandi veisla, segir Eggert Jónsson, bakari og konditor. „Það eru tískusveiflur í eftirréttum eins og öðru en sjálfum finnst mér léttir eftirréttir, t.d. í glasi eða í skál, henta vel eftir góða máltíð. Ég hef undanfarið gert mikið af brúðartertum sem eru hraunaðar með hvítu súkkulaði og kakósmjöri og njóta mikilla vinsælda og svo eru franskar makkarónur alltaf vinsælar.“



Eggert Jónsson, bakari og konditor. MYNDIR/ERNIR

### Súkkulaði- og kókosmús

25 glös

**Kexblanda**

**1 pakki gott engiferkex**
**100 g brætt smjör**
**½ tsk. kanill**

Kexið mulið og öllu blandað saman. Ein msk. í hvert glas.

**Engifersúkkulaðimús**

**250 g mjólk**
**50 g engifer**
**400 g karamellusúkkulaði**
**5 g matarlímsblöð (2 stk.)**
**500 g rjómi**

Matarlímsblöð sett í kalt vatn í 10 mín. Hitið mjólk og saxað engifer að suðu, bætið matarlímsblöðum út í og sigtið engiferið frá. Hellið yfir súkkulaðið og hrærið. Léttþeytið rjómann og blandið út í súkkulaðiblönduna þegar súkkulaðiblandan er orðin ca. 32°C.

**Svissneskur marengs**

**60 g eggjahvíta (2 stk.)**
**90 g sykur**

Sjóðið vatn í potti og setjið eggjahvítur og sykur í stálskál yfir vatnsbað og hitið blönduna í ca. 55°C. Þegar blandan er orðin heit þá er hún stífþeytt.



Súkkulaði- og kókosmús, skreytt með karamellupoppi.

**Kókosmús**

**9 g matarlímsblöð (4 stk.)**
**300 g kókospúrra**
**90 g svissneskur marengs**
**270 g rjómi**

Matarlímsblöð sett í kalt vatn í 10 mínútur. Sjóðið helminginn af púrrunni og léttþeytið rjómann. Setjið matarlímsblöðin út í heita púrruna og hrærið. Næst fer restin af púrrunni út í. Þegar blandan er ca. 32°C er marengsinum bætt út í og blandað varlega með sleif. Að lokum er rjómanum blandað út í.

**Karamellupopp**

**1 poki popp**
**210 g sykur**
**100 g vatn**
**1 msk. smjör**

Sykur og vatn sett í pott og soðið þangað til blandan er orðin ljósbrún. Bætið smjörinu út í og hrærið. Hellið yfir poppið og blandið þessu saman með skeið. Saltið smávegis.

**Samsetning:** Kexblandan í botninn, súkkulaðimús yfir og svo kókosmús. Skreytt með karamellupoppi.

### Súkkulaðimús með mangói og ástaraldini

25 skálar

**Kexblanda**

**1 pakki gott hafrakex**
**100 g brætt smjör**
**½ tsk. kanill**

Kexið mulið og öllu blandað saman. Ein msk. í hverja skál.

**Súkkulaðimús**

**250 g mjólk**
**400 g mjólkursúkkulaði**
**5 g matarlímsblöð (2 stk.)**
**500 g rjómi**

Matarlímsblöð sett í kalt vatn í 10 mínútur. Hitið mjólk að suðu, setjið matarlímsblöðin úti og hellið yfir súkkulaðið, hrærið. Léttþeytið rjómann og blandið út í súkkulaðiblönduna þegar hún er orðin ca. 32°C.

**Svissneskur marengs**

**90 g eggjahvíta (3 stk.)**
**135 g sykur**

Sjóðið vatn í potti og setjið eggjahvítur og sykur í stálskál yfir vatnsbað.
Hitið blönduna í ca. 55°C. Þegar blandan er orðin heit þá er hún stífþeytt.

**Mangó- og ástaraldinmús**

**10 g matarlímsblöð (5 blöð)**
**200 g ástaraldinpúrra**
**100 g mangópúrra**
**225 g svissneskur marengs**
**300 g rjómi**

Matarlímsblöð sett í kalt vatn í 10 mínútur. Sjóðið ástaraldinpúrruna og léttþeytið rjómann. Setjið matarlímsblöðin út í heita púrruna og hrærið.
Næst fer mangópúrran út í. Þegar blandan er ca. 32°C þá er marengsinum bætt út í og blandað varlega með sleif. Að lokum er rjómanum blandað út í.

**Kex til skrauts**

**125 g sykur**
**35 g hveiti**
**50 g ástaraldindjús eða appelsínusafi**
**50 g smjör (brætt)**

Öllu blandað saman og sett í kæli í smástund. Næst smurt þunnt út á plötu og bakað við 190°C í 7-9 mín.

**Samsetning:** Kexblandan í botninn, súkkulaðimús yfir, næst mangó- og ástaraldinmúsin og að lokum skreytt með kexinu.






herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND



Bónorð kemur oftast á óvart.

## Viltu giftast mér?

Að bera upp bónorð er eitt af stærstu augnablikunum í lífi hvers manns og flestum ógleymanlegt. Hægt er að skella sér á skeljarnar og bera fram hring á hefðbundinn máta en líka koma elskunni sinni á óvart. Hér gefast fáeinar hugmyndir til að biðja um hönd þess sem þú elskar.

- Laumaðu hring á fingur þess sem þú elskar á meðan hann sefur og sjáðu hver viðbrögðin verða.
- Skrifaðu ljóð eða ástarsögu um ykkur tvö og láttu það enda á bónorði.
- Endurgerðu fyrsta stefnumótið ykkar en nú með nýjum og óvæntum endi á staðnum þar sem allt byrjaði.
- Eigið þið barn? Klæddu það í bónorðsbol og sendu það í fang elskunnar þinnar.
- Settu hring í borða um háls gæludýrsins ykkar eða skrifið bónorðið á borðann.
- Taktu myndband af vinum og ættingjum útlista hvað þeim þykir þið eiga vel saman. Dragðu fram hring í enda myndarinnar.
- Búðu til krossgátu þar sem lausnarorðið er Viltu giftast mér.
- Plataðu elskuna í passamyndaklefa og komdu henni á óvart með bónorði og hring þegar myndavélin byrjar að taka myndir. Þá nærðu fjórum ólíkum viðbrögðum á mynd.
- Safnaðu saman minningum sem þú veist að kynda undir tilfinningunum og ást ykkar á milli. Skrifaðu skilaboð aftan á hverja mynd með bónorði á þeirri síðustu.



Rómantíkin dansar með norðurljósunum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ísland á lista Harper's Bazaar

Ísland er á lista tímaritsins Harper's Bazaar yfir rómantískustu áfangastaði nýgiftra hjóna árið 2019. Þar er norræn eldamennska dásömuð á hveitibrauðsdögunum, sem og þyrluferðir upp á hæstu tinda lands elds og ísa þar sem hamingjusöm hjón geta rennt sér á fjallaskíðum hönd í hönd á milli jökla og síðan endurnært þreytta kroppa í heitum náttúrulaugum.

Sveitaferð um Ísland er rómantískur bíltúr og ómissandi að busla í Bláa lóninu, fyllast orku tindrandi jökla í Vatnajökulsþjóðgarði og kíkja saman í forvitnilegar búðir á Laugaveginum.

Hvergi í heiminum eru svo meiri líkur á að njóta dansandi norðurljósa innan um milljón blikandi stjörnur og ævintýrin bíða við hvert fótmál á íslenskri grundu, eins í hjólatúr um Reykjavík, í bát á ísbláu Jökulsárlóni og þegar selir sjást kyssast í fjöruborðinu.

# Hvað táknar litur brúðarkjólsins?

Hvítir og beinhvítir brúðarkjólar njóta yfirgnæfandi vinsælda á brúðkaupsdaginn en brúðarkjólahönnuðir hafa í auknum mæli teflt fram litríkara brúðarskarti sem eykur möguleika brúðar á að klæðast sínum uppáhaldslit þegar hún gengur í hjónaband. Litir brúðarkjóla hafa mismunandi merkingu sem er gaman að skoða áður en kjóllinn er valinn.

- Hvítur er litur fullkomnunar og tengist góðmennsku, sakleysi, hreinleika og meydómi.
- Beinhvítur hefur sömu merkingu og hvítur, en í gamla daga var hann stundum tengdur spilltu sakleysi. Nútímabrúðir taka stundum beinhvítan fram yfir hvítan þar sem hann tónar betur við húðlit þeirra.
- Rauður er litur ástarinnar og á sér margar skírskotanir; í sterkar tilfinningar, ástríður, spennu, orku, styrk og hamslausa hrifningu.
- Bleikur táknar sakleysi, ferskleika, hreinleika, góða heilsu og gott líf en líka daður og kvenlegan yndisþokka.
- Blár tengist vatni og sjó og stendur fyrir friðsæld og kyrrð, kvenleika, lífið og hreinleika. Blátt táknar einnig öryggi, tryggð og stöðugleika.
- Svartur er litur sem mörgum stendur stuggur af og er sjaldgæfur á brúðum. Svartur stendur fyrir glæsileika, en einnig völd, kynlíf, fágun, ríkidæmi, dulúð og dýpt.



Bleikir brúðarkjólar tákna sakleysi, hreinleika og kvenlegan þokka.




# SPORT 24

## Íþróttavöruverslun

PUMA®

## Pumadagar

**22. til 27. mars**

**30% afsláttur**

af Puma fatnaði og skóm

**Opið**

Laugardag 11–16

Sunnudag 12–15

## Öll helstu merkin á einum stað

adidas NIKE hummel PUMA Champion ellesse FILA

**Opnunartími**

Virka daga 11-18

Laugardaga 11-16

**Sundaborg 1** Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á facebook

# Skipuleggur Franska daga á Fáskrúðsfirði frá Eyjum

Daníel Geir Moritz hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Franskra daga á Fáskrúðsfirði. Daníel Geir er búsettur í Vestmannaeyjum og skipuleggur því hátíðina úr um 600 kílómetra fjarlægð.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Ég er ótrúlega spenntur fyrir þessu. Mér finnst fátt skemmtilegra en að skipuleggja viðburði og þessi hátíð á sérstakan stað í hjarta mínu, enda á ég mjög marga ættingja á Fáskrúðsfirði og gríðarlega margar góðar minningar frá Frönskum dögum,“ segir Daníel Geir Moritz, skemmtikraftur, sparkspekingur og kennari, en hann hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri yfir hátíðinni Frönskum dögum á Fáskrúðsfirði sem fer fram dagana 25. til 28. júlí.

Hátíðin er sérstök að því leyti að hún er haldin til að halda sögunni á lofti en Frakkar voru umsvifamiklir á Fáskrúðsfirði á sínum tíma og þar stendur til að mynda franski spítalinn og glæsilegt safn. Franskir dagar hafa verið haldnir frá árinu 1996 og má á hátíðinni finna brennu, listsýningar, fjöldasöng, sem Ingó veðurguð mun stýra í ár, franskar íþróttir, dansleiki og tónleika svo eitthvað sé nefnt. Daníel Geir þekkir vel til hátíðarinnar, enda samdi hann lag hennar árið 2008 sem heitir einfaldlega Franskir dagar.

„Ég lít á þetta sem kjörið tækifæri fyrir fjölskylduna til að dvelja á Austurlandi í sumar en óhætt er að segja að megnið af Frönskum dögum á Fáskrúðsfirði verður skipulagt frá Vestmannaeyjum,“ segir Daníel Geir en hann er búsettur í Eyjum þar sem hann kennir við grunnskólann, um 600 kílómetra frá Fáskrúðsfirði.

„Það sem mér finnst hvað skemmtilegast við Franska daga er hvað Fáskrúðsfirðingar tala vel um hátíðina sína og þykir vænt um hana. Ég vil því skora á alla að fá til sín gesti, brottflutta að snúa aftur og fólk á Austurlandi að kíkja á Franska daga í ár. Svo eru allir velkomnir og um að gera að prófa eitthvað nýtt,“ segir Daníel.



Ein af fáum aðalbækistöðvum frönsku sjómannanna hér við land var á Fáskrúðsfirði. Er ætlað að þetta tímabil hafi staðið frá síðari hluta 19. aldar og þar til að síðustu skúturnar fóru héðan á seinni hluta fjórða áratugar tuttugustu aldar. Síðustu ár hafa Fáskrúðsfirðingar glaðst yfir þessum tengslum.



Sigurleif Kristmannsdóttir, unnusta Daníels, og dóttir þeirra, Kristrún Día, ásamt sprelligosanum Daníel að lesa bókina Að prumpa glimmeri.



Daníel þekkir vel til á Austurlandi enda fæddur og uppalinn í Neskaupstað. Hér er hann ungur að árum í gulum búningi Þróttar.



Tengsl Fáskrúðsfirðinga við Frakka urðu til þess að þann 18. ágúst 1991 var komið á vinabæjartengslum við bæinn Gravelines.

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

Sérblað um fyrirtæki sem þjónusta önnur fyrirtæki kemur út miðvikudaginn 27. mars.

Í þessu blaði geta fyrirtæki eða einstaklingar kynnt sína þjónustu í formi kynningar eða með hefðbundinni auglýsingu.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550-5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Sagnasjóður handa nýrri öld

## Íslendingasögur og þættir
## í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu




Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson.
Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísnaskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggnast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, aflraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

## Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir

SAGA
FORLAG

www.vinland@centrum.is • sími: 8937719 • 5627950

## Bílar & Farartæki




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Þjónusta

### Sendibílaþjónusta

**SENDIBÍLAÞJÓNUSTA.**
Tökum að okkur allar flutningar,traust og góð þjónusta og vanir menn,
**Upplýsingar í síma:**
**Árni 661-3166**
**Ásgeir 869-3741**

### Pípulagnir

Pipulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**RETTA- BOKHALDSÞJONUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**JD FLUTNINGAR.**
Flutningaþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki: vörufl.,búslóðafl.,sorpuf. og fl. S: 7868899 jdflutningar@jdflutningar.is

### Húsaviðhald

**HÚSFÉLÖG.**
Ástandsskoðun fasteigna
Framkvæmdaeftirlit
Ástandskoðun lagnakerfa
Rakavandamál
Verk og kostnaðaráætlun
**Þitt Val ehf**
**s 8448200**
**thittval@simnet.is**

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is




## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Atvinnuhúsnæði

**AUÐBREKKA TIL LEIGU:**
200-450 fm iðnaðarhúsnæði á 2. hæð.
Mjög bjart húsnæði og glæsilegt útsýni.
Gæti hentað vel fyrir listamenn.
Kr. 1.250 pr fm
**Nánar uppl. s. 840 3992**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**







**www.yaakovswell.net**
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah.
All the material is completely free. You may download it, copy it and give it away.
**www.yaakovswell.net**








# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Tilkynningar

# SKIPULAGSBREYTING

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi aksturs- og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi aksturs- og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni í Hafnarfirði skv. l. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr 123/2010.**

Í tillögunni er verið að bæta við og breyta núverandi byggingarreitum ásamt því að búa til nýja lóð eins og uppdráttur dags. 03.10.2018 gerir grein fyrir. Breytingartillagan er til sýnis hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá 22. mars – 17. maí 2019. Hægt er að skoða tillöguna á **hafnarfjordur.is**

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 17. maí 2019 eða á netfangið: **berglindg@hafnarfjordur.is**

Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

## Laxar Fiskeldi ehf. - Stöðvarstjóri (Bakki í Ölfusi)

intellecta

Laxar Fiskeldi óskar eftir að ráða stöðvarstjóra á Bakka í Ölfusi. Leitað er að skipulögðum og úrræðagóðum einstaklingi sem gerir skýrar væntingar til starfsmanna sinna, byggir upp traust og fær þá með sér. Æskilegt er að viðkomandi búi í innan við 15 mínútna fjarlægð frá stöðinni og geti hafið störf sem fyrst. Starfsemi stöðvarinnar er á vöktum.

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson **(thordur@intellecta.is)** og Thelma Kristín Kvaran **(thelma@intellecta.is)** í síma 512 1225 og einnig Jóhannes Sigurðsson framleiðslustjóri seiðaeldis í síma 837-5750.

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2019.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.intellecta.is**

## KAUPFÉLAG BORGFIRÐINGA - VERSLUNARSTJÓRAR

Kaupfélag Borgfirðinga leitar að verslunarstjórum í tvær stöður; verslunarstjóra í búrekstrardeild Kaupfélags Borgfirðinga í Borgarnesi og verslunarstjóra veitingastaðar Kaupfélags Borgfirðinga í Borgarnesi.

- **VERSLUNARSTJÓRI VEITINGASTAÐAR**
- **VERSLUNARSTJÓRI BÚREKSTRARDEILDAR**

Nánari upplýsingar veita:
Áslaug Kristinsdóttir,
**aslaug@hagvangur.is**
Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir,
**yrsa@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**
Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl nk.

## Reykjavíkurborg - Leiðtogi í upplýsingatækni

capacent

Reykjavíkurborg leitar því að öflugum og reynslumiklum leiðtoga í starf upplýsingatæknistjóra á nýju sviði þjónustu og nýsköpunar. Viðkomandi þarf að hafa skýra sýn á nútíma upplýsingatækni og hlutverk hennar sem lykileiningar í stafrænni umbreytingu Reykjavíkurborgar.

**Upplýsingar og umsókn**
**capacent.com/s/13155**

## FlyOver Iceland - Stjórnandi gestaupplifunar

capacent

FlyOver Iceland leitar að öflugum stjórnanda til að hafa umsjón með gestaupplifun fyrirtækisins.

**Upplýsingar og umsókn**
**capacent.com/s/13164**

## Héraðsdómur Reykjavíkur - Mannauðs- og rekstrarstjóri

capacent

Héraðsdómur Reykjavíkur óskar eftir að ráða mannauðs- og rekstrarstjóra til starfa. Mannauðs- og rekstrarstjóri vinnur að stefnumótun og áætlanagerð í samstarfi við dómstjóra. Viðkomandi hefur yfirumsjón með daglegum rekstri og leiðir starfið á skrifstofu dómstólsins.

**Upplýsingar og umsókn**
**capacent.com/s/13161**




# Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

## Merkisatburðir

**1888** Enska knattspyrnudeildin stofnuð.

**1895** Fyrsta kvikmyndasýning sögunnar fer fram í París þegar bræðurnir Auguste og Louis Lumière sýna áhorfendum í fyrsta sinn kvikmynd. Sýningin var einungis fyrir boðsgesti.

**1939** Lúðrasveit Vestmannaeyja stofnuð af Oddgeiri Kristjánssyni.

**1945** Arababandalagið stofnað.

**1948** Atómstöðin, skáldsaga Halldórs Laxness kemur út og selst upp samdægurs.

**1972** Geirfugladrangur vestur af Eldey hrynur og kemur aðeins upp úr á fjöru en var áður um tíu metra hár.

**1974** Bandaríkjaþing samþykkir stjórnarskrárbreytingu sem kveður á um jafnrétti kynjanna.



**Aðalleikararnir í Eins og skepnan deyr, Edda Heiðrún og Þröstur Leó.** MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

**1986** Kvikmyndin Eins og skepnan deyr eftir Hilmar Oddsson er frumsýnd í Reykjavík.

**1993** Intel setur fyrsta Pentium-örgjörvann á markað.

**1995** Valerij Poljakov snýr aftur til jarðar eftir að hafa dvalið 438 daga í geimnum.

**1996** Göran Persson verður forsætisráðherra Svíþjóðar.

**1997** Íslenska heimildarmyndin Íslands þúsund ár eftir **Erlend Sveinsson** er frumsýnd.





**„Ég vil styrkja og efla þessa stofnun eins og mér frekast er unnt," segir Hrefna Róbertsdóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Minni Íslands og sögunnar

**Hrefna Róbertsdóttir, doktor í sagnfræði, var nýlega skipuð í embætti þjóðskjalavarðar. Hún hefur áður starfað á safninu og kann vel við sig innan um skjöl og bækur.**

Ég var nú bara að taka við í síðustu viku og er aðallega að kynna mér málin," segir hinn nýi þjóðskjalavörður Hrefna Róbertsdóttir. „En ég er ekki alveg ókunnug því að ég er búin að vera sviðsstjóri hér innan húss. Það er samt mikil starfsemi og stefnumótun sem ég þarf að skoða. Ég vil styrkja og efla þessa stofnun eins og mér frekast er unnt."

Hrefna segir Þjóðskjalasafnið ótvírætt eina af mikilvægustu grunnstofnunum ríkisins. „Hér er minni Íslands og sögunnar," segir hún og bendir á að safnið geymi stærsta safn frumheimilda um sögu og þróun byggðar og mannlífs í landinu. Því sé það sá grunnur sem rannsóknir, stjórnsýsla og mannréttindi á Íslandi byggi á. „Hér eru skjöl um réttindamál borgaranna, það eru einkunnir, barnaverndarmál, eignarréttindi og alls konar mál sem eru geymd hér með tryggum hætti. Þriðji armurinn er svo í raun leiðbeiningar og eftirlit með skjalahaldi opinberra aðila og þar erum við að takast á við nýja hluti eins og rafræn skil. Við erum með gögn frá miðöldum á skinnskjölum, svo sem Reykholtsmáldaga, allt til nútíma gagnagrunna yfir virðisaukaskatt."

### Fróðleikur um feril Hrefnu

Hrefna lauk doktorsprófi í sagnfræði frá Háskólanum í Lundi árið 2008. Hún var áður sviðsstjóri á Þjóðskjalasafni Íslands. Áður starfaði hún hjá Þjóðminjasafni Íslands. Hún var áður safnvörður við Árbæjarsafn, settur borgarminjavörður og kennari við sagnfræðideild HÍ. Hefur komið að ritstjórn og útgáfu fjölmargra ritverka og setið í framkvæmdastjórn Þjóðskjalasafnsins frá árinu 2009. Auk þess er hún núverandi forseti Sögufélagsins og var áður formaður Sagnfræðingafélag Íslands, svo nokkuð sé nefnt.

*Ljóst er að starfsemi Þjóðskjalasafns er umfangsmikil. En taka ekki gögnin samt æ minna pláss eftir að tölvurnar komu til sögunnar?*

„Jú, í framtíðinni verður það þannig. En það er svolítið í land með það því það er mikið af pappírsgögnum enn úti í stofnunum, sem ekki hefur enn verið gengið frá. Við verðum að taka við pappírsskjölum einhver ár í viðbót."

Spurð hvort hún þurfi að sækja þau, eða reka á eftir að þeim sé skilað inn, svarar Hrefna: „Við sem störfum hér berum í raun ábyrgð á að allir opinberir aðilar skili hingað gögnum sínum. Hér eru skjalaverðir sem veita fólki ráðgjöf og gera áætlanir með því um skil."

Hrefna segir hafa gengið vel að vinna með öllum ráðuneytunum, þau skili gögnum samkvæmt ákveðnum áætlunum, aðrar stofnanir séu kannski komnar styttra. „En eftir hrun var tekið vel á skjalahaldi opinberra aðila og það er búið að setja reglur sem auðvelda þeim frágang."

gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristjana Sæunn Ólafsdóttir**
Sævargörðum 14, Seltjarnarnesi,

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans laugardaginn 16. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þann 27. mars kl. 15.00.

**Kristján Jónsson**
**Ólafur Jón Kristjánsson** **Kristín Davíðsdóttir**
**Hafdís Kristjánsdóttir** **Jón Jónsson**
**Guðbjörg Ruth Kristjánsdóttir** **Birgir Rafn Ásgeirsson**
**Kristín Sif Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Aðalbjarnardóttir**
Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 19. mars. Útför auglýst síðar.

**Þorgerður Jónsdóttir** **Steingrímur Þórðarson**
**Viðar Hrafn Steingrímsson** **Lena Karen Sveinsdóttir**
**Sigrún Steingrímsdóttir** **Nikulás Árni Sigfússon**
**og barnabarnabörn.**

# Bára Tómasdóttir – kona ársins

Bandalag kvenna í Reykjavík valdi nýlega Báru Tómasdóttur konu ársins fyrir framlag hennar í baráttu gegn ofnotkun róandi lyfja. Bára er móðir Einars Darra Óskarssonar sem lést í maí í fyrra eftir neyslu slíkra lyfja. Í kjölfarið stofnaði hún minningarsjóð um son sinn og setti forvarnarátakið Ég á bara eitt líf á laggirnar með það að leiðarljósi að varpa ljósi á fíkniefnavandann á Íslandi.

„Bára er baráttukona og hefur frá andláti sonar síns haft það að markmiði að fræða unga sem aldna um skaðsemi róandi lyfja og heldur fræðslufundi um málefnið um land allt," segir Fanney Úlfljótsdóttir, formaður BKR. „Það er ófært að ungmenni deyi vegna notkunar lyfja. Fræðsla um skaðsemi þessara efna þarf að vera hluti af skólagöngu barna og unglinga og við megum ekki sofna á verðinum," segir hún.

Hvatningarviðurkenningu BRB hlutu Píeta samtökin, þau sinna forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og styðja sömuleiðis við aðstandendur. – gun




**Fanney, formaður BKR, ásamt Báru og dætrum hennar, Andreu og Anítu.**

# SAMSUNG

## QuickDrive™

## BYLTING Í ÞVOTTATÍMA

Ný tækni, þvær betur á helmingi styttri tíma.




**Þvottavél/Þurrkari**
**Q DRIVE.**
8 KG. Þvotti og 5 KG. Þurrkun
1400 SN. Eco Bubble.
Sambyggð þvottavél og þurrkari.
Þvær og þurrkar á 3 tímum
og öllu stýrt frá símanum.
**Verð 159.900,-**

**Þvottavél**
**Q DRIVE.**
8 KG. 1400 SN.
Eco Bubble. „Add wash"
Orkunýting **A+++**
10 ára ábyrgð á mótor.
Hægt að stilla allt í símanum.
**Verð 139.900,-**

**Þurrkari**
**Q DRIVE.**
Barkalaus. 8 KG. 1400 SN.
Orkunýting **A+++.**
„Air wash"
81 mín. þurrktími í hraðþurrkun.
Hægt að stilla allt í símanum.
**Verð 139.900,-**

**Þvottavél**
**Q DRIVE.**
9 KG. 1400 SN.
Eco Bubble. „Add wash"
Styttir þvottatíma um nær helming.
Ný og bætt hugsun í ullarþvotti.
Hægt að stilla allt í símanum.
**Verð 119.900,-**

## SAMSUNG Q-Rator í símanum

Með Q-Rator tækninni stjórnarðu þvottaforskriftunum með appi í símanum.



Ný tækni, Quick-Drive þar sem tromlubakið snýst á móti tromlusnúningnum og eykur vatnsflæðið til muna. (Þessi vél þvær með báðum höndum.)

Með Eco Bubble tækninni blandast þvottaefni og vatn saman undir loftþrýstingi og myndar froðu sem smýgur hraðar inn í þvottinn og skilar sama þvottaárangri á lægra hitastigi.



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15**

ormsson

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON **Greiðslukjör**
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 2 | 8 |
| Ísafjörður | -2 | 6 |
| Akureyri | 0 | 12 |
| Egilsstaðir | 3 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | 2 | 16 |
| Hveravellir | -4 | 16 |

Suðvestan og sunnan 8-15 m/s og él, en víða léttskýjað á norðausturhorninu. Gengur í norðaustan 18-23 með slyddu eða snjókomu SA-til í nótt, en síðar einnig norðanlands með snjókomu og stórhríð á köflum. Norðvestan 20-28 austan til á landinu upp úr hádegi, en annars hægari vestan- og norðvestanátt og snjókoma eða él á köflum. Hiti í kringum frostmark að deginum.

## Laugardagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1 | 3 |
| Ísafjörður | -4 | 8 |
| Akureyri | 0 | 3 |
| Egilsstaðir | 0 | 6 |
| Kirkjubæjarkl | -2 | 4 |
| Hveravellir | -8 | 6 |

## Sunnudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 0 | 7 |
| Ísafjörður | -4 | 4 |
| Akureyri | -1 | 1 |
| Egilsstaðir | -1 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 2 | 6 |
| Hveravellir | -4 | 5 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 2 | | 9 | | 7 | 1 |
| 4 | | | 7 | | 8 | 9 | 5 | |
| | 5 | | 6 | | 4 | | | |
| | | 6 | | | 1 | | 3 | |
| | 2 | | | | | | | |
| 8 | 4 | 7 | | 6 | | | | 5 |
| | | | 9 | | 6 | 3 | 1 | 7 |
| | | 4 | | 7 | | 8 | | |
| 9 | | | 8 | 2 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 9 | | 4 | | 3 |
| | | 9 | 3 | 8 | | 6 | 7 | |
| 5 | 7 | | 6 | | | 3 | | 1 |
| 6 | | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | | 4 | |
| | | | 9 | | | | | |
| 1 | 3 | 5 | | 2 | 4 | | | 9 |
| | 9 | | | 5 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 3 | 9 | 2 | |
| 5 | 7 | | | | | 8 | | |
| | | | 1 | 2 | | | | |
| | | 5 | | | 9 | | | |
| | | 4 | | 7 | | | | 2 |
| 6 | | | | | | 3 | | |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| 3 | 5 | | | | 8 | | 6 | |
| 9 | | | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 gáleysi
5 samtök
6 í röð
8 ávíta
10 ekki
11 borg
12 að lokum
13 ríki í sv-asíu
15 málmur
17 snjóhrúga

**LÓÐRÉTT**
1 smyrsl
2 höfðýr
3 spil
4 annáll
7 bræðingur
9 skokka
12 gljáhúð
14 stígandi
16 hvort

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1** vangá, **5** así, **6** rs, **8** snubba, **10** ei, **11** róm, **12** loks, **13** írak, **15** nikkel, **17** skafl.
**LÓÐRÉTT:** **1** vaselín, **2** asni, **3** níu, **4** árbók, **7** samsull, **9** brokka, **12** lakk, **14** rís, **16** ef.

## Skák Gunnar Björnsson

Magnús Örn Úlfarsson (2.358), Skákfélaginu Hugin, átti leik gegn Jóni L. Árnasyni (2.429), Víkingaklúbbnum á Íslandsmóti skákfélaga.

**Hvítur á leik**



**40. Be8+! Kxe8 41. Dxg6+** og hvítur vann skömmu síðar. Skákþing Norðlendinga hefst í kvöld og mótaröð Laufásborgar hefst á morgun.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 9 | 5 | 7 |
| 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | 4 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 6 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 6 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 7 | 8 | 5 |
| 5 | 8 | 2 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 3 | 8 | 2 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 2 | 6 |
| 8 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 9 | 1 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 4 | 7 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 2 | 6 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 |
| 3 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 3 | 5 | 1 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

### Vill gleði í baráttuna



Sársaukinn dofnar ekki, segir **Einar Þór Jónsson,** nýr formaður Geðhjálpar, sem missti bróður sinn sem fyrirfór sér fyrir ellefu árum. Hann segir frá uppvextinum í Bolungarvík, móðurmissi og hvernig kerfið brást bróður hans og áfallinu við að greinast með HIV. Einar Þór berst á fleiri vígstöðvum því eiginmaður hans og besti vinur, Stig, er þungt haldinn af Alzheimer.

### Sigrar hatrið Evrópu?

Framlag Íslands í Eurovision í Ísrael í maí næstkomandi hefur valdið talsverðu fjaðrafoki. **Viktor Orri Valgarðsson** stjórnmálafræðingur og finnski Eurovision-sérfræðingurinn **Thomas Lundin** fara yfir öll þau skipti sem Eurovision hefur farið frá því að vera fjörug fjölskylduskemmtun yfir í háalvarlega pólitík.

### Tískuiðnaðurinn að breytast



**Anita Hirlekar** fatahönnuður kynnir nýja vetrarlínu sína á HönnunarMars og fyrirsæturnar verða á öllum aldri og með fjölbreyttan bakgrunn. Anita býr í Reykjavík en vinnustofan er í heimabænum, Akureyri.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**

ÁSKORUN FRÁ JARÐARVINUM

# STUND ÞAGNAR OG AÐGERÐARLEYSIS ER LIÐIN

Við létum Gallup kanna afstöðu Íslendinga til nýrra langreyðaveiða/hvalveiða nú í febrúar/marz 2019. Áður létum við gera sams konar könnun í maí 2018.

- **Ef þeir, sem enga afstöðu tóku, eru ekki reiknaðir með, voru 58% landsmanna hlynnt hvalveiðum og 42% andvíg í maí 2018. Nú, 9 mánuðum seinna, eru 50% hlynnt og 50% andvíg. Þeim sem andvígir eru, hefur fjölgað um 8%!**
- **Af konum eru nú 42% hlynntar veiðum, en 58% andvígar**
- **Af öllum aðspurðum á aldrinum 18-54 ára eru nú 43% hlynnt og 57% andvíg**
- **Af háskólagengnu fólki eru nú 40% hlynnt og 60% andvíg**
- **Af íbúum Reykjavíkur eru 36% hlynntir hvalveiðum en 64% andvígir þeim.**

Það er því ljóst, að myndast hefur öflug og vaxandi alda gegn hvalveiðum síðustu mánuði, og, að veiðar ganga þvert gegn vilja helmings þjóðarinnar.
Eins er greinilegt, að yngri kynslóðirnar, sem landið og jörðina eiga að erfa, svo og konur á öllum aldri, menntafólk og Reykvíkingar eru í yfirgnæfandi mæli andvíg þessum hræðilegu og efnahagslega tilgangslausu og skemmandi veiðum, sem auk þess varpa dimmum og ljótum skugga á merkið okkar allra, ÍSLAND, um allan heim.
Það er mikið gleðiefni að sjá, að SKOÐUN Íslendinga - ekki sízt unga fólksins - hefur ört þróast í átt að vaxandi dýra-, náttúru- og umhverfisvernd, enda eiga þau að taka við jörðinni - þessari einu, sem við eigum - sem núverandi og fyrri kynslóðir hafa gengið á, eyðilagt, spillt og að hluta til tortímt með óskiljanlegu skilningsleysi, sjálfselsku og virðingarleysi fyrir lífi og hagsmunum eigin barna og afkomenda.
Sunnudaginn 24. marz n.k., kl. 12:00, verður haldinn fundur á Austurvelli til að mótmæla nýju gjörræði valdaklíku landsins, sem vill heimila Kristjáni Loftssyni - sem virðist haldinn þráhyggju og veiðifirru - að drepa 2.130 hvali næstu fimm árin. En veiðiskýrslur vísindamanna sýna, að a.m.k. 350 þessara dýra verða sprengd og tætt í sundur, án þess að drepast strax, og þannig kvalin til dauða með heiftarlegum hætti og skelfilegu kvalræði.

ÞAÐ ER EKKI NÓG AÐ HAFA GÓÐA SKOÐUN. NÚ ER TÍMI TIL KOMINN AÐ STANDA VIÐ HANA OG LÁTA TIL SÍN TAKA! LÁTUM EKKI VALDAKLÍKU LANDSINS VAÐA YFIR OKKUR LENGUR!

# MÆTUM ÖLL Á AUSTURVÖLL!

**JARÐARVINIR**
Ole Anton Bieltvedt,
formaður




Jón hefur mikið að segja, í löngu máli, vandamálið er að hann á erfitt með að finna skoðunum sviðsrænan farveg, segir í dómnum. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

# Þegar stórt er spurt …

**LEIKHÚS**

**Súper**
★★★☆☆
**Jón Gnarr**
**Þjóðleikhúsið**

**Leikstjórn:** Benedikt Erlingsson
**Leikarar:** Arnmundur Ernst Backman, Snæfríður Ingvarsdóttir, Sólveig Arnarsdóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Jón Gnarr, Edda Björgvinsdóttir og Eggert Þorleifsson
**Leikmynd:** Gretar Reynisson
**Búningar:** Filippía I. Elísdóttir
**Lýsing:** Jóhann Friðrik Ágústsson
**Hljóðmynd:** Aron Þór Arnarsson

Íslenskt þjóðfélag er að ganga í gegnum stórkostlega umbreytingartíma. Framvarðarsveit fortíðarinnar heldur fast í stjórntaumana og ný kynslóð krefst áheyrnar. En er í raun hægt að skafa rotskemmdirnar í burtu eða eru Íslendingar dæmdir til að spóla í sömu hjólförunum? Kjötiðnaðarfarsinn Súper eftir Jón Gnarr var frumsýndur síðastliðinn laugardag í Kassa Þjóðleikhússins í leikstjórn Benedikts Erlingssonar. Súper er tilraun til að sviðsetja og rannsaka samfélag knúið áfram af kapítalisma, órum um eigið persónulega ágæti, þjóðernishyggju og hræsni.

Grunnhugmynd leikritsins er bæði spennandi og brýn, eins og áður segir. Þörf er á að íslenskt þjóðfélag fari í mikla sjálfskoðun hvað varðar neysluhyggju, samfélagslega uppbyggingu og mannleg samskipti. Jón hefur mikið að segja, í löngu máli, vandamálið er að hann á erfitt með að finna sínum skoðunum sviðsrænan farveg. Hann býr til skondnar persónur, rammar þær inn í súrrealískar kringumstæður og skrifar síðan texta, en lítið fer fyrir samtölum persóna á milli eða framvindu. Persónurnar tala hver til annarrar og ávarpa áhorfendur en eru alltaf á fjarlægri bylgjulengd, endurtaka sömu hlutina og breytast lítið.

Sviðsmynd Gretars Reynissonar er fremur frábær, þar sem sviðið í Kassanum er upphækkað og rammað inn með þykkum iðnaðarplasttjöldum. Benedikt sér til þess að sýningin hringsólar um kjötborðið, sem stendur líkt og altari fyrir miðju í versluninni Súper, þar sem kjöt snýst um fólk. Réttara væri kannski að segja þar sem fólk snýst um kjöt.

Fyrstu persónur á svið eru Einar og Guðrún, leikin af Arnmundi Ernst og Snæfríði Ingvarsdóttur, ungt fólk sem á framtíðina fyrir sér en er mikið í mun að gera allt rétt og sinna sínum staðalbundnu kynjahlutverkum af skilvirkni. Arnmundur Ernst hefur ekki mikið sést á sviði nýlega en sýnir að af hæfileikum hefur hann nóg og finnur tragíkómíkina í hinum ógeðfellda Einari. Snæfríður er að stíga framfaraskref og tekur listrænar áhættur sem ekki hafa sést áður í hennar leik. Gallinn er að drifkraftur persónanna er of einfaldur til að smíða heildstæða karaktersköpun, en bæði gera þau sitt besta.

Einstæðingarnir Elín og Hannes, leikin af Vigdísi Hrefnu Pálsdóttur og Hallgrími Ólafssyni, eru á öndverðum meiði hvað varðar mannleg samskipti. En þrá þó bæði að fá menn inn í líf sitt, hún ungan ókunnugan fola og hann að endurheimta föður sinn. Vigdís Hrefna finnur húmorinn í hinni svipbrigðalausu Elínu en brandararnir falla stundum flatir því að karakterinn er ekki nægilega vel skrifaður. Sömuleiðis finnur Hallgrímur sakleysi og einlægni Hannesar fallegan farveg. En persónuhvörf þeirra beggja undir lokin koma sem þruma úr heiðskíru lofti, þegar undirbyggingin í textanum er lítil þá eiga leikararnir erfitt með að leysa slíkar breytingar farsællega.

Útistandandi eru síðan starfsmenn verslunarinnar, Agnieszka, leikin af Sólveigu Arnarsdóttur, og Kristján, leikinn af Jóni Gnarr. Agnieszka, líkt og margir aðrir Íslendingar af erlendum uppruna, fær aldrei að vera virkur þátttakandi í sýningunni. Kannski er þetta viljandi gert til að sýna fram á fáránleika þess að halda fólki fyrir utan samfélagið en virkar illa í stóra samhengi verksins. Hinir miklu hæfileikar Sólveigar eru þannig vannýttir í Súper. Á meðan situr Kristján eins og spámaður fyrir miðju sviðsins og messar yfir lýðnum. Það er kómískt að horfa upp á Jón leika hræsnina og afneitunina sem fyrirfinnst í Kristjáni en eins og með aðrar persónur verksins þá er aldrei kafað djúpt eða persónuleiki þeirra krufinn.

Í verkum líkt og Súper þar sem persónur tala í ræðuformi er nauðsynlegt fyrir leikarana að hlusta vel. Eggert Þorleifsson er meistari þessarar listar á sviði. Þegar bóndahjónin úr sveitinni, leikin af honum og Eddu Björgvinsdóttur, skakklappast inn á sviðið tekur sýningin loksins einhverjum breytingum. Samleikur þeirra er virkilega fínn og skemmtilega dempaður sem er erfitt að gera þegar aðstæðurnar eru í súrrealískari kantinum. Þau leika textann líkt og harmleik, þannig skilar ískaldur húmorinn sér þráðbeint til áhorfenda.

Leikgervadeildinni, sem er stjórnað af Valdísi Karen Smáradóttur og Tinnu Ingimarsdóttur, verður einnig að hrósa. Karakterarnir eru vindbarðir, ofurbrúnir og undarlegir til fara. Samansuða af íslensku samfélagi sem er ekki með sjálfsmyndina í lagi. Filippía Elísdóttir hefur átt betri daga hvað varðar búningahönnunina sem skortir skýra heildarmynd.

Benedikt Erlingsson, sem er gífurlega hæfur leikstjóri, reynir að spenna verkið út með ýmsum leiðum s.s. að vísa stöðugt í óljósan ytri heim verksins og ýta undir endurtekningarnar í textanum. En lausnirnar ná aldrei að leysa galla textans sem eru of margir og grundvallast á því að textaflaumurinn yfirkeyrir alla framvindu. Sýningin verður þannig frásögn ekki framsetning á framvindu.

Því skal fagna að Þjóðleikhúsið sé með nýtt íslenskt leikrit á fjölunum, vonandi fer þeim að fjölga. Spurningarnar sem Jón varpar í gegnum Súper eiga vel við á þessum síðustu og stormasömu tímum. En tilraunir til að svara þessum stóru spurningum rista ekki djúpt. Benedikt gerir margt ágætt til að kveikja líf undir Súper en slíkt er þrautin þyngri þegar textinn passar illa á svið. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Mild háðsádeila sem nær aldrei að hrista upp í staðalímyndum samfélagsins.


30
ÁRA
2018
Flísabúðin
Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af hágæða flísum
Finndu okkur
á facebook
Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

# Selma Björnsdóttir leikstýrir ástföngnum Shakespeare

Leikritið Shakespeare verður ástfanginn (Shakespeare in Love) verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í október. Aron Már Ólafsson (Aron Mola) mun fara með hlutverk hins unga leikskálds Williams Shakespeare og Lára Jóhanna Jónsdóttir leikur konuna sem hann elskar, Víólu de Lesseps. Kristján Þórður Hrafnsson þýðir verkið, en nýjasta þýðing hans er Ríkharður III eftir William Shakespeare.

Fjöldi leikara og tónlistarmanna tekur þátt í sýningunni, en um er að ræða stórsýningu þar sem horfið er aftur til Elísabetartímans í umgjörð og búningum.

Shakespeare verður ástfanginn er rómantískur gamanleikur þar sem spunnið er frjálslega út frá ævi leikskáldsins Williams Shakespeare. Shakespeare er ungt skáld sem reynir að fóta sig í hinu róstusama leikhúslífi Lundúnaborgar á Elísabetartímanum. Hann glímir við að skrifa nýtt leikrit, sem síðar verður Rómeó og Júlía, en óttast að hann hafi glatað skáldgáfunni. Aðalsmeyna Víólu de Lesseps dreymir um að verða leikari, á tímum þar sem samfélagið leyfir einungis karlmönnum að stíga á svið. Shakespeare verður yfir sig ástfanginn af þessari skarpgreindu og listhneigðu ungu konu, og ástin fyllir hann andagift á ný. En elskendurnir lifa á viðsjálum tímum þar sem stéttaskipting er mikil, valdabaráttan harðvítug og stutt er í að sverðin fari á loft.

Leikritið Shakespeare verður ástfanginn var frumsýnt á West End árið 2014 og naut mikilla vinsælda. Verkið er byggt á kvikmyndahandriti eftir Marc Norman og Tom Stoppard en kvikmyndin Shakespeare in Love var frumsýnd árið 1998 og hlaut sjö Óskarsverðlaun, meðal annars sem besta kvikmynd ársins og fyrir besta handrit og Gwyneth Paltrow og Judi Dench fengu verðlaun fyrir leik sinn. – **kb**



**Selma Björnsdóttir mun leikstýra leikritinu Shakespeare verður ástfanginn sem sýnt verður í Þjóðleikhúsinu seinna á þessu ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Þjóðleikhúsið

551 1200 • leikhusid.is



### Ronja Ræningjadóttir

**Stóra sviðið**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 24.03 | kl. 13:00 U | Sun 14.04 | kl. 13:00 U | Sun. 12.05 | kl 13:00 U | Sun 26.05 | kl. 13:00 Ö |
| Sun 24.03 | kl. 16:00 U | Sun 14.04 | kl. 16:00 U | Sun. 12.05 | kl. 16:00 U | Sun 2.06 | kl. 13:00 Au |
| Sun 31.03 | kl. 13:00 U | Sun 28.04 | kl 13:00 U | Lau 18.05 | kl. 13:00 Au | Lau 8.06 | kl. 13:00 Au |
| Sun 31.03 | kl. 16:00 U | Sun 28.04 | kl. 16:00 U | Lau 18.05 | kl. 16:00 Au | | |
| Sun 07.04 | kl. 13:00 U | Sun 05.05 | kl. 13:00 U | Sun. 19.05 | kl. 13:00 Ö | | |
| Sun 07.04 | kl. 16:00 U | Sun 05.05 | kl. 16:00 U | Sun. 19.05 | kl. 16:00 Ö | | |



### Einræðisherrann

**Stóra sviðið**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau.23.03 | kl 19:30 U | Fös. 05.04 | kl 19:30 U | Lau 04.05 | kl. 19:30 |
| Fös. 29.03 | kl 19:30 U | Lau 13.04 | kl. 19:30 Ö | | |



### Jónsmessunæturdraumur

**Stóra sviðið**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 22.03 | kl. 19:30 U | Lau. 06.04 | kl. 19:30 Ö | Fös 03.05 | kl. 19:30 |
| Lau. 30.03 | kl 19:30 U | Fös. 12.04 | kl 19:30 U | | |



### Þitt eigið leikrit

**Kúlan**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 23.03 | kl 15:00 U | Fös 29.03 | kl. 18 Au | Fös 05.04 | Kl. 18:00 Au | Lau 13.04 | kl. 17:00 |
| Lau 23.03 | Kl. 17:00 U | Lau. 30.03 | kl 15:00 U | Lau 06.04 | kl. 15:00 U | Sun 28.04 | Kl. 17:00 |
| Sun. 24.03 | kl 15:00 U | Sun 31.03 | kl. 15:00 U | Sun 07.04 | kl. 15:00 U | | |
| Sun. 24.03 | kl 17:00 U | Sun.31.03 | kl 17:00 U | Sun 07.04 | Kl. 17:00 Au | | |



### Súper

**Kassinn**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 22.03 | kl. 19:30 U | Lau. 30.03 | kl. 19:30 U | Lau 06.04 | kl. 19:30 Ö | Fös. 12.04 | kl. 19:30 U |
| Mið 27.03 | kl. 19:30 U | Mið. 03.04 | kl. 19:30 U | Mið 10.04 | kl. 19:30 Ö | | |
| Fim. 28.03 | kl. 19:30 U | Fim.04.04 | kl. 19:30 U | Fim 11.04 | kl. 19:30 Ö | | |



### Loddarinn

**Stóra sviðið**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau27.04 | kl. 19:30 U | Fim 02.05 | kl. 19:30 U | Lau 11.05 | kl. 19:30 U |
| Þri 30.04 | kl. 19:30 U | Fös 10.05 | kl. 19:30 U | Fös 17.05 | kl. 19:30 U |




### Brúðkaup Fígarós

**Stóra sviðið**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 07.09 | kl. 19:30 Ö | Fös 20.09 | kl. 19:30 | Lau 28.09 | kl. 19:30 |
| Sun 15.09 | kl. 19:30 | Lau 21.09 | kl. 19:30 | Lau 05.10 | kl. 19:30 |



### Mið-Ísland

**Leikhúskjallarinn**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 22.03 | kl. 19:30 Ö | Lau 23.03 | Kl. 22:00 U | Fös 29.03 | Kl. 22:00 Ö |
| Fös 22.03 | Kl. 22:00 U | Fim 28.03 | kl. 21:00 | Lau 30.03 | kl. 19:30 |
| Lau 23.03 | kl. 19:30 Ö | Fös 29.03 | kl. 19:30 U | Lau 30.03 | Kl. 22:00 |



### Improv

**Leikhúskjallarinn**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Mið 27.03 | kl. 20:00 | Mið 03.04 | kl. 20:00 | Mið 10.04 | kl. 20:00 |



### Dimmalimm

**Brúðuloftið**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 23.03 | Kl. 14.00 U | Lau 30.03 | Kl. 14.00 Ö | Lau 06.04 | Kl. 14.00 |

## Borgarleikhúsið

568 8000 • borgarleikhus.is



### Matthildur

**Stóra sviðið**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 22.03 | Kl 19:00 U | Mið 03.04 | Kl 19:00 U | Sun 14.04 | Kl 19:00 U | Þri 30.04 | Kl 19:00 U |
| Lau 23.03 | Kl 19:00 U | Fös 05.04 | Kl 19:00 U | Þri 16.04 | Kl 19:00 U | Fim 02.05 | Kl 19:00 U |
| Sun 24.03 | Kl 19:00 U | Sun 07.04 | Kl 19:00 U | Mið 24.04 | Kl 19:00 U | Mið 08.05 | Kl 19:00 Ö |
| Mið 27.03 | Kl 19:00 U | Mið 10.04 | Kl 19:00 U | Fim 25.04 | Kl 19:00 U | Fim 09.05 | Kl 19:00 U |
| Fim 28.03 | Kl 19:00 U | Fös 12.04 | Kl 19:00 U | Fös 26.04 | Kl 19:00 U | Mið 15.05 | Kl 19:00 Ö |
| Sun 31.03 | Kl 19:00 U | Lau 13.04 | Kl 13:00 U | Sun 28.04 | Kl 19:00 U | Fim 16.05 | Kl 19:00 Ö |



### Elly

**Stóra sviðið**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 30.03 | Kl. 20:00 U | Lau 27.04 | Kl. 20:00 Ö | Fös 17.05 | Kl. 20:00 Ö | Lau 08.06 | Kl. 20:00 Ö |
| Lau 06.04 | Kl. 20:00 U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 Ö | Fös 24.05 | Kl. 20:00 Ö | Lau 15.06 | Kl. 20:00 ÖL |
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 U | Sun 12.05 | Kl. 20:00 Ö | Fös 31.05 | Kl. 20:00 Ö | | |



### Ríkharður III

**Stóra sviðið**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 29.03 | Kl. 20:00 U | Fim 04.04 | Kl. 20:00 Ö | Fim 11.04 | Kl. 20:00 ÖL |



### Kvenfólk

**Nýja sviðið**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 23.03 | Kl. 20:00 U | Sun 30.03 | Kl. 20:00 Ö | Lau 06.04 | Kl. 20:00 Ö |



### Kæra Jelena

**Litla sviðið**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl. 20:00 U | Þrið 24.04 | Kl. 20:00 U | Sun 28.04 | Kl. 20:00 U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 U |
| Sun 14.04 | Kl. 20:00 U | Mið 25.04 | Kl. 20:00 U | Fim 02.05 | Kl. 20:00 U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Þri 16.04 | Kl. 20:00 U | Fim 26.04 | Kl. 20:00 U | Fös 03.05 | Kl. 20:00 U | | |



### Club Romantica

**Nýja sviðið**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 22.03 | Kl. 20:00 U | Fim 28.03 | Kl. 20:00 Ö | Föös 05.04 | Kl. 20:00 Ö |



### Bæng!

**Nýja sviðið**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 26.04 | Kl. 20:00 U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 U | Fim 23.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Sun 26.04 | Kl. 20:00 U | Fim 09.05 | Kl. 20:00 U | Sun 23.05 | Kl. 20:00 U |
| Fös 03.05 | Kl. 20:00 U | Fim 16.05 | Kl. 20:00 U | Fim 30.05 | Kl. 20:00 Ö |



### Kvöldvaka með Jóni Gnarr

**Litla sviðið**

| | |
|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 U |



### Allt sem er frábært

**Litla sviðið**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 04.05 | Kl. 20:00 Ö | Fim 09.05 | Kl. 20:00 Ö | Lau 11.05 | Kl. 20:00 |

## Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

### 22. MARS 2019



**Hvað?** Ebba Guðný fjallar um heilsu og næringu ungbarna
**Hvenær?** 14-15
**Hvar?** Borgarbókasafnið | Menningarhús Kringlunni
Á fjölskyldustundinni sem haldin verður í Borgarbókasafninu í Kringlunni í dag, föstudaginn 22. mars, kl. 14 heldur Ebba Guðný Guðmundsdóttir heilsukokkur fræðsluerindi um heilsu og næringu ungbarna. Þar fer hún yfir mikilvæg atriði sem gott er að hafa í huga þegar byrjað er að gefa litlu barni að borða og öll fjölskyldan mun njóta góðs af. Gert er ráð fyrir að yngstu gestirnir geti verið með í spjallinu eða leikið sér á leikteppi. Heitt verður á könnunni. Viðburðurinn er ókeypis og öllum opinn.

**Hvað?** Fyrirlestur – Börn sem muna fyrra líf
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífspekifélagið, Ingólfsstræti 22
Dr. Erlendur Haraldsson, prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands, heldur fyrirlesturinn sem er opinn öllum áhugasömum.



**Rokkið lifir á Hard Rock í kvöld.**

**Hvað?** Tekið til í skúrnum – Rokkið lifir!
**Hvenær?** 21-01
**Hvar?** Hard Rock Cafe, Lækjargötu 2a
Þrjár „fullorðins“ bílskúrshljómsveitir taka til í skúrnum eftir veturinn og rokka endanna á milli. Pönk, blús og popp fær að fjúka með. Hljómsveitirnar sem koma fram eru Sverrisson Hotel, Gunk og Toivoton Keis. Íslenska rokkvorið hefst í Hard Rock! Aðeins kostar þúsundkall inn og ágóði rennur til hjálparstarfs Rauða krossins.





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Birds of Passage (ICE SUB) 17:30
Mug // Twarz (ICE SUB) 17:30
Free Solo (ENGLISH - NO SUB) 18:00
*Taiwan Film Festival - Sérverð 800 kr*
*Cape No. 7 (ENG SUB) + Q&A 19:30*

FÖSTUDAGSPARTÍSÝNING
Four Weddings and a Funeral 20:00
Capernaum (ENG SUB) 20:00
Mug // Twarz (ENG SUB) 22:30
Taka 5 // Take 5 (ENG SUB) 22:30
Brakland (DANISH W/ENG SUB) 22:30






## GRAN CANARIA 26. mars í **7 nætur**



### Roque Nublo Apartamentos

Frá kr. **77.545**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting

Flugsæti eingöngu frá kr. 39.950

## GRAN CANARIA 26. mars í **18 nætur**



### Roque Nublo Apartamentos

Frá kr. **144.900**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting

Flugsæti eingöngu frá kr. 39.950

## GRAN CANARIA 2. apríl í **11 nætur**



### Jardin del Atlantico

Frá kr. **95.725**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting,

Flugsæti eingöngu frá kr. 39.950

## GRAN CANARIA 13. apríl í **12 nætur**



### Apartments Lara PÁSKAFERÐ

Frá kr. **119.995**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting,

Flugsæti báðar leiðir frá kr. 99.900

## TENERIFE 27. mars í **7 nætur**



### Castle Harbour

Frá kr. **117.195**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting,

Flugsæti eingöngu frá kr. 79.900

## TENERIFE 3. apríl í **11 nætur**



### Apartments Paradero

Frá kr. **99.995**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting,

Flugsæti báðar leiðir frá kr. 44.950

## TENERIFE 8. maí í **7 nætur**



### Castle Harbour

Frá kr. **92.495**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting,

Flugsæti eingöngu frá kr. 69.900

## TENERIFE 15. maí í **7 nætur**



### Coral Los Alisios

Frá kr. **98.595**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting,

Flugsæti eingöngu frá kr. 69.900

595 1000 • *Bókaðu þína ferð á* heimsferdir.is

Heimsferðir

# DAGSKRÁ

# Föstudagur





**Undankeppni EM karla 2020**

í kvöld kl 19.45

Bein útsending frá leik Andorra og Íslands í undankeppni EM karla í fótbolta.

RÚV okkar allra


## RÚV SJÓNVARP

**13.00** **Útsvar 2013-2014 Fjarðabyggð - Norðurþing**
**14.00** **92 á stöðinni**
**14.25** **Séra Brown**
**15.10** **Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni Baldvin Z.**
**15.35** **Í saumana á Shakespeare** Í þessum þætti fjallar Kim Cattrall um Anton og Kleópötru.
**16.40** **Fjörskyldan** Fjölskyldu- og skemmtiþáttur í umsjón Jóns Jónssonar þar sem hann fær til sín hressar fjölskyldur sem etja kappi í bráðfyndnum spurningaleikjum og þrautum. Dagskrárgerð. Rúnar Freyr Gíslason. Upptökustjórn. Þór Freysson. e.
**17.25** **Landinn 17. mars**
**17.55** **Táknmálsfréttir**
**18.05** **KrakkaRÚV**
**18.06** **Hvergidrengir**
**18.30** **Sögur - Stuttmyndir Hakkaraleitin** Höfundur: Kristján Kári Ólafsson. Leikstjórn: Hafsteinn Vilhelmsson. Framleiðsla: Gunnar Ingi Jones og Hafsteinn Vilhelmsson. Myndataka og klipping: Magnús Atli Magnússon. Hljóðupptaka: Jón Þór Helgason, Markús Hjaltason og Hjörtur Svavarsson. Hljóðsetning: Óskar Eyvindur Arason. Lýsing: Sigurður Grétar Kristjánsson. Grafík: Arna Rún Gústafsdóttir. Persónur og leikendur : Ólafur: Jóhannes Ólafsson, Íris: Lára Theódóra Kristjánsdóttir, Tobbi: Lúkas Emil Johansen, sviðsmaður: Leifur Hauksson.
**18.35** **Krakkafréttir vikunnar**
**19.00** **Fréttir og veður**
**19.15** **Andorra - Ísland Undankeppni EM karla í fótbolta 2020** Bein útsending frá leik Andorra og Íslands í undankeppni EM karla fótbolta.
**22.10** **Norrænir bíódagar. Drápið** Dönsk kvikmynd frá 2005 um menntaskólakennarann Carsten sem á í leynilegu ástarsambandi við fyrrverandi nemanda sinn, Pil, sem er vinstrisinnaður aðgerðasinni. Þegar hún er hneppt í gæsluvarðhald fyrir að hafa orðið lögreglumanni að bana ákveður Carsten að skilja við eiginkonu sína og styðja við bakið á Pil. En smám saman finnur hann fyrir aukinni sektarkennd sem hann á erfitt með að leiða hjá sér. Leikstjóri: Per Fly. Aðalhlutverk: Jesper Christensen, Pernilla August og Beate Bille. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.55** **Reykjavík-Rotterdam** Íslensk bíómynd frá 2008. Öryggisvörður sem áður hafði fengist við smygl lendir í fjárhagserfiðleikum og tekur upp fyrri iðju. Leikstjóri er Óskar Jónasson og meðal leikenda eru Baltasar Kormákur, Ingvar Eggert Sigurðsson, Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Theodór Júlíusson, Þröstur Leó Gunnarsson, Jörundur Ragnarsson og Jóhannes Haukur Jóhannesson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.
**01.15** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** **The Players Championship**
**13.00** **Golfing World**
**13.50** **Valspar Championship**
**17.35** **Inside the PGA Tour**
**18.00** **Valspar Championship** Bein útsending frá Valspar Championship á PGA mótaröðinni.
**22.00** **Golfing World**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **Dr. Phil**
**08.45** **The Tonight Show**
**09.30** **The Late Late Show.**
**10.15** **Síminn + Spotify**
**12.00** **Everybody Loves Raymond**
**12.20** **The King of Queens**
**12.40** **How I Met Your Mother**
**13.05** **Dr. Phil**
**13.45** **Family Guy**
**14.10** **The Bachelor**
**15.00** **Ally McBeal**
**16.00** **Malcolm in the Middle**
**16.20** **Everybody Loves Raymond**
**16.45** **The King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **The Tonight Show**
**19.00** **Younger**
**19.30** **The Voice US**
**21.00** **The Bachelor**
**22.30** **The Numbers Station**
**00.00** **The Tonight Show**
**00.45** **NCIS**
**01.30** **NCIS. New Orleans**
**02.15** **The Walking Dead**
**03.00** **The Messengers**
**03.45** **Billions**
**04.45** **Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45** **Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50** **Morgunvaktin**
**07.00** **Fréttir**
**07.30** **Fréttayfirlit**
**08.00** **Morgunfréttir**
**08.30** **Fréttayfirlit**
**09.00** **Fréttir**
**09.05** **Í ljósi sögunnar**
**09.45** **Morgunleikfimi**
**10.00** **Fréttir**
**10.03** **Veðurfregnir**
**10.13** **Óskastundin**
**11.00** **Fréttir**
**11.03** **Mannlegi þátturinn**
**12.00** **Fréttir**
**12.02** **Hádegisútvarp**
**12.20** **Hádegisfréttir**
**12.40** **Veðurfregnir**
**12.50** **Dánarfregnir**
**12.55** **Samfélagið**
**14.00** **Fréttir**
**14.03** **Brot af eilífðinni Dinah Shore**
**15.00** **Fréttir**
**15.03** **Sögur af landiÁst**
**16.00** **Síðdegisfréttir**
**16.05** **Grár köttur**
**17.00** **Fréttir**
**17.03** **Lestarklefinn**
**18.00** **Spegillinn**
**18.30** **Brot úr Morgunvaktinni**
**18.50** **Veðurfregnir**
**18.53** **Dánarfregnir**
**19.00** **Flugur** Söngvar um aldur og tímaskeið
**19.47** **Hitaveitan** Stjörnubjartur himinn yfir Jazzlandi
**20.35** **Mannlegi þátturinn**
**21.30** **Kvöldsagan. Plágan**
**22.00** **Fréttir**
**22.05** **Veðurfregnir**
**22.10** **Passíusálmar**
**22.15** **Samfélagið**
**23.05** **Lestarklefinn**
**00.00** **Fréttir**
**00.05** **Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.40** **Dressmaker**
**12.40** **Emma's Chance**
**14.15** **Trumbo**
**16.20** **Dressmaker**
**18.20** **Emma's Chance**
**19.55** **Trumbo**
**22.00** **Pitch Perfect 3**
**23.35** **Proud Mary**
**01.05** **Sacrifice**
**02.35** **Pitch Perfect 3**

## STÖÐ 2

**07.00** **Blíða og Blær**
**07.25** **Friends**
**07.45** **Gilmore Girls**
**08.30** **Brother vs. Brother**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Restaurant Startup**
**10.20** **Splitting Up Together**
**10.45** **The Night Shift**
**11.25** **Deception**
**12.10** **Feðgar á ferð**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Næturvaktin**
**13.25** **Næturvaktin**
**13.55** **Absolutely Anything**
**15.20** **Game Change**
**17.20** **The Goldbergs**
**17.45** **Bold and the Beautiful**
**18.05** **Nágrannar**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Sportpakkinn**
**19.20** **Veður**
**19.25** **Evrópski draumurinn**
**20.00** **Robo-Dog**
**21.30** **Game Night**
**23.10** **Jumanji. Welcome to the Jungle**
**01.05** **The Vanishing of Sidney Hall**
**03.05** **Happy Death Day**
**04.40** **Absolutely Anything**

## STÖÐ 3

**19.10** **The Last Man on Earth**
**19.35** **Two and a Half Men**
**20.00** **Seinfeld**
**20.25** **Friends**
**20.50** **Angie Tribeca**
**21.15** **The Simpsons**
**21.40** **Bob's Burgers**
**22.05** **American Dad**
**22.30** **Game of Thrones**
**23.25** **Luck**
**00.15** **The Last Man on Earth**
**00.40** **Two and a Half Men**
**01.05** **Seinfeld**
**01.30** **Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.05** **Watford - Crystal Palace**
**08.45** **Wolves - Manchester United**
**10.25** **Swansea - Manchester City**
**12.05** **Ensku bikarmörkin**
**12.35** **Undankeppni EM**
**14.15** **Undankeppni EM**
**15.55** **Undankeppni EM**
**17.35** **Undankeppni EM - Mörkin**
**17.50** **Dominos deild karla - 8 liða úrslit**
**19.30** **Domino's-deild karla** Bein útsending frá leik í 8 liða úrslitum
**22.10** **Domino's körfuboltakvöld**
**23.00** **Útsending frá leik Andorra og Íslands í Undankeppni EM**
**00.40** **Útsending frá leik Moldóvu og Frakklands í Undankeppni EM**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.20** **SPAL - Roma**
**09.00** **AC Milan - Inter**
**10.40** **Ítölsku mörkin**
**11.10** **Bournemouth - Newcastle**
**12.50** **Premier League Review**
**13.45** **Domino's-deild karla - 8 liða úrslit**
**15.25** **Premier League World**
**15.55** **Úrvalsdeildin í pílukasti**
**18.45** **1 á 1**
**19.35** **Undankeppni EM 2020** Bein útsending frá leik Englands og Tékklands
**21.45** **Undankeppni EM - Mörkin**
**22.00** **UFC Now**
**22.50** **UFC Fight Night. Edwards vs Nelson**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





föstudaga kl 9.05

Vera Illugadóttir fer með þig í ferðalag í tíma og rúmi í þessum vinsæla útvarpsþætti þar sem málefni líðandi stundar eru skoðuð í ljósi sögunnar.

RÁS 1 fyrir forvitna



TÓNLISTAR- OG DVD
MARKAÐURINN
VIÐ LAUGARDALSVÖLL
OPNAR
KL. 11 Í DAG
MIKIÐ ÚRVAL
FRÁBÆR TILBOÐ!
ÞÚSUNDIR TITLA Á CD, VINYL OG DVD
OPIÐ FRÁ KL. 11 – 19 ALLA DAGA
INNGANGUR VIÐ SUÐURENDA AÐALSTÚKU LAUGARDALSVALLAR

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Ný yfirhöfn fyrir vorið

Þó að veðrið síðustu daga hafi ekki verið upp á sitt besta, þá er samt gott að huga að nokkrum flíkum fyrir vorið. Það er alltaf gaman að fá sér nýja yfirhöfn, því hún mun koma að góðum notum í sumar.

Það þarf alls ekki að endurnýja fataskápinn þegar vorar, þó að maður sé kominn með mikinn leiða á þykkustu vetrarkápunum. En ef þú vilt fjárfesta í einhverju nýju þá er yfirhöfn góður kostur og verður hún mikið notuð. Flíkur eins og dragtarjakkinn, rykfrakkinn eða regnkápan munu fylgja þér fram á haust. Glamour hefur hér tekið saman nokkrar flíkur sem verða vinsælar í sumar. edda@frettabladid.is



Góður gallajakki endist þér lengi og verður flottari með tímanum. NORDICPHOTOS/GETTY



Dragtarjakki passar við allt og þegar hlýnar er flott að nota hann yfir stuttermabol við gallabuxur. NORDICPHOTOS/GETTY



Rykfrakkinn er flík sem þú munt nota aftur og aftur. Taktu þinn aðeins of stóran og leitaðu jafnvel í herradeildinni. NORDICPHOTOS/GETTY



Allir Íslendingar verða að eiga regnkápu. Fáðu þér kápu sem passar við allt. NORDICPHOTOS/GETTY



Gallajakki frá Carhartt WIP og fæst í Galleri 17. Kostar 21.995 kr.



H&M Studio, 14.995 kr.



66°NORTH x Ganni. 45.000 kr.



Praktíski jakkinn er flík sem þú getur tekið með hvert sem er, í ferðalagið og í vinnuna. NORDICPHOTOS/GETTY



Zara, 10.995 kr.



Rykfrakki frá Won Hundred og kostar 59.990 kr. Fæst í Húrra Reykjavík.

# VERKFALL

## Hótelstarfsfólk og rútubílstjórar
## innan Eflingar leggja niður störf í dag

**Við krefjumst réttlætis.**

**Við viljum geta lifað af laununum okkar.**

**Sýnum samstöðu**

**– virðum verkfallið og göngum ekki í störf annarra.**

Atvinnurekendur: Virðið lög um stéttarfélög og vinnudeilur.

EFLING
STÉTTARFÉLAG



# Bitist um fyrsta hamborgarann

**Þótt allt sé á suðupunkti, verkföll yfirvofandi, loðnan horfin og Austurvöllur orðinn að hugmyndafræðilegu átakasvæði missir fólk ekki alveg sjónar á stóru málunum eins og sást á Facebook-þrætum í vikunni um hvar og hvenær fyrstu hamborgararnir voru seldir á Íslandi.**

Tómas Tómasson, helsti hamborgarafrömuður landsins, sagði einhvern tíma í viðtali að góður hamborgari væri eins og spennumynd og víst er að þeir geta magnað upp heitar tilfinningar og mikinn hasar.

Lætin byrjuðu á Facebook eftir að fullyrt var í þættinum Um land allt á Stöð 2 að Staðarskáli í Hrútafirði hefði fyrstur byrjað að selja hér hamborgara sumarið 1960. Þetta var snarlega hrakið á Facebook þar sem hver ruddist um annan þveran með gúgli og uppflettingum á Tímarit.is.

Myndlistarmaðurinn Jón Óskar var einn þeirra sem brugðust snarlega við þættinum með þessari fullyrðingu á Facebook: „Hvaða bull er þetta á Stöð 2! Fyrsti hamborgarinn í Hrútafirði?! Fyrsti hamborgarinn var seldur á Strandveginum í Vestmannaeyjum. Maður fékk sama meðlæti og var á pulsum milli tveggja fransbrauðsneiða. Eyjamenn sigldu um öll heimsins höf og komu með allar nýjungar sem skiptu máli! Og gera enn.“

## Grillaður á augabragði

„Það er skrýtið hvernig svona mál rjúka upp og allir hafa miklar meiningar um þetta,“ segir Jón Óskar sem var snarlega gerður afturreka með Eyjakenningu sína á eigin Facebook-þræði. „Ég sé það núna að það er búið að finna einhvern hamborgarastað frá 1941 í Reykjavík þannig að ég kolféll á þessu prófi. Það komu svo einhverjir með fleiri ábendingar þannig að ég dró mig bara í hlé.“

Finna má heimildir um hamborgara í Reykjavík í prentmiðlum upp úr miðjum sjötta áratugnum þannig að Hrútafjarðarkenningin er kolfallin. „Ég sá í sjónvarpsfréttum að þeir þykjast eiga þetta sem samfellda sölu síðan 1960 þannig að það eru heilmiklar æfingar í kringum þetta og allir með sínar meiningar,“ segir Jón Óskar og hlær.



ÞÓRSBAR

Hamborgari m/kart. kr. 10.
Bacon m. eggi kr. 20,00.
Opið kl. 8—11,30.
Þórsgötu 14.

Þórsbar auglýsti alvöru hamborgara með eggi og beikoni í Vísi 1957.



**HVAÐA BULL ER ÞETTA Á STÖÐ 2! FYRSTI HAMBORGARINN Í HRÚTAFIRÐI?!**

## Lostæti í Eyjum

„En ég man þegar ég fékk þetta fyrst í Eyjum. Ætli ég hafi ekki verið svona tíu ára. Þar var þetta bara selt í svona venjulegri sjoppu sko, sem seldi aðallega pulsur og sígarettur og svo voru þeir með þetta, hamborgara, sem ég hafði bara aldrei heyrt um. Mér fannst þetta algert lostæti.

Þeir settu bara það sama og var á pulsunum og það er mjög skrýtin samsetning vegna þess að það er bara eins og þú sért að borða pulsu með hamborgarakjöti. Maður getur enn þá fengið þetta í Eyjum,“ segir Jón Óskar en bætir við að franskbrauðssneiðarnar hafi vikið fyrir hefðbundnum hamborgarabrauðum.

thorarinn@frettabladid.is



ÍS-drykkir
Ís-réttir
Hamborgarar
Skinka & Egg
Heitar pylsur
Mjólk
Kaffi
Öl, Gosdrykkir
Sælgæti
Tóbaksvörur
o. fl.

ÍSBORG - Austurstræti

Auglýsing frá Ísborg í Austurstræti í Mánudagsblaðinu í febrúar 1957.






Kynntu þér málið á veitur.is og á Facebook

VEITUR








Ungu Píratarnir Gamithra Marga, Sophia Kistenmacher, Hjalti Björn Hrafnkelsson, Sigmundur Jónsson og Vignir Árnason gera sig klár fyrir flatbökuveisluna sem þau ætla að efna til í loftslagsverkfallinu á Austurvelli í dag.

# Ungir Píratar með pizzukrók á móti bragði

Fregnir af tilraunum einhverra skólastjórnenda til þess að letja skólabörn frá þátttöku í loftslagsverkfalli síðustu viku með flatbökum varð til þess að Ungir Píratar ákváðu að koma með krók á móti því bragði með því að gefa pizzur í mótmælum dagsins. Vegan að sjálfsögðu.

Ungir Píratar hafa lýst miklum vonbrigðum með „viðbrögð skólayfirvalda í þeim skólum sem hafa valið það að gefa börnum og unglingum pizzur í stað þess að hvetja þau til lýðræðisþátttöku og gagnrýninnar hugsunar“, eins og þeir orða það.

Hjalti Björn Hrafnkelsson, gjaldkeri Ungra Pírata, segir þeim hafa borist fregnir af því að í einhverjum skólum hafi verið reynt að letja krakkana. „Bæði með því að segja þeim að þetta muni ekki breyta neinu og skipti engu máli. Og síðan fréttist af því að skólastjórnendur hefðu eitthvað verið að gefa krökkum pizzur í hádeginu gegn því að mæta ekki í mótmælin og taka þátt í loftslagsverkföllunum.“

Hjalti Björn furðar sig mjög á þessu og telur meðal annars augljóst að fái þetta staðist hafi viðkomandi skólastjórnendur farið þvert gegn menntastefnu Reykjavíkurborgar og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. „Þar er skýrt talað um rétt barna til þess að koma saman, mótmæla og taka pólitíska afstöðu,“ segir Hjalti Björn við Fréttablaðið.

„Persónulega finnst mér þetta stórfurðulegt þar sem ég tel náttúrlega að í lýðræðisríki, sem við erum nú, ætti grunnforsenda skólastarfs að vera að börn fræðist um lýðræðið. Þetta er ekkert annað en óhefðbundin pólitísk þátttaka í lýðræðinu, að taka þátt í mótmælum og verkföllum.“

Hjalti Björn segir Unga Pírata hafa ákveðið að bregðast við með því að gefa mótmælendum pizzur á meðan birgðir endast, milli klukkan 12 og 13, í mótmælum dagsins á Austurvelli.

### Umhverfisvænar flatbökur

„Við ætlum að gefa pizzur aðallega til að undirstrika hversu fáránlegt þetta er en síðan er líka bara gaman að gefa fólki mat. Með þessu viljum við líka lýsa yfir stuðningi við loftslagsverkfall LÍS, SÍF og Ungra umhverfissinna og hvetjum jafnframt skólana til þess að endurskoða afstöðu sína.“



Hjalti Björn varð vegan eftir að hann vann veðmál um að hann gæti haldið lífsstílinn út í viku. „Síðan fórum við á KFC og ég gat ekki klárað matinn minn og varð bara vegan eftir það. Út af loftslagsmálum.“

**PERSÓNULEGA FINNST MÉR ÞETTA STÓRFURÐULEGT ÞAR SEM ÉG TEL NÁTTÚRLEGA AÐ Í LÝÐRÆÐISRÍKI, SEM VIÐ ERUM NÚ, ÆTTI GRUNNFORSENDA SKÓLASTARFS AÐ VERA AÐ BÖRN FRÆÐIST UM LÝÐRÆÐIÐ.**

Pizzurnar sem Píratarnir bjóða upp á eru vitaskuld vegan og grænmetis í takt við tilefni mótmælanna. „Þriðjungur af pizzunum sem verða í boði er vegan og restin er grænmetispizzur,“ segir Hjalti Björn. „Og ef fólk langar í ost þá fær hann að vera með í þetta skipti. Mjólkurosturinn sleppur grænmetismegin en það er ekkert kjötálegg.“

Hjalti Björn segir aðspurður að Píratarnir sjái sér ekki fært að baka pizzurnar sjálfir. Í það minnsta ekki að þessu sinni. „Nei, við pöntum þær í þetta skipti. Það hefði nú verið gaman að baka þær sjálf en við sáum ekki fram á að við gætum það, en við skellum kannski svuntunum bara á okkur næst. Það er aldrei að vita.“

### Kraftmiklir krakkar

Hjalti Björn segir mikla þátttöku unga fólksins í loftslagsverkfallinu fyrir viku sýna að æska landsins sé full af orku sem glæði vonina um bjartari framtíð. „Ég vinn í félagsmiðstöð þar sem við erum meðal annars að virkja krakkana til gagnrýninnar hugsunar og þátttöku í stjórnmálum og það er bara rosalega skemmtilegt að sjá allan þennan áhuga sem er að vakna hjá þeim. Það er líka bara svo gaman að sjá alla þessa krakka sem láta sig þetta ótrúlega mikilvæga mál varða og ég vona bara að þau verði enn fleiri í dag en síðast.“

Hjalti Björn segir einnig ánægjulega áberandi hversu duglegir krakkarnir eru að kynna sér málin og leggja mikið á sig til þess að afla sér upplýsinga sjálf. „Það er náttúrlega grunnstefna hjá okkur Pírötum að fólk beiti gagnrýnni hugsun, að það hafi aðgang að upplýsingum og nýti sér þær.

Þetta er rosalega valdeflandi og mér finnst bara mjög leiðinlegt að sjá að einhverjir skólastjórnendur taki þessu ekki fagnandi. Þannig að við vonum að þessi aðgerð okkar veki einhverja athygli og fái fólk aðeins til að hugsa um hversu sorglegt það er ef skólar eru að múta börnum með pizzum til þess að taka ekki virkan þátt í lýðræðislegu samfélagi.“ **thorarinn@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


LEGGJUM
UPP LEIKINN
KFC
2.490 kr.
10 Original
kjúklingaleggir
KFC

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Maríu Bjarnadóttur



# Flóttafólk

Ég hef ekki gert vísindalega rannsókn á þessu en ég held að fólkið sem skrifar viðbjóð um útlendinga í íslenska kommentakerfið þekki engan sem hefur þurft að flýja heimaland sitt. Þegar hælisleitandinn er skólasystir barnanna eða umsækjandinn um alþjóðlegu verndina er samstarfsmaður frænda, verða til tengsl sem minna okkur á að þó þau séu flóttafólk eru þau fólk; alveg eins og við hin. Þau verða þá ekki bara hluti af andlitslausri tölfræði um brottvísanir og endursendingar, heldur hluti af samfélaginu okkar. Þá kemur kerfið okkar við okkur sjálf, ekki bara þau. Það getur verið óþægileg tilfinning.

Það er fullt af umsækjendum um alþjóðlega vernd á Íslandi sem við kynnumst aldrei. Sögur þeirra eru kannski svæsnar, brosin ekki blíð. Fólk flýr heimaland sitt af ólíkum ástæðum. Sum vegna styrjalda sem við á Íslandi höfum mótmælt eða stutt, önnur vegna loftslagsbreytinganna sem börnin okkar mótmæla. Þau eiga það þó sameiginlegt að hafa dreymt um aðra framtíð en flóttamennsku.

Samstaða með flóttafólki á Íslandi á til að litast af því hversu vel viðkomandi passar inn í ímynd okkar um duglega flóttamanninn. Það er auðvelt að standa með notalega leikskólakennaranum, en við þurfum líka að veita athygli unga manninum með sundurtættu sálina sem aldrei verður virkur á vinnumarkaði. Þess vegna þurfa reglur að vera almennar og málsmeðferð fyrirsjáanleg. Svo allir eigi séns á vernd, ekki bara þau sem eiga fjölmiðlavæna sögu.

Svo hérna er almenn hvatning til Íslendinga; kynnist flóttafólki. Já, þetta á líka við ykkur í kommentakerfinu.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA
Kvikk ON THE GO

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
22. - 25. MARS
GILDIR Í VERSLUNUM OG NETVERSLUN
KÓÐI Í NETVERSLUN :2019
Lín DESIGN
SMÁRATORGI
KRINGLAN
GLERÁRTORGI
LINDESIGN.IS




AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT
STILLANLEGIR DAGAR

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING






DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

STILLANLEG RÚM – VERÐDÆMI
Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 569.800
Tilboð 427.350 kr.

Með Tempur Original eða Cloud heilsudýnu, 90 x 200 cm. Fullt verð: 384.900
Tilboð 288.675 kr.

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:
· Inndraganlegur botn
· Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
· Mótor þarfnast ekki viðhalds
· Tvíhert stálgrind undir botni
· Tveir nuddmótorar með tímarofa
· Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
· LED lýsing undir rúmi
· Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is
Betra BAK